



Procar-menn með nýja bílasölu eftir kílómetraskandal

8. NÓVEMBER 2019 / 45. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.



BYRLAÐ ÓLYFJAN Í PÓLLANDI



DRV

ÍSLENDINGAR Í KLÁMI



TEKINN Í SKJOLI NÆTUR

- Nýfætt barnabarn Guðbjargar tekið af móðurinni
- Amman fær ekki að taka barnið í fóstur
- „Við þráum að fá að hitta þetta litla grey“



Fólk finnur þörf fyrir að rífa mig niður

Manuela út fyrir þægindarammann



Margbrotin svikamylla Telmu

Fjöldi Íslendinga sitja eftir sárir



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Bilasmíðurinn hf. Bildshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmíðurinn.is - bilasmíðurinn@bilasmíðurinn.is





Fleyg orð

„Við búum öll yfir dálftilli geðveiki. Ef við töpum henni, verðum við að engu.“

– Robin Williams

Á þessum degi, 8. nóvember



1520 – Aftökur hófust í Stokkhólmsvígnum.



1879 – Hið íslenska fornleifafélag var stofnað.



1895 – Wilhelm Conrad Röntgen uppgötvaði röntgengeislana.



1949 – Fyrstu umferðarljós voru tekin í notkun á fjórum gatnamótum í miðbæ Reykjavíkur.



2016 – Donald Trump var kosinn forseti Bandaríkjanna.

Mál Rúmenanna til rannsókna hjá Evrópusambandinu

■ Fyrirverandi starfsmenn Manna í vinnu telja gróflega brotið á rétti sínum
■ Kvörtunin tæk til meðferðar samkvæmt reglum Evrópusambandsins

Erla Dóra
erladora@dv.is

Evrópusambandið mun taka mál yfir þrjátíu fyrirverandi starfsmanna starfsmannaleigunnar Menn í vinnu ehf. til skoðunar. Rúmenarnir leituðu til Evrópusambandsins vegna kjara þeirra hjá starfsmannaleigunni og halda því fram að íslensk yfirvöld hafi ekki tryggt þeim réttarfarsleg úrræði vegna umkvartana sinna.

Í sumar greindi DV frá því að fjöldi fyrirverandi starfsmanna Manna í vinnu sæti eftir með sárt ennið og upplifðu lítinn stuðning frá stéttarfélagi sínu, sem virtist aðeins starfa fyrir fjóra útvalda starfsmenn. Þeir sáu því engan annan kost en að leita á náðir alþjóðasamtaka. Í bréfi sem Valeriu Peptenatu fékk sent frá beiðnanefnd Evrópuþingsins segir:

„Hér með tilkynnist að beiðni þín hefur verið tekin fyrir af beiðnanefnd sem hefur komist að þeirri niðurstöðu að erindið sé tækt til meðferðar samkvæmt réttarfarsreglum Evrópuþingsins upp að því marki sem það heyrir til starfsemi Evrópusambandsins. [...] Framkvæmdastjórn Evrópu-ráðsins hefur verið beðin um að framkvæma frumrannsókn á málinu. Framkvæmdastjórn Evrópu mun taka beiðnina til meðferðar um leið og allar nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir.“

Alvarlegar ásakanir

Valeriu var einn þriggja sem skrifuðu undir beiðnina og kveðst fara fyrir hópi þrjátíu rúmenskra verkamanna sem störfuðu fyrir starfsmannaleiguna Menn í vinnu ehf. árið 2018. Þeir halda því fram að starfsmannaleigan og íslenska ríkið hafi brotið gegn réttindum þeirra, vinnurétti og persónuvernd. Enn fremur halda þeir því fram að þeir hafi orðið fyrir mismunun og misnotkun,



hafi ekki fengið greidda yfirvinnu og að menntun þeirra hafi ekki verið til launa. Að lokum telja þeir að íslensk yfirvöld hafi ekki tryggt réttindi þeirra nægilega með lagalegum og réttarfarslegum úrræðum.

Einn Rúmenanna þrjátíu hefur enn fremur lagt fram sjálfstæða kvörtun til Evrópuþingsins, en hann heldur því fram að maður á vegum starfsmannaleigunnar hafi gengið í skrokk á sér og íslensk yfirvöld hafi brugðist honum með því að rannsaka ekki þær ásakanir. Í bókun frá beiðnanefnd þegar erindi hans var tekið fyrir segir:

„Hann segir að allir ríkisborgarar Evrópusambandsins á Íslandi verði fyrir mismunun og fái aldrei greidd laun til jafns við Íslendinga.“

Á fjórða tug bíður

Menn í vinnu ehf. hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta. Samkvæmt heimildum DV mun Efling gera kröfu í þrotabúið vegna meintra vangreiddra launa fyrir hönd Valeriu og fleiri.

Valeriu segir slíka kröfu hafa átt að koma fram mikið fyrir, en



yfir ár er síðan þeir leituðu upphaflega til Eflingar. Þegar þeir leituðu þangað fyrst voru þeir starfsmenn, sem Efling hefur stefnt starfsmannaleigunni vegna, ekki einu sinni komnir til landsins. Valeriu fékk þær upplýsingar frá Eflingu í byrjun júní að mál hans væri komið inn á borð hjá lögmannsstofunni Rétti. Hins vegar gerðist ekkert í hans máli fyrr en hann fékk sent afrit af kröfubréfi



í september, en að því bréfi virðist Réttur ekki hafa haft neina aðkomu. Kröfubréfin voru send rétt áður en Menn í vinnu eh. fór í þrot og því mun Valeriu líklega þurfa að treysta á Ábyrgðasjóð launa til að fá kröfuna sína greidda, en sé hins vegar vafi um réttmæti kröfunnar þá gæti hann endað með að fá ekki neitt. Samkvæmt upplýsingum sem hann hefur fengið frá Eflingu getur tekið á annað ár að fá greitt frá Ábyrgðasjóðnum. Þetta þykir Valeriu ótækt og veltir fyrir sér hvers vegna látið var reyna á keðjuábyrgð varðandi fjóra starfsmenn sem höfðu aðeins unnið í tæpan mánuð hjá leigunni á meðan á fjórða tug Rúmena þurfa að bíða og bíða og nú að treysta á Ábyrgðasjóð launa. ■

5 sem gætu tekið við sem útvarpsstjóri RÚV

Umræðan um stöðu nýs útvarpsstjóra á RÚV hefur verið á vörum margra síðustu daga. Magnús Geir Þórðarson lætur af störfum eftir fimm ár á næsta ári og spyrja ýmsir sig hver arftakinn verði. Hér eru fimm tillögur.

Veitti forsetanum harða samkeppni

Þóra Arnórsdóttir hefur lengi verið talin á meðal betri fjölmiðlamanna landsins. Hún er með B.A.-gráðu í heimspeki frá Háskóla Íslands og M.A.-gráðu í alþjóðstjórnárum og þróunarhagfræði. Þóra bauð sig fram í forsetakosningunum 2012 og veitti Ólafi Ragnari harða keppni. Hæfnin liggur í augum uppi.



Þekkir vel til

Svanhildur Konráðsdóttir þekkir vel til á RÚV, en hún var sem kunnugt er dagskrárgerðarmaður þar um skeið, áður en hún varð forstöðumaður Höfuðborgarstofu og svíðsstjóri menningar- og ferðamála svíðs Reykjavíkur. Svanhildur hefur gegnt stöðu forstjóra Hörpu og myndi taka þessari áskorun með trompi og meira en það.

Vinnustaðaskipti?

Nokkuð hefur gastað um Ara Matthíasson í Þjóðleikhúsinu að undanförmu. Hann ættri þó að vera hæfur til að gegna stöðu útvarpsstjóra. Ari var framkvæmdastjóri Þjóðleikhússins árin 2010 til 2015, áður en hann gerðist Þjóðleikhússtjóri. Þá var hann framkvæmdastjóri SÁÁ á árunum 2006 til 2009 svo dæmi sé tekið. Hver veit nema þeir Magnús Geir hafi skipti á vinnutitlum?



Fjölhæfar mæðgur

Kristín Þorsteinsdóttir og Ólöf Skaftadóttir væru kjörnir kandidatar til að brjóta upp á formið og gegna báðar hlutverki útvarpsstjóra. Þar með yrðu tvö blöð brotin í sögu Íslands, þar sem ekki aðeins fyrsta konan yrði ráðin í stöðu útvarpsstjóra, heldur fyrstu mæðgurnar, sem samanlagðar búa að gífurlegri reynslu. Þær Kristín og Ólöf þekkja til útsendinga, ábyrgðarstarfa og fjölmiðlastarfa áreynsluáttar og hafa báðar gegnt störfum sem ritstjóri Fréttablaðsins, á sama tíma í þökkabót. Ólíklegri hlutir hafa gerst.

dekk



**Green Diamond
harðkornadekk**

eru **einu** umhverfisvænu
dekkinn á markaðnum!



Öruggasti valkosturinn
í stað nagladekkja*

[Björgunarfélagið Eyvindur á Flúðum notar
Green Diamond undir forgangsbifreið sína]



**LEITIÐ
TILBOÐA!**

Við höfum nú notað Green Diamond Harðkornadekk undir forgangsbifreið okkar í sjö ár. Dekkinn standast allar okkar kröfur s.s. um öryggi, mykt og endingu. Þau eru hljóðlát og ekki sjálfgæfð að dekk með þessa eiginleika séu á svo hagstæðu verði. Auk þess eru þau umhverfisvæn.

Borgbór Vignisson, formaður
Björgunarfélagsins Eyvindur, Flúðum.

UMHVERFISMÁLIN OG SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

Aukin sjálfbærni og betri loftgæði eru stærstu mál samtímans og varða okkur öll þar þurfum við öll að leggja okkar af mörkum. Þegar þú velur Green Diamond harðkornadekk stuðlar þú að bættum loftgæðum, endurvinnslu og sjálfbærni – Íslenskt hugvit og þróun.

Í Green Diamond heilsársdekkjum eru lónaðardemantar sem:

*www.hardkornadekk.is/pages/profanir-dekk

- stórauka veggrip í hálku
- má keyra á allt árið
- auka rásfestu
- valda hverfandi svifryki
- endast allan líftíma dekkisins

[Ath. lónaðardemantar eru ekki að finna í einum öðrum „korna“ dekkjum á Íslandi]

PANTIÐ Á:
panta@hardkornadekk.is
611 7799
www.hardkornadekk.is

Hver er hann?



■ Hann er fæddur 1976 og ólst upp í Hnífsdal.

■ Hann er menntaður í íslensku frá Háskóla Íslands.

■ Hann hefur unnið efni fyrir útvarp, gert lög fyrir kvikmyndir og er þekktastur fyrir textagerð sína.

■ Hann samdi lagið „Nostalgískur, panelklæddur bústaðaópus“

SVAR: BRAGI VALDIMAR SKULASON

Það er staðreynd að...



Humar er með blátt blóð.




Að kyssa einhvern í eina mínútu brennir um tveimur kaloríum.



Atlantshafslaxinn getur stökkið allt að 4,6 metra í loft upp.



Þeir sem dreymir oftar eru sagðir vera með hærri greindarvísitölu.



Engin skálduð persóna hefur fengið jafn mörg addáendabréf og Mikki mús.



Sopot í Póllandi. Ljósmynd/Wikipedia

Gunnþóru var byrðuð ólyfjan í Póllandi

Óhugnanleg reynsla í pólskum strandbæ ■ Hvetur fólk til að vera á varðbergi og passa hvað annað

Auður Ösp Guðmundsdóttir
auður@dv.is



Þetta hafði gríðarleg áhrif á sálina. Miklu meiri en mig hefði órað fyrir," segir íslensk kona á fimmtugsaldri sem byrðuð var ólyfjan á kokteilbar í Póllandi í síðasta mánuði. Hún lýsir eftirköstunum sem hrikalegum. Hún hvetur fólk til að vera á varðbergi á ferðalögum og passa upp á hvað annað.

Um miðjan síðasta mánuð fór Gunnþóra Kristín Ingvadóttir í ferðalag til Póllands ásamt foreldrum sínum og tveimur systurum ásamt mökum þeirra systra, en tilefnið var sjötugsafmæli móður Gunnþóru.

Hópurinn dvaldi í strandbænum Sopot sem er í rúmlega 20 mínútna akstursfjarlægð frá Gdansk. Að kvöldi 14. október fóru Gunnþóra og eiginmaður hennar ásamt systur hennar og mági á kokteilbar í bænum.

„Ef keypt var á barnum fóru mennirnir okkar og við sátum við borðið. Það var fátt fólk á staðnum, örugglega af því að þetta var mánudagskvöld. Síðan fóru þeir út af barnum og tóku smá göngu. Á meðan fór ég og keypti hvorn sinn „mojito“ fyrir okkur systurnar. Ég man eftir að hafa sest niður með drykkina og horft á mennina okkar úti um gluggann," segir Gunnþóra en hún man ekkert hvað gerðist eftir það. „Síðan vaknaði ég bara uppi á hóteliherbergi sirka 12 tímum síðar og mundi ekkert.“

Gunnþóra segir að eiginmað-

ur hennar og mágur hafi komið til baka á barinn eftir að hafa verið rúmlega 15 mínútur í burtu og fóru þeir með þær systur á hótelið þar sem hópurinn gisti.

„Þeir héldu hreinlega að við hefðum misst okkur í „skotum“ á meðan þeir voru í burtu. En svo var hreint ekki. Ég keypti hvorn sinn drykkinn fyrir okkur og ekki neitt meira. Dóttir mín hringdi í mig um kvöldið og ég man ekkert eftir því að hafa talað við hana. Hún þurfti að sýna mér það á símanum sínum svo að ég tryði því.“

Gunnþóra telur enga aðra skýringu á þessu en að barþjónninn sem afgreiddi þær stöllur hafi laumað einhverju í glösin enda hafi hann verið var sá eini fyrir utan þær sjálfar sem komst í snertingu við drykkina.

Húðin grá og augun tóm

Hún segist hafa þurft að glíma við eftirköst af þessu í marga daga á eftir. Nú, þremur vikum síðar, er hún loksins farin að líkjast sjálfri sér aftur.

„Ég er búin að vera ónýtt, ekkert þrek eða jafnvægi. Lítil lyst, mikil ógleði og massifar blóðnasir. Ég svaf mjög mikið en samt mjög illa, dreymdi ógeðslega drauma og hvíldist því lítið. Húðin var grá, augun tóm og lítið minni, ég man hreinlega ekki neitt. Mér er búið að líða vægast sagt ömurlega, bæði líkamlega og andlega.“

Hún bætir við að þetta óhugnanlega atvik hafi vakið hjá henni hræðslu sem hún sá ekki fyrir.

„Maður hefur alltaf hugsað;

„Mig óraði ekki fyrir því að maður gæti fengið svona óþverra með einhverju sem maður kaupir," segir Gunnþóra í samtali við DV



passa drykkinn sinn og að enginn komist í hann. Mig óraði ekki fyrir því að maður gæti fengið svona óþverra með einhverju sem maður kaupir.“

Hún hyggst þó ekki láta þetta atvik koma í veg fyrir að hún heimsæki Pólland aftur.

„Ég var að fara í fjórða skiptið til Póllands og á pottþétt eftir að fara aftur þangað, enda gæti barþjónninn alveg eins hafa verið

sænskur eða breskur. Ég fer bara aldrei á þennan bar aftur.“

Hún tekur undir að lyfjabyrlun sé algengari en fólk grunar, bæði hér heima og erlendis.

„„Fíflin“ eru alls staðar og því miður einskordast það ekki við eitt land. Þetta hefði alveg einstaka verið miðborg Reykjavíkur.“ ■

Brennluð nekt



Svarthöfði

Ein af vinsælustu fréttunum á DV í vikunni fjallaði um unga konu á samfélagsmiðli sem var kölluð hóra. Svarthöfði hefur tekið eftir þessari ungu konu áður, en hún virðist ætla að meika það á kynþokka. Eins og svo margir forfeður hennar.

Það hefur eitt angrað Svarthöfða í röksemdarfærslu ungu konunnar. Hún segir að nekt sé tabú og vill berjast gegn ritisköðun samfélagsmiðla á kvenlíkamanum og væntanlega gera nekt þá bara að eðlilegasta hlut í heimi.

Þessi röksemdarfærsla veldur Svarthöfða eilítum áhyggjum. Svarthöfði veltir nefnilega fyrir sér hvenær í ósköpunum nekt varð tabú á Íslandi. Í langan tíma, langt áður en unga konan tók sinn fyrsta andardrátt utan móðurkvíðar, hefur varla verið hægt að horfa á íslenskt sjónvarpsefni eða kvikmyndir án þess að einhver sé nakinn. Og oft eru margir naktir. Mannslíkamar í öllum stærðum og gerðum, ófilteraðir og stundum yfirlýstir. Íslendingar sturta sig líka naktir áður en þeir fara í sund. Sturta sig eftir líkamsrækt. Við ölumst upp við að vera nakin með öðrum af




sama kyni, sjá fjölbreytileikann í líkamsgerðum og kippa okkur ekkert sérstaklega upp við það.

Nú hefur greinilega orðið breyting á. Ungu kynslóðin lítur á nekt sem tabú, keppist um að selja kynþokka sinn og er hugsanlega

minna í því að sturta sig á almannafæri svo glansmyndin á samfélagsmiðlum brotni ekki í þúsund mola. Svarthöfða finnst þetta mikið áhyggjuefni. Þróun sem þarf að snúa við. Hvenær varð allt svona brennlað? ■

15 ÞÚSUND MIÐAR SELDIR



KARDEMOMMUBÆRINN

Bærinn sem kætir kynslóðir

ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR
AÐEINS ÖRFÁ SÆTI LAUS

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á LEIKHUSID.IS



MYND: EYÞÓR ÁRNASON

PROCAR-MENN REKA BÍLA-SÖLU Í LINDA HVERFINU

■ Blekktu kaupendur með breyttum kílómetramælum ■ Til rannsóknar hjá héraðssaksóknara

Erla Dóra
erladora@dv.is



Bílaeigan Carson hóf nýlega starfsemi í Akralind í Kópavogi. Að baki henni standa sömu aðilar og stóðu að baki bílaeigunni umdeildu Procar.

Uppljóstrun Kveiks

Fréttaskýringaþátturinn Kveikur upplýsti í febrúar um að bílaeigan Procar hefði átt við kílómetrastöðu notaðs bílaflota síns til að fá fyrir þá hærra söluverð. Dæmi voru um að kílómetrastaða hefði verið lækkuð um allt að 105 þúsund kílómetra. Gunnar Björn Gunnarsson, forstjóri Procar, afþakkaði viðtal við fréttamenn Kveiks en kvaðst ekkert kannast við að átt hefði verið við kílómetramæla. Gögn sem Kveikur hafði undir höndum bentu þó á hið gagnstæða þar sem aðgang-

ur Gunnars að tölvukerfi bílaeigunnar hafði verið notaður til að skrá lækkaða kílómetrastöðu. Einnig sýndu gögn fram á að annar starfsmaður Procar, Smári Hreiðarsson, hafi í tug tilfella hið minnsta breytt stöðu kílómetramæla.

Í kjölfar Kveikspáttarins gaf Procar frá sér yfirlýsingu þar sem beðist var afsökunar á hátterninu en sömuleiðis fullyrkt að fyrrverandi starfsmaður bæri ábyrgð á málinu og ekkert hefði verið átt við kílómetramæla síðan 2015. Einnig var fullyrkt að mælar hefðu aðeins verið niðurfærðir um 15 til 30 þúsund kílómetra. Í framhaldi af yfirlýsingunni fór Stundin yfir gögn tuttugu bíla Procar þar sem mælunum hafði verið breytt á árinu 2016 og komst að því að mælar voru jafnvel færðir niður um allt að 105 þúsund kílómetra. Yfirlýsing Procar var því í megindrátum röng.

Í kjölfar fréttarflutnings ákváðu nokkrir einstaklingar, sem höfðu keypt bifreiðar af Procar með niðurfærða kílómetramæla, að leita réttar síns.

Ný bílasala

Eigendur Procar eru Gunnar Björn Gunnarsson og Haraldur Sveinn Gunnarsson. Þeir eru nú skráðir eigendur að bílasölu sem hefur hafið starfsemi í Akralind í Kópavogi, Carson ehf. Ekki þurftu þeir að leita langt eftir framkvæmdastjóra, en það er áður nefndur Smári Hreiðarsson. Hann er jafnframt sölustjóri og prókúruhafi hjá félaginu.

Samkvæmt fyrirtækjaskrá var fyrirtækið Carson ehf. stofnað á árinu 2013. Þá var tilgangur félagsins innflutningur, heildsala og smásala á hjólbörðum og varahlutum í bifreiðar. Carson ehf. hafði í upprunalegri mynd hætt starfsemi, en samkvæmt árs-

reikningi fyrir árið 2017 var starfsemi engin á því ári. Í september á þessu ári barst Fyrirtækjaskrá þó aukatilkygning og ný samþykkt fyrir félagið. Þá höfðu átt sér stað eigendaskipti og skipuð ný stjórn. Nýr tilgangur félagsins er kaup og sala bifreiða, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.

Procar hélt leyfinu

Harðlega var gagnrýnt í júní að Samgöngustofa hafi ekki svipt Procar leyfi, þrátt fyrir að hafa blekktilvitnið sína með breytti kílómetrastöðu. Stóðu brotin yfir í minnst fimm ár. Héraðssaksóknari hefur nú málið til rannsóknar og þykir það mikið að umfangi. Í rökstuðningi Samgöngustofu fyrir ákvörðuninni er bent á greinarmun þess að leigja út bifreið og að selja þær. Samgöngustofa hafi ekki valdheimildir gagnvart bílasölu, en við bílasölu hafi brotin átt sér stað.

Það sé því lögreglunnar að rannsaka.

Hagnaður Procar var 200 milljónir á árunum 2015 og 2016 fyrir utan fjármagnsliði og rekstrartekjur 2,2 milljarðar árið 2016. Eignir leigunnar voru metnar á um milljarð í lok árs 2016 og nam þá eigið fé 23 milljónum.

Haraldur Sveinn og Fasteignafélag Austurlands

Annar eigenda Procar og Carson, Haraldur Sveinn, var einn stofnenda Fasteignafélags Austurlands ehf. Félagið fékk milljarð að láni frá Íbúðalánasjóði til uppbygginga á Austurlandi þrátt fyrir að eiginhlutafé félagsins væri langt undir því lágmarki sem reglur Íbúðalánasjóðs gerðu kröfu um. Þegar félagið var úrskurðað gjaldþrota árið 2011 sat Íbúðalánasjóður eftir með sárt ennið, 2,2 milljarða skuld og ósölvuðar íbúðir. ■

Húsfélagapjónusta

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ MÍNAR SÍÐUR
- ✓ Húsfélagafundir
- ✓ Þjónustusaga húss
- ✓ Önnur þjónusta

Leiðandi í hagkvæmni og rekstri húsfélaga

• EIGNAumsjón www.eignausmsjon.is
Suðurlandsbraut 30 • Sími 585 4800

JÓLATÓNLISTARHÁTÍÐ HALLGRÍMSKIRKJU 2019

THE HALLGRÍMSKIRKJA CHRISTMAS MUSIC FESTIVAL 2019

MESSÍAS

eftir HÄNDEL



LAUGARDAGINN 7. DES. KL. 18
SUNNUDAGINN 8. DES. KL. 16



Hörður Áskelsson



Tuomo Suni



Herdís Anna
Jónasdóttir



David Erler



Martin Vanberg



Jóhann Kristinsson

Hrífandi og hátíðleg jólastemning í fagurlega skreyttri kirkjunni!

Mótettukórinn, Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju og úrvalslíð einsöngvara flytja Messías eftir Georg Friedrich Händel undir stjórn Harðar Áskelssonar á aðventu í ár. Messías er eitt háleitasta og fegursta verk tónlistarsögunnar. Flutningur á Messíasi er hátíðarviðburður sem enginn tónlistarunnandi má láta fram hjá sér fara.

Flytjendur:

Mótettukór Hallgrímskirkju
Alþjóðlega barokksveitin
í Hallgrímskirkju

Stjórnandi :
Hörður Áskelsson

Konsertmeistari:
Tuomo Suni

Einsöngvarar:

Herdís Anna Jónasdóttir sópran

David Erler kontratenór

Martin Vanberg tenór

Jóhann Kristinsson bassi



Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju

midi.is



HALLGRÍMSKIRKJA



Suðurlandsbraut 14
2. hæð

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frijáls fjölmiðlun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Ritstjóri: Lilja Katrín Gunnarsdóttir
Prentun: Torg prentfélag Dreifing: Póstdreifing

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Næst í röðinni

Óléttir konu af erlendum uppruna er enn eitt skiptið vísað úr landi og almenn-ingur bregst við í takt við fyrri dag: Hvar er mannúðin? Hvar liggja mörk á milli siðferði lögreglunnar og tilskipana af færifandi? Í tilkynningu frá Útlendingastofnun segir að fordæmi séu fyrir því að fresta brottvísun ef hún stefnir öryggi viðkomandi í hættu. Í þessu tilviki hafi ekkert komið fram um að flutningur úr landi stefndi öryggi í hættu. Þetta stangast að vísu á við ráð Mæðraverndar, sem mælir gegn því að þungaðar konur í viðkvæmri stöðu fari í flug. Hagsmunir barnanna eru sjaldan settir í forgang í þessum tilfellum. Mannúðinni er sárlega ábótavant, sem er ef til vill nauðsyn þegar fólk í valdastöðum er einfaldlega að sinna sinni vinnu. Þar með dregst enn einn samanburðurinn við umdeilda stétt fólks í mannkynssögunni sem var eingöngu að hlýða skipunum. Það er ómurlegt að vera næstur í röðinni.

Lítt þekkt ættartengsl

Samskipti og svæfingar

Um fátt var meira talað í vikunni en stofnun nýs flugfélags sem hlotið hefur nafnið Play. Margt af fólkinu á bak við Play kemur úr rústum WOW air, til dæmis María Margrét Jóhannsdóttir. Hún var verkefnastjóri á samskiptasviði WOW en er nú samskiptastjóri Play. María er systir Helga Jóhannssonar, sérfræðings í svæfingalækningum, sem starfar í Lundúnum. Helgi hefur getið sér gott orð innan læknaheimsins og var til að mynda á lista dagblaðsins Evening Standard í fyrra yfir áhrifamestu einstaklingana í London árið 2018.



Play Air stefnir hátt

Arnar Már Magnússon, forstjóri nýja flugfélagsins Play, lék á als oddi á blaðamannafundi í vikunni.

Maðurinn og boltinn

Leiðari

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Við Íslendingar erum vanir því að sum mál blási upp, nái hámarki á degi tvö og séu svo gleymd og grafin á degi fjögur. Viðbrögð við sigri leikarans Atla Rafns Sigurðssonar gegn Borgarleikhúsinu í héraðsdómi er ágætis dæmi um það.

Upphófust miklar ritdeilur um dóminn, uppsögnina, #metoo hreyfinguna, rétt þolenda til að njóta nafnleyndar, sem og persónuárásir á milli tveggja, þjóðþektra kvenna. Önnur er komin af Rauðsokkum og kvenskörungum, hefur verið ein ástsælasta leikkona landsins síðan hún byrjaði að leika sem barn og skefur ekki af skoðunum sínum. Hin er aktivisti, baráttukona þolenda ofbeldis, skelegg og óhrædd.

Báðar höfðu þær mikið til síns máls í sínum skrifum, að mér fannst. Ég var sammála mörgu

sem þær sögðu en ekki öllu. Orrahriðin geisadi þeirra á milli í löngum, vel skrifuðum pistlum sem margir höfðu sterkar skoðanir á. Og eins og alltaf þegar einhver víðrar skoðanir sínar opinberlega þá breyttist umræðan innan einhverra kreðsa í að fara í manninn, ekki boltann. Það eina sem vantaði í alla þessa umræðu var einhvers konar lausn.

Ég hef velt máli Atla Rafns mikið fyrir mér. Ef ég set mig í spor yfirmanns á stórum vinnustað þá skil ég ákvörðunina að segja honum upp. Sem yfirmaður viltu að vinnustaðurinn sé öruggur. Ef upp koma deilur þá reynirðu að leysa þær á sem farsælastan hátt. Ef ekki tekst að leysa þær þá þarf að gera breytingar, þá jafnvel sem þýða að einhver missir vinnuna. Þetta getur hins vegar verið langt ferli og því finnst mér skjóta skökku við að fólki sé sagt upp fyrirvaralaust án þess að einhverjar útskýringar séu á því gefnar, eða reynt á einhvern hátt að leysa málin. Nú er þetta

mál sérstaklega viðkvæmt því upprekstrarsökinn er meint kynferðisleg áreitni. Það var hins vegar ekki mergur dómsmálsins sem fram fór. Mergur þess var að ákvarða hvort uppsögnin var réttmæt og dæmt að svo væri ekki.

Þó að ekki hafi verið lagt á það dóm hvort Atli Rafn hafi áreitt konur kynferðislega innan leikhússins þá hefur réttindum þolenda til nafnleysis verið velt upp. Atli Rafn fékk ekki að vita eðli áskananna né hverjar konurnar væru sem hefðu kvartað undan honum í trúnaði. Unnið hefur verið að því stöðugt síðustu ár að þolendur kynferðisbrota stígi fram. Hins vegar hafa þeir ekki mætt skilningi innan dómskerfisins og oft ekki trúað. Því er skiljanlegt að þolendur stígi fram undir nafnleynd af hræðslu við að orð þeirra séu dregin í efa. Innan lagarammans er hins vegar hæpið að byggja dómsmál, þar sem líklegt er að brotamaður verði sakfelldur, á nafnlausum

frásögnum. Þetta er eins konar sársaukafull mótsögn.

Hver er þá lausnin? Á að segja fólki upp eða draga það fyrir dóm en á sama tíma vernda nafnleynd meintra þolenda? Hvenær er rétt að segja fólki upp vegna kvartana um kynferðislega áreitni, eða önnur meint brot? Þurfa kvartanirnar að vera vissar margar, lýsingarnar ákveðið hrottalegar? Og hver ákveður það svo?

Eitt er víst, að mál Atla Rafns vekur fleiri spurningar en svör. Þetta er erfitt mál sem sprettur upp úr #metoo byltingunni og eftir það sitjum við sem þjóðfélag án lausnar. Eins og málið horfir við mér núna virðist hafa verið brotið á réttindum allra hlutaðeigandi, en aðeins einn fengið bætur. Það er ekki rétt. Vonandi verða þessi orðahríð og skoðanaskipti til þess að við, sem samfélag, finnum lausn. Leyfum málinu að blása út, ná hámarki en höldum því lifandi. Og höldum árásum á manninn í lágmarki. Beinum spjótum okkar að boltanum. ■

Spurning vikunnar

Hvað er besta ráð sem þér hefur verið gefið?



„Að gefast aldrei upp.“

Sigurður Ágúst Hreggviðsson



„Að sleppa tókunum í aðstæðum sem þú hefur ekki stjórn á. Þá finnur maður ákveðið frelsi.“

Helena Braga



„Mjög einfalt svar: „Ef fíflunum er farið að fjölga í kringum þig þarftu líklega að skoða eitthvað hjá sjálfum þér.“

Eydís Hlíðar



„Elskaðu sjálfa þig eða lærðu að elska sjálfa þig.“

Sigríður Sigurðardóttir



„Að sleppa takinu og treysta því að allt fari vel.“

Ása Sóley

ARGO FLUTNINGAR

Sími: 845 0900



FLUTNINGAÞJÓNUSTA

milli Suðurnesja og
höfuðborgarsvæðis

- ➔ Suðurnes
- ➔ Reykjavík
- ➔ Suðurnes

*Tvisvar
á dag!*



*„Konur
þurfa
alltaf að
sanna sig
meira“*

*Manuela söðlar um og opnar heilsulind
– Ítrekar að meðferðirnar snúist minna
um útlit en fólk haldi*

Íris Hauksdóttir
iris@dv.is



Heilsulindin Even labs opnaði nýverið í Faxafeni en hún er rekin af þeim Manuelu Ósk Harðardóttur, Snorra Magnússyni og Arnari Arinbjarnarsyni. Undirbúningsferlið tók langan tíma en sameiginlegur vinur leiddi þríeykið saman.

„Já, við vorum öll í svipuðum þælingum hvert í sínu horninu en vorum fyrir hálfgerða tilviljun tengd saman sem var upphafið að þessu samstarfi,“ segir Manuela og heldur áfram: „Þetta hefur verið langt ferli en við búum yfir ólíkum styrkleikum og vinnu rosalega vel saman. Á þessu eina og hálfu ári síðan fyrsti fundur var haldinn höfum við ferðast til Finnlands og Bretlands þar sem við heimsóttum sýningar tengdar þessum efnum svo óhætt er að segja við séum öll búin að vinna mikla heimavinnu. Þælingin á bak við heilsulindina var alltaf að breytast þótt grunnurinn hafi haldið sér. Við erum með stóra sýn og mikla drauma en okkur langar að byggja og bæta við meðferðum. Það er alltaf eitthvað nýtt að koma á markaðinn svo þetta er í stanslausri þróun og því gríðarlega spennandi. Okkur langar að vera með puttann á púlsinum hvað það varðar og sjáum þetta fyrir okkur sem lífsstíl. Allar meðferðirnar hjá okkur er eitthvað sem þú átt að stunda og engin getur á nokkurn hátt reynst skadleg. Hægt er að koma daglega í þær allar og þess vegna mælum við eindregið með því að fólk kynni sér áskriftarleiðir, rétt eins og um kort sé að ræða í ræktina. Þá mætir maður daglega, eða eftir hentisemi, því þetta er líkamsrækt í formi vellíðunar.“

Manuela ítrekar að meðferðirnar snúist minna um útlit en fólk haldi.

„Audvitað þælum við öll í því hvernig við lítum út en í grunninn snýst þetta meira um það hvernig við getum bætt lífsgæðin, og liðið betur, sofið betur og jú að öll starfsemi líkamans sé betri. Ég hef sjálf lengi verið að þreifa fyrir mér af persónulegum ástæðum enda hef ég glímt við ýmiss konar vandamál. Ég á erfitt með svefn og þarf ekki mikinn svefn en langvarandi svefnleysi er mjög

slæmt og í kjölfarið dettur maður í vítahring streitu og kvíða. Margar af þessum meðferðum hafa hjálpað mér mikið varðandi það.“

Stöðug barátta þótt við séum að brillera

Samhliða fyrirtækjarekstrinum hefur Manuela haldið utan um keppnina Miss Universe Iceland undanfarin fjögur ár ásamt því að vinna með fyrirtækjum hér heima, hún viðurkennir að álagið sé á köflum yfirþyrmandi.

„Þetta hefur verið rosaleg vinna, samhliða öllu hinu, en ég er að sinna tuttugu stelpum í keppninni og ferðast úti um allan heim með þeim. Nú í vetur verð ég líka í þættinum Allir geta dansað og það er mikil vinna og margir klukkutímar sem fara í æfingar þar. Ég er algjörlega að stíga út fyrir þægindarammann þar en það verður bara spennandi. Að því sögðu er ég einstæð móðir og sinni því starfi af mikilli alvöru. Þrátt fyrir að ég sé að gera alla þessa jákvæðu hluti finnur fólk þörf hjá sér að rífa mig niður. Ég fæ til að mynda endalausar spurningar um hvar börnin mín séu þegar ég er stödd erlendis í vinnuferðum. Það hefur alltaf böggjað mig því ég veit það best sjálf að ég sinni börnunum mínum mjög vel,“ segir Manuela og heldur áfram: „Þetta er svo langþreytt vandamál með konur að vera í stöðugri baráttu að þurfa að sanna að við séum að standa okkur þótt við séum alveg að brillera í þessu lífi. Það er ennþá þetta „vibe“ í þjóðfélaginu að konur geti ekki gert allt sem þær vilja ef þær eru mömmur. Okkur eru ósjálfrátt settar hömlur á því og mér finnst það glatað því ég er frábær fyrirmynd fyrir börnin mín með því að sýna þeim að maður geti látið drauma sína rætast. Ég átti þetta samtal einmitt við ömmu í vikunni, en hún er mín besta vinkona og þökkir mig betur en allir. Það stingur mig að bara vegna þess að ég vinn mikið og hef gríðarlegan metnað, ég vil áorka miklu í lífinu og langar að framkvæma hugmyndirnar mínar, en þá finnst mér ósjálfrátt eitthvert samasemmerki milli þess að ganga vel og vera upptekin, eins og maður eigi alltaf að vera alveg á fullu. Staðreyndin er bara sú að við konur þurfum



alltaf að sanna okkur miklu meira og þessari hugsun þarf að breyta. Sömuleiðis því hvar fjölmiðlar setja sínar áherslur, í gegnum allt sem ég geri vil ég leggja áherslu á samstöðu kvenna og vissulega hefur orðið vakning í þeim efnum, margar flottar konur eru sammála mér þar en samt er þessi undirtón alltaf til staðar. Ég held að það sé alveg kominn tími á að allir fái að gera sitt í sátt.“

Hef séð fólk ganga út þremur kílóum léttara

Hugmyndina að heilsulindinni fékk Manuela þegar hún var búsett í Los Angeles en hún er að eigin sögn mikill aðdáandi hvers kyns úrlausna þegar kemur að andlegri og líkamlegri vellíðan.

„Svona lagað hefur aldrei verið gert hér á landi og við leggjum mikla áherslu á að skapa rétt andrúmsloft. Það skiptir miklu máli að heildarupplifunin sé skemmtileg og öðruvísi.“

Þegar talið berst að þeim meðferðum sem í boði eru nefnir Manuela fyrst svokallaða Redlight meðferð sem hún segir vera allra meina bót.

„Hún hefur hjálpað svo mikið, ég sé það bara á mínum nánustu. Ég er sjálf með svona græju heima

og trúi því staðfastlega að þessar tíu mínútur á dag sem ég fæ með þessum geislum bæti mína líðan. Eins erum við með geggjaða Sweat meðferð þar sem þú svitnar í hitateppi en hitinn getur farið upp í 85 gráður. Þetta er frábær leið til að afeitra líkamann og slökum um leið því þarna ertu með Netflix og heyrnartól og slakar á meðan teppið sér um að hreinsa líkamann, svo er þetta svo gott fyrir húðina og bætir sömuleiðis svefninn til muna. Ég hef séð fólk ganga út allt að þremur kílóum léttara en vökvásöfnun er oft svo mikil og þetta losar vel um hana. Ég var sannfærð frá fyrstu stundu um að vilja hafa Sweat meðferðina hjá okkur því ég hef stundað hana í fjögur ár frá því ég bjó í LA en síðan erum við með kuldameðferð sem er staðbundin fyrir líkamann og andlitsgrímu sem frýstir andlitið niður í mínus 50 gráður, en það er einmitt ástæða þess að meðferðin stendur aðeins yfir í tvær mínútur. Þetta er mjög árangursrík leið til þess að draga úr bólgu í andliti og kemur blóðflæðinu vel af stað, líkaminn sjokkerast svo mikið og reynist sérstaklega árangursríkt fyrir fólk sem er að kjást við hausverk og streitu í öxlum. Sogæðanuddið

er svo eitthvað sem allir íþróttamenn ættu að þekkja, enda er það notað um allan heim og gott eftir mikla áreynslu. Það kemur bæði jafnvægi á blóðflæði og losar um bjúg. Lúmskasta meðferðin er hins vegar hljóðbylgjudýnan, þar getur maður valið um þrjár stillingar og ég viðurkenni að persónulega hafði ég ekki trú á þessu fyrr en ég prófaði sjálf. Fyrir manneskju sem sefur ekki þá lagðist ég niður og steinsofnaði um leið, mér leið eins og ég hefði sofið í marga klukkutíma sem var alveg magnað.“

Og viðtökurnar hafa ekki látið á sér standa því á þessari tæpu viku síðan fyrirtækið var opnað hefur verið fullt út úr dyrum í Faxafeni þar sem heilsulindin er staðsett.

„Já, þetta hefur gengið svakalega vel og við vinnum rosalega vel saman. Ég hef aldrei farið út í neitt þessu líkt áður og þetta hefur verið mikill lærdómur fyrir mig á margan hátt. Ég er stolt af því sem við náðum að gera þótt vissulega hafi komið tímabil þar sem mér féllust algjörlega hendur en svo peppast maður aftur upp. Þetta hefur kennt mér að ef maður ætlar sér eitthvað og leggur hart að sér getur maður hvað sem er.“ ■


EIGUM MARGA LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á mt.is og í s: 580 4500

MÁLMTAKNI
ÁL • STÁL • PLAST



Sauna- og gistitunnur ásamt hitaveitupottum og nokkrum tegundum af skeljum



Eigum fjórar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum ■ Verð frá 58.500 kr.



SAUNA FYLGIHLUTIR




INFRARAUÐUR KLEFI



HEITIR POTTAR

Sjáðu úrvalið á goddi.is Infrared saunur ásamt viðarkyntum pottum



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

SJÓNVARPSSVIKAMYLLA TEYGIR SIG VÍÐA

■ Tugir viðskiptavina hafa lagt fram greiðslu án þess að fá vöru afhenta
■ Málið komið inn á borð lögreglu

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Að minnsta kosti þrjár Íslendingar hafa lagt fram kærur til lögreglu á hendur íslenski konu vegna vörusvika. Umrædd kona auglýsir sjónvarpsbox og sjónvarpsáskriftarpakka til sölu á Facebook, einkum inni á hópum fyrir Íslendinga sem búsettir eru á Spáni og í Danmörku. Fjölmarginir hafa keypt af henni þjónustuna undanfarnar vikur, með loforði um að sjónvarpsboxið verði sent til þeirra í pósti, en hafa síðan enga vöru fengið í hendurnar.

Umrædd kona er á Facebook skráð undir nafninu Telma Arnarsdóttir, til heimilis í Torrox Costa á Spáni. Engin Telma Arnarsdóttir er hins vegar skráð í Þjóðskrá Íslands.

Hafa viðskiptavinir lagt fram greiðslu fyrir vöruna með millifærslu inn á bankareikning á nafni Róberts Daða Arnarssonar.

Samkvæmt upplýsingum DV er Róbert Daði Arnarsson fæðingarnafn Telmu Arnarsdóttur, en Telma er um þessar mundir í kynleiðréttingarferli.

„Það er eitthvað skrítið við þetta“

Í auglýsingum býður Telma upp á þrjá mismunandi pakka; lítinn, stóran og miðlungs, sem innihaldi aðgang að íslenskum og erlendum sjónvarpsstöðvum. Þann 20. október síðastliðinn ritaði Andrés Magnússon færslu inni á Facebook-hóp fyrir Íslendinga

sem búsettir eru á Costa Blanca-svæðinu á Spáni og spurði hvort einhver úr hópnum hefði keypt sjónvarpspakka af Telmu Arnarsdóttur.

„Við erum búin að bíða í mánuð frá því við greiddum henni fyrir „stóra pakkann“ en ekkert bólar á honum og nú er hún hætt að svara okkur og gefur ekki upp símanúmer hjá sér.“

Hátt í hundrað manns hafa ritað athugasemd undir færslu Andrésar og fjölmarginir lýsa þar svipaðri reynslu af viðskiptum sínum við Telmu. Í öllum tilfellum hefur fólk lagt fram greiðslu, oftast með millifærslu, en ekki fengið neitt box afhent. Hér fyrir neðan má lesa nokkrar athugasemdir.

„Vinafólk mitt pantaði fyrir mánuði hjá henni og lögðu inn á hana 20.000 og eru búin að bíða. Hún segir alltaf að pósturinn sé svo seinn á Spáni. Þau eru búin að senda henni póst í langan tíma og hún svarar ekki.“

„Frænka mín er búin að bíða eftir þessu boxi í pósti í 3 vikur og ekkert bólar á boxinu. Skrítið að pósturinn sé svona seinn, svo pantar maður vöru frá Kína og það tekur skemmri tíma. Það er eitthvað skrítið við þetta.“

„Við lögðum inn á bróður hennar og höfum aldrei fengið neitt. Búin að bíða í 6 vikur.“

„Alls ekki versla við Telmu Arnarsdóttur. Hún stal af mér 20.000 kr. fyrir boxið“

„Ég greiddi boxið og áskrift 12. september og ekkert fengið.“



Það er eitthvað skrítið við þetta

Vill forða öðrum frá sömu mistökum

Í samtali við DV staðfestir Hólmfríður Ebenesardóttir, eiginkona Andrésar, að þau hjón hafi lagt fram tilkynningu um málið til Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Í svarpósti lögreglunnar kemur fram að þegar hafi tvær tilkynningar borist vegna málsins og sé það nú í skoðun.

Sigríður Þrastardóttir, sem búsett er í Kaupmannahöfn, hefur einnig lagt fram kærur á hendur Telmu. Í samtali við DV segist hún vilja forða öðrum frá því að lenda í sömu gildru, en hún segist hafa keypt sjónvarpsbox af Telmu og millifært á hana 20 þús-

und krónur í byrjun október. Boxið kom aldrei til hennar.

Ekki náðist í Telmu við vinnslu fréttarinnar, en símanúmer sem hún gefur upp á Facebook reyndist vera ótengt.


Ekki einsdæmi

Í janúar á þessu ári greindi DV frá því að íslenskur maður væri að selja aðgang að bæði íslensku og erlendu sjónvarpsfönu til Íslendinga sem búsettir eru erlendis. Segist hann sjálfur vera búsettur í landi sem hefur evru sem

gjaldmiðil. Fram kom að skortur á aðgengi Íslendinga erlendis að íslensku sjónvarpsfönu hefur verið vandamál lengi.

Fram kom að maðurinn sem um ræðir beindi viðskiptum sínum til Íslendinga í útlöndum; í Danmörku, á Spáni og hugsanlega fleirum og auglýsti þjónustuna inni á videigandi Facebook-hópum.

Eftir að DV komst á snodið um málið og setti sig í samband við manninn var samstundis lokað á öll samskipti. ■



Næst ekki í Telmu Samkvæmt umræðum á Facebook svarar Telma ekki kvörtunum. Hún svaraði heldur ekki blaðamanni DV. Mynd: Skjáskot / Facebook Telma Arnarsdóttir.

10% SVIKA Á SAMFÉLAGSMIÐLUM

Vefsíðan Scam Watch reynir að halda utan um tíðni og umfang svindls á netinu. Þar kemur til að mynda fram hvers eðlis og á hvaða vettvangi svindlin verða:

- Í gegnum tölvupóst - 29,5%
- Í gegnum síma - 25,1%
- Á internetinu - 16,7%
- Í gegnum smáskilaboð - 10,8%
- Á samfélagsmiðlum - 10,4%
- Í bréfpósti - 3,8%
- Í smáforritum í síma - 2,5%
- Í eigin persónu - 1%
- Óljóst - 0,2%

Svona verndarðu þig fyrir svindli á netinu

* Aldrei greiða með millifærslu, hvorki hluta né alla upphæðina.

Ávallt nota kredit- eða debetkort til að tryggja að hægt sé að bakfæra færsluna ef upp kemst um svik.

*Ef að varan eða þjónustan sem er í boði virðist vera of góð til að vera sönn þá er það líklegast þannig. Ekki kaupa ef þú ert í vafa.

*Spyrst fyrir hvort einhverjir hafi reynslu af þeim sem þú ert að versla við.

*Varastu að versla við einstaklinga á samfélagsmiðlum. Betra er að versla við viðurkennd fyrirtæki. Ef þú ert að versla við einstakling og hann býr í þínu nærumhverfi þá skaltu fá að hitta viðkomandi og skoða vörurnar sem um ræðir.

VIÐ KYNNUM NÝTT ÚR FRÁ
JS WATCH CO. REYKJAVÍK


Vinland Gmt

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Fallegir ljósakrossar á leiði

LEIÐISKROSSAR

- Stór glær akrýlkross með glóandi köntum
- Erum með minni krossa fyrir duftreiti
- Engin þörf á innstungu
- Íslensk hönnun og framleiðsla
- Rafhlöður lifa yfir jólin
- Möguleiki á mynd & texta



LogoFlex

„Í skjóli nætur var hann tekinn“

■ Guðbjörg fær dótturson sinn ekki í fóstur þrátt fyrir fósturleyfi ■ Barnaverndarnefnd segir hana e

Erla Dóra
erladora@dv.is



September á síðasta ári tók barnaverndarnefnd þriggja mánaða dreng frá móður sem var í meðferð á Vog. Drengnum var í kjölfarið komið fyrir á fósturheimili. Amma og afi drengsins fengu enga tilkynningu um að til stæði að taka drenginn af dóttur þeirra og þeim ekki gefinn kostur á að fá drenginn til sín í fóstur, þrátt fyrir að þau hafi nú þegar alsystur hans í varanlegu fóstri.

Uppi í eldhússkáp á heimili Guðbjargar Sigurðardóttur og eiginmanns hennar er bréf. Bréfið er ritað til dóttursonar þeirra sem þau fá ekki að hitta nema einu sinni á ári, undir eftirliti. Bréfið bíður þess tíma er drengurinn leitar uppruna síns og á að skýra þá atburðarás sem átti sér stað þegar hann var tekinn frá fjölskyldu sinni.

Drengurinn tekinn á meðan móðir hans var í meðferð

Dóttir Guðbjargar hefur lengi glímt við fíkn. Hún á þrjú börn. Elsta barnið er sjálfráða og býr erlendis hjá föður sínum. Miðjubarnið, 11 ára, er í varanlegu fóstri hjá ömmu sinni og afa en yngsta barnið, eins árs drengur, býr nú hjá fósturfjölskyldu og er aðeins heimilud takmörkuð samskipti við fjölskyldu sína.

Guðbjörg og maður hennar fengu dótturdóttur sína í fóstur fyrir rúmlega þremur árum síðan. Síðan verður dóttir þeirra ófrísk aftur og henni fæðist drengurinn í júní í fyrra.

„Allt gengur vel og hún fer inn á svona vistheimili barna eftir að drengurinn kemur í heiminn. Hún var mjög veik. Hún hafði verið mænudeyfð og fékk ekki máttinn aftur og var ekki alveg hætt öllu því sem hún átti að hætta. Hún var sem sagt í neyslu. Hún er þarna á vistheimilinu. Hann fæðist í júní og svo í september er verið að tala við hana og henni sagt að gera þetta og hitt til að halda barninu sínu. Hún samþykkir það að fara inn á Vog á meðan barnið er á vistheimilinu og svo á hún að fara í dagmeðferð því drengurinn er þarna svo ungur. Svo fer ég inn á vistheimilið í september til að heimsækja strákinn. Ég kem fyrst 23. september, afmælisdaginn minn, og hitti drenginn. Þá var dóttir mín komin inn á Vog. Þegar ég kem aftur tveimur dögum síðar er búíð að taka hann.

Hvar er drengurinn?

Guðbjörgu brá mikið þegar hún varð þess vís að drengurinn hefði verið tekinn af vistheimilinu.

„Ég spyr: Hvar er drengurinn? Og fæ svarið: Honum hefur verið komið fyrir í fóstri. Ég spyr þá: Hvers vegna er hann í fóstri? Og fæ svarið: Við bara ákváðum það. Þarna reiðist ég alveg svakalega. Ég er með barn, alsystur hans, í varanlegu fóstri. Af hverju mátti ég ekki fá drenginn till

mín tímabundið? Ég veit að við erum kannski orðin of gömul, en við vorum svo ósátt að við hefðum ekki getað fengið drenginn tímabundið á meðan dóttir okkar kláraði meðferðina. Auðvitað fékk hún ekkert tækifæri til þess. Hún auðvitað féll, barnið tekið af henni og hún hefur ekki fengið að hitta hann síðan. Þegar við fórum á fund hjá barnaverndarnefnd, ég og maðurinn minn, til að fá útskýringar á því hvers vegna við hefðum ekki fengið tækifæri á að fá drenginn til okkar, þá stóð þar skráð að við hefðum ekki sóst eftir því. Og við sögðum: Við getum ekki sótt um eitthvað sem við vitum ekki hvað stendur til. Í skjóli nætur var hann tekinn af okkur og settur í fóstur.“

Ekki aðili málsins

Guðbjörgu hefur reynst erfitt að fá viðhlítandi skýringar á stöðu dóttursonar síns. Móðir drengsins var fengin til að skrifa undir einhverja pappíra gegn því að fá umgengni við son sinn. Guðbjörg fær ekkert að vita um innihald þessara skjala að eigin sögn.

„Mér skilst að til að hún fengi að hitta hann þá þyrfti hún að skrifa undir einhver skjöl. Ég fæ ekkert að vita hvaða skjöl það voru því ég er náttúrulega ekki aðili að þessu máli.“

„Hann er hjá fósturforeldrum, sem eru yndislegir og ekkert út á þá að setja. Nema það, sem við erum mjög ósátt við, að systir drengsins, sem er í fóstri hjá okkur, fær að hitta bróður sinn einu sinni í mánuði. Fósturforeldrarnir koma og sækja hana á sunnudögum, fara með hana heim til sín og hún ver deginum með bróður sínum. Við fórum fram á það að við fengjum líka þessa umgengni. Hann má alveg vera í fóstri en við viljum fá að umgangast hann. Við báðum um að fá að hitta hann þá daga sem systir hans fær að hitta hann. Hann gæti þá komið til okkar eða við til þeirra í svona klukkutíma eða tvo. Því var neitað.“

Guðbjörg á erfitt með að skilja þessa afstöðu. Þar sem drengurinn fái að njóta umgengni við systur sína þá óumflýjanlega fær hann að heyra af ömmu sinni og afa.

„Af hverju má hann ekki vita af okkur? Systir hans mun alltaf segja honum frá okkur. Auðvitað munu vakna spurningar og svona hjá honum síðar meir. Við höfum fengið að hitta hann einu sinni í klukkutíma undir eftirliti fósturforeldra og barnaverndarnefndar. Við vorum með þrjú fullorðna aðila yfir okkur á meðan við lékum við þetta litla barn sem þekkir okkur ekki neitt.“

Mega ekki hallmæla barnaverndarnefnd

„Við erum alveg ofboðslega reið út í barnaverndarnefnd og höfum verið tekin á teppið fyrir að tala illa um barnaverndarnefnd,“ segir Guðbjörg og bætir við að þau hjónin hafi reynt að fara fram



Guðbjörg með drenginn áður en hann var tekinn.

á rýmri umgengnisrétt en verið neitað um hann. Þau geta aftur sótt um eftir ár.

„Við þráum að fá að hitta þetta litla grey. Við erum bara ofboðslega reið. Dóttir mín vissi ekki að það ætti að taka hann, hann er tekinn í skjóli nætur eins og einhver hlutur.“

Móðir ekki fengið að hitta drenginn

„Föræðið er hjá barnaverndarnefnd. Svo fer hún á fund og hún fær að hitta hann fjórum sinnum á ári, en hún neitar því, vill hitta hann oftar. Og þá allt í einu er því fækkað í tvisvar á ári. Og hún hefur ekkert fengið að hitta hann. Fær það kannski í nóvember,“ segir Guðbjörg.

„Föðursystir drengsins reyndi líka að fá hann til sín. Hún fékk bara neitun. Það væri búíð að ráðstafa drengnum. Barnaverndarnefnd segir alltaf að það sé reynt að halda barni innan fjölskyldunnar en í þessu tilviki var allt tínt til svo að föðursystir hans fengi hann ekki. Alls konar tilbúningur, hún átti að hafa far-

„Við erum bara ofboðslega reið. Dóttir mín vissi ekki að það ætti að taka hann, hann er tekinn í skjóli nætur eins og einhver hlutur.“

id í meðferð og tínt til að dóttir hennar hefði verið tekin á einhverjum bíl. Hún fékk meira að segja uppáskrif frá Vog að hún hefði aldrei farið í meðferð, en samt gekk þetta ekkert.“

Ekki á grafarbakkanum

Guðbjörg telur mögulegt að ein ástæða þess að hún fái ekki drenginn til sín sé aldur hennar.

„Ég er 57 ára og maðurinn minn er 62 ára. Við erum ekkert á grafarbakkanum þannig séð. Þetta er mjög furðulegt og við fengum engan rökstuðning fyrir því af hverju við fengjum ekki

að taka hann. Ég spurði meira að segja ættingja sem starfar innan barnaverndar í öðru bæjarfélagi hvort að aldurinn okkar hefði þarna eitthvað að segja, en það átti ekki að vera. Hann væri kannski á gráu svæði en ekkert agalegt.

Forsendurnar fyrir því að við megum það ekki eru að við höfum ekki viljað það. Hvernig sækjumst við eftir einhverju sem við vitum ekki að þurfi að sækjast eftir? Svo er þetta svo langt mál og margt að gerast. Eins og ég segi, maður hugsar á hverjum degi til hans. Hann er eins árs síðan í júní

„Hann af okkur og settur í fóstur“

Ekki hafa viljað drenginn ■ Geymir bréf inni í skáp sem drengurinn fær að lesa þegar hann verður eldri



„Af hverju mátti ég ekki fá drenginn til mín tímabundið?“

Guðbjörg Sigurðardóttir Fær ekki ömmubarn sitt í fóstur, þrátt fyrir að vera með fósturleyfi.



Guðbjörg og eiginmaður hennar, Víglundur, eru hraust á besta aldri.

og við höfum gefið honum jólagjöf og afmælisgjöf. Ég skrifaði meira að segja bréf. Hann fékk afmælistort með pakkanum sínum og svo skrifaði ég annað bréf um okkur og allt sem gerðist á þessu ári sem ég hef bara lokað uppi í skáp sem hann fær þegar hann verður eldri. Þetta sagði ég fósturforeldrum hans, að mér þætti leiðinlegt að hann fái ekki að vita af okkur.“

Verst þykir Guðbjörgu þó að

barnaverndarnefnd hafi ekki gefið dóttur hennar tækifæri á að bæta ráð sitt. Hún hafi farið í meðferð eftir tilmælum barnaverndarnefndar, en þrátt fyrir það var barnið tekið meðan á meðferð hennar stóð. Þar fyrir utan var ljóst að hún ætti bakland, bakland sem var meira en tilbúið að taka við litla drengnum, tímabundið eða varanlega. „Hún fékk ekki einu sinni tíma til að sanna sig.“ ■

BANNER-UP STANDAR



Ódýr og einföld leið til að kynna þína vöru.



Sundaborg 1
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is

Óttar Guðmundsson læknir.

„Þetta er ekki bara einhver della“



■ Margir greina sig sjálfir með sjúkdóma á netinu ■ Algengt meðal transfólks

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Það er mjög algengt núorðið að fólk fari í sjálfsgreiningu á sviðum sálfræðinnar í stað þess að leita til sérfræðinga og hefur þetta verið sérstaklega algengt hjá transfólki. Þetta staðfestir Óttar Guðmundsson geðlæknir en undanfarin ár hafa sjálfsgreiningarpróf á netinu verið mikið í umræðunni sem og gagnleg áhrif þeirra.

Upplýsingavefurinn Psychology Today birti hér um árið ítarlega úttekt á skaðsemi sjálfsgreininga, þar sem áhersla er lögð á villandi niðurstöður. Fólk einblínir á vanda sem er að öllum líkindum ekki til staðar. Hið öfuga tíðkast einnig, þar sem notendur þreyta sálfræðipróf á netinu og meta niðurstöður sem svo að enginn vandi sé til staðar þegar raunin er önnur. Óttar segir neikvæða pólinn vera sá að fólk getur orðið fullmeðvitað, jafnvel getið sér til um ályktanir eða upp-

lifað meiri streitu.

„Fólk kannski þorir ekki að taka lyfin sín vegna þess að listinn yfir aukaverkanir er svo langur og þvíumlíkt,“ segir Óttar. „Aftur á móti er vissulega af hinu góða að fólk sé orðið meira meðvitað um sjálft sig heldur en það var. Fólk vinnur heimavinnu sem það gerði ekki áður. Þetta á sérstaklega við um þessa transsjúklinga mína, þar eru allir að koma undirbúnir og búnir að lifa með netgreiningu í ákveðinn tíma áður en leitað er hjálpar í opinbera geiranum. Þá eru í raun allir löngu búnir að greina sig sjálfa áður en þeir koma til mín.“

Heilmikil vinna á bakvið hvert ferli

Um 350 börn voru á biðlista hjá Proska- og hegðunarstöðinni í sumar. Biðlistar sem slíkir hafa verið að lengjast frá árinu 2016. Óttar segir það miður að biðtími sé langur eftir ADHD-greiningu sérstaklega en fullyrðir að gild ástæða liggja þar að baki. „Slík

greining er auðvitað flókin og umfangsmikil. Það liggur heilmikil vinna þar á bakvið,“ segir hann.

Óttar segir fólk vera miklu meðvitaðra í dag um sjúkdóma, greiningar og greiningarviðmið heldur en áður var, að jafnframt gildi hið sama um lyf og lyfjameðferðir, sem að sögn geðlæknisins sé allt internetinu að þakka.

„Yfirleitt er einhver glóra í þessum prófum. Þetta er ekki bara einhver della. Það er fylgt ákveðinni línu. Ég hef ekkert illt um sjálfsgreiningarpróf að segja. Þetta er nauðsynleg viðbót og það er auðvitað jákvætt að fólk verði meðvitað um hina og þessa hluti um sig sjálft, innan marka vissulega,“ segir Óttar.

Góðar og rangar upplýsingar

Á hverri mínútu eru hátt í sjötíu þúsund fyrirspurnir á Google um heilsu og andlega líðan, tugir þúsunda fyrirspurnar á hverri mínútu á YouTube. Í útvarpsþættinum Í bítíð á dögnum sagði Teitur

Guðmundsson, læknir og framkvæmdastjóri Heilsuverndar, að fólk sem leitar sér upplýsinga almennt um heilsufar eða jafnvel greiningar sé á hálum ís sé heimildarvinnan ekki vönduð.

„Þegar á við sjúkdóma er þetta efni sem við höfum áhyggjur af. Google er rosalega flott tæki og það er auðvelt að fá góðar upplýsingar en einnig rangar upplýsingar,“ segir Teitur og tekur

fram að upplýsingar sem fólk leitar að á netinu séu líklegri til að gera sjálfu sér illt, þótt upplýsingavinna sjúklingsins sé yfirleitt af hinu jákvæða.

„Ég held að enginn læknir muni viðurkenna það að hann sé með minni þekkingu en sjúklingurinn almennt. Þetta er gríðarlega fjölbætt og já, ég viðurkenni það, það hefur komið fyrir að ég hafi hitt sjúkling sem veit meira en ég um ákveðna hluti. Þá þarf ég að skoða hvort þekkingin byggist á raunverulegum gögnum eða bara þvælu.“ ■



Teitur Guðmundsson, læknir



20%

ARIETE
SKAFT
RYKSUGA

2in1

VERÐ ÁÐUR... 19.995
TILBOD 15.995

SIRIUS
LJÓASERÍUR
OG KERTI

25% - 50%

MEDISANA VEKJARI
MEÐ LJÓSI

20%

VERÐ ÁÐUR... 8.995
TILBOD 7.195

PHILIPS
TÖFRASPROTI
550W

20%

VERÐ ÁÐUR... 9.995
TILBOD 7.995

RAFTÆKJADAGAR
ÖLL RAFTAËKI
Á ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

20%

ELECTROLUX
POWERFORCE
RYKSUGA

byggtog**búid**

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

Elvita
BLANDARI

22%

1000W
VERÐ ÁÐUR... 8.995
TILBOD 6.995

GEORGE FOREMAN
HEILSUGRILL

20%

1200W
VERÐ ÁÐUR... 7.995
TILBOD 6.395

SEVERIN BRAUÐRIST

25%

VERÐ ÁÐUR... 7.995
TILBOD 5.995

OBH NORDICA
KAFFIVÉL
Café Inox

20%

VERÐ ÁÐUR... 9.995
TILBOD 7.995

WILFA HRÁÐSUDUKANNA

30%

1L - STÁL
VERÐ ÁÐUR... 4.995
TILBOD 3.495



iRobot
RYKSUGUVÉLMENNI

ROOMBA 616

20%

VERÐ ÁÐUR... 49.995
TILBOD 39.995



BABYLISS
HÁRBLÁSARI
MEÐ TÖSKU

36%

VERÐ ÁÐUR... 10.995
TILBOD 6.995



MEDISANA
SNYRTISPEGILL

2 in 1

VERÐ ÁÐUR... 5.995
TILBOD 4.495



OBH NORDICA
COMPACT FRESH
MATVINNSLUVÉL

40%

VERÐ ÁÐUR... 9.995
TILBOD 5.995

OBH NORDICA SLÉTTUJÁRN/BURSTI
BJÖRN AXÉN

40%



Jónatækni sem skilur
hárið eftir silkimjúkt!

VERÐ ÁÐUR... 14.995
TILBOD 8.995

SEVERIN VÖFFLUJÁRN

33%



VERÐ ÁÐUR... 5.995
TILBOD 3.995

TREBS
SOUS
VIDE
TÆKI

20%



VERÐ ÁÐUR... 14.995
TILBOD 11.995

DELONGHI
SJÁLFRVIRK
KAFFIVÉL

MagnificaS 1450W

ÞÚ SPARAR
10.000 KR.



VERÐ ÁÐUR... 69.995
TILBOD 59.995

HÁGÆÐA HRÆRIVÉLAR

KAUPAUKI

Queen of Hearts bókunarsett
í 100 ára afmælisútgáfu
að verðmæti

9.995



KitchenAid

FJÖLDI LITA

VERÐ FRÁ 79.995

OBH NORDICA
VACUUM SEALER CHEF

20%



VERÐ ÁÐUR... 16.995
TILBOD 13.595

MELISSA BAÐVOG

50%



VERÐ ÁÐUR... 3.995
TILBOD 1.995

ARIETE
GUFUBURSTI

20%

FYRIR ÖLL FÖT
2 BURSTAR FYLGJA



VERÐ ÁÐUR... 6.995
TILBOD 5.595

Elvita ÖRBYLGJUOFN 20 lítra

20%

VERÐ ÁÐUR... 14.995
TILBOD 11.995



Sjaldan veldur ei

■ Íslendingar duglegir á vígvelli ritdeilna ■ Deilt um list, dóp, holdafar og pólitík

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



L eikkonan Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir og aktivistinn Þórdís Elva Þorvaldsdóttir hafa átt í mikilli og hatrammri ritdeilu síðustu daga sem kviknaði út frá sigri leikarans Atla Rafns Sigurðssonar á Borgarleikhúsinu fyrir héraðsdómi.

Einkenni ritdeilna er að oft ganga þær ansi langt, frá manneskju til manneskju, og oft fæst enginn botn í málið annar en sá að þeir sem deila neyðast til að vera sammála um að vera ósammála. DV fannst því tilvalið að taka saman nokkrar þekktar ritdeilur í gegnum tíðina.



Sú merkasta

Ritdeila Sigurdar Nordal og Einars H. Kvaran ár árunum 1925 til 1927 er talin ein sú merkasta sinnar tegundar í Íslandssögunni. Svo merkilega að hún var gefin út í bókinni Skiptar skoðanir. Deilan fór fram í tímaritunum Skírni, Iðunni og Vöku og snertist um skáldskap og lífsskoðanir Einars. Sigurður benti sjálfur á í einni af greinum sínum að þetta væri deila tveggja kynslóða, en Einar stóð í ýmsum ritdeilum á sínum ferli, oft afar hatrömmum. Ritdeila hans við Sigurð einkenndist hins vegar af rökfestu og aga.

Falskur tónn

Bubbi Morthens skaust ræklega upp á stjórnuhimininn á áttunda áratug síðustu aldar og í upphafi þess níunda var hann orðinn vinsælasti tónlistarmaður landsins, en jafnframt sá umdeildasti. Þegar önnur plata Utangarðsmanna, Geislavirkir, kom út stóðu yfir mikla ritdeilur í dagblöðum um texta Bubba. Ekki voru allir á eitt sáttir um kjaftinn á rokkaranum og haldið var málþing í Háskólabíói um hvort textarnir væru leirburður eða ljóðlist. Bubbi gaf lítið fyrir þessar deilur. Eftir að Utangarðsmenn lögðu upp laupana magnaðist upp önnur áhuga-verð ritdeila í lesendadálkum Morgunblaðsins um Bubba. Tóku þar til máls ónefndir einstaklingar sem skýldu sér á bak við nöfnin Hr. Flinkur, UB 40, Egóisti og Friðarsinni.

Árið 2008 spratt svo upp hörð ritdeila á milli Bubba og Birgis Arnar Steinarssonar, sem oft er kallaður Biggi í Maus. Þá var hann ritstjóri tímaritsins Monitor. Upphaf deilunnar var í leiðara Bigga þar sem hann skrifaði eftirfarandi.

„[Bubbi] hefur aldrei verið leiðandi afl. Hann er eins og svampur sem sýgur umhverfi sitt inn og mótar sig og skoðanir sínar eftir því hvað er í gangi hverju sinni.[...] Þegar Ísland



var í kreppu og allt var skítt stóð Bubbi Morthens upp úr hópnum og hélt í fána pönksins sem aðrir héldu þó á lofti.“

Þessu mótmælti Bubbi á heimasíðu sinni.

„Biggi verður að kyngja því að staðreyndin er sú að með Ísbjarnarblús breytti ég íslenskri tónlistarsögu ásamt Utangarðsmönnum. Sem og nokkrum öðrum sem fylgdu í kjölfarið. Frábið ég mér fleiri tilraunir til þess að falska söguna frá manni sem hefur aldrei getað haldið lagi og hefur unnið sér það til frægðar að syngja falskast allra íslenskra tónlistarmanna á seinni tímum. Sá falski tónn hrakti hann frá míkrofóninum í það að gerast ritstjóri Monitors þar sem sami falski tónninn hljómar í skrifum hans.“

„Vitið þér, að maðurinn yðar er geðveikur?“

Það er ekki hægt að taka saman ritdeilur á Íslandi án þess að minnst á „Stóra bombuna“ árið 1930. Sú ritdeila var á milli Jónasar Jónssonar frá Hriflu, sem þá var dómsmálaráðherra, og Helga Tómassonar, yfirlæknis á Kleppi. Jónas var óvinsæll í embætti meðal lækna, sér í lagi vegna skipana í læknisembætti sem lyktuðu af spillingu. Helgi lýsti því yfir að hann teldi að hegðun Jónasar bæri merki um geðveiki og hvatti hann til að segja af sér embætti. Nafnið „Stóra bomban“ festist við þessa deilu en það er dregið úr grein sem Jónas skrifaði í Tímanum, málgagn Framsóknarflokksins, undir fyrirsögninni Stóra bomban. Í greininni lýsti Jónas heimsókn Helga og gagnrýndi meðal annars að Helgi hefði kallað hann geðveikan án skoðunar.

„Er konan mín var komin inn fyrir þröskuldinn grípið þér þét



með báðum höndum um handleggji hennar og segið dauðablungum og alvarlegum rómi: Vitið þér, að maðurinn yðar er geðveikur?“ skrifar Jónas. Síðar sama ár skrifaði Helgi lýsingu á téðri heimsókn frá sínu sjónarhorni. Munurinn á þessum tveimur greinum var að í grein Helga fullyrta hann að eiginkona Jónasar hefði verið sammála um sjúkdómsgreininguna og beðið um ráð fyrir eiginmann sinn.

J&S Watch co.
REYKJAVÍK



VELDU ÚR MEÐ SÁL
FRISLAND 1941

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Jarðvegur fasisma

Aktivistinn og fjölmiðlakonan María Lilja Þrastardóttir og presturinn Davíð Þór Jónsson fóru í hár saman árið 2011. Aðdragandinn var pistill sem Davíð Þór skrifaði í Fréttblaðið þar sem hann gagnrýndi það að nöfnum vændiskaupenda yrði safnað saman og komið til lögreglu. Þetta gagnrýndi María Lilja í pistli á vefsíðunni Innihald. Davíð Þór hótaði í kjölfarið að kæra Maríu Lilju fyrir að veða að æru hans með því að kalla tímaritið Bleikt og blátt, sem Davíð Þór ritstýrði á árum áður, klámbækling „þar sem líkamar kvenna voru hlutgerðir og settir upp sem söluvara.“

Krafðist hann afsökunarbeiðni frá Maríu Lilju sem hún varð ekki við. Davíð Þór baðst hins vegar afsökunar á því að hafa hót-

að Maríu Lilju og með því dregið umræðuna niður á lægra plan. Í afsökunarbeiðninni hnykkti hann hins vegar á þessu:

„Staðreyndin er nefnilega sú að fullt af fólki er dauðhrætt við að leggja orð í belg af ótta við viðbrögð eins og grein þín var. Og það, María Lilja, er jarðvegur fasismans. Þegar fólk þorir ekki að segja skoðanir sínar af ótta við ofbeldi er illt í efni. Þá er ástæða til að staldra við og hugsa sinn gang. Ég verð því að segja eins og er að ásakanir þínar um tilraunir til þöggunar þóttu mér koma úr hörðustu átt. Þar hjó sá er hlífa skyldi.“

Málið fór svo þannig að Innihald tók pistil Maríu Lilju úr birtingu því ritstjórar töldu hann brjóta í bága við siðareglur vefjarins og báðu Davíð Þór afsökunar.



inn þá tveir deila

„Sorry allir sem móðguðust“

Stuttar en snarpar ritdeilur áttu sér stað á milli leikkonunnar Ágústu Evu Erlendsdóttur og áhrifavaldsins Manuelu Óskar Harðardóttur árið 2017. Þær ritdeilur voru færðar inn í nútímaheim samfélagsmiðlanna og hófust á því að Manuela birti mynd af sér á Instagram, sem nú hefur verið fjarlægð. Við myndina skrifaði leikkonan Ágústa Eva einfaldlega: „Borða :)“ og gaf þar með í skyn að henni þætti Manuela of grónn. Manuela greip á það ráð að svara leikkonunni í gegnum Snapchat.

„Þið heyrið í henni ef þið eruð eitthvað óviss með your body. Hún veit hvernig allir eiga að líta út,“ sagði Manuela og bætti við að þær stóllur hefðu rætt málin betur í einkaskilaboðum á Facebook. Það gekk ekki betur en svo að Ágústa Eva sleit þeim samskiptum og lokaði á Manuelu á Facebook, að sögn áhrifavaldsins. Manuela hvatti konur enn fremur til að standa saman og sagðist ekki þekkja Ágústu Evu, þess vegna hefðu ummælin komið henni í opna skjöldu.

„Þess vegna finnst mér það óskiljanlegt að þetta hafi gerst. Ég næ ekki utan um það. Ef ég væri búin



ad bæta á mig, hefði hún kommentað á myndina mína: Farðu í megrun, ekki borða svona mikið, róum okkur á gafflinum,“ sagði Manuela á Snapchat. Svo fór að Ágústa Eva baðst afsökunar á Instagram og eyddi fyrri ummælum sínum við myndina.

„Þetta var vel meint. Sorry allir sem móðguðust,“ skrifaði leikkonan.

Hlustar ekki á væl

Skammvinnu uppnám varð í maí árið 2015 þegar að leikarinn Jóhannes Haukur Jóhannesson tjáði sig um rapparann Sævar Poetrix og þá ákvörðun hans að mæta ekki fyrir dóm vegna máls um vörslu á kannabis.

„Um leið og ég sé hóp af hassreykingamönnum sem eru próduktív-ir einstaklingar sem leggja eitthvað til samfélagsins og gera eitthvað af viti, þó það sé ekki nema að sinna einhverju starfi af svo mikið sem örtiltum metnaði, þá er

ég til í að fara að hlusta á svona mállutning. Þangað til það gerist, hlusta ég ekki á svona væl,“ skrifaði Jóhannes.

Þótt einhverjir hafi tekið undir orð leikarans voru margir sem úthúðuðu honum, sögðu hann afleitan leikara og fóru beinlínis í fýlu. Sævar svaraði leikaranum í pistli á DV og sagði Jóhannes ekkert hafa með að segja öðrum hvernig ætti að lifa lífinu. Engin sérstök eftirmál urðu af þessu uppnámi og er Jóhannes Haukur orðinn heimsfrægur leikari í dag.



„Hafið alla heimsins skömm fyrir!“

Stefanía Fjóra Elísdóttir, móðir Áka Pálssonar, keppanda í Biggest Loser, gagnrýndi raunveruleikabáttinn harðlega í viðtali við DV árið 2017. Tara Margrét Vilhjálmssdóttir, formaður Samtaka um líkamsvirðingu, tjáði sig um þættina á Facebook-síðu sinni í kjölfar viðtalsins.

„Tilgangur þáttanna hefur aldrei verið annar en að lítlækka og smána feitt fólk. Við búum því miður í samfélagi þar sem það selur. Og því meira brútal sem aðferðirnar eru, því meiri lítilsvirðing sem þjálfararnir sýna, því meira áhorf. Við myndum aldrei gúðdera þennan ógeðslega sirkus fyrir neinn annan hóp einstaklinga en feitt fólk,“ skrifaði Tara og bætti við: „Þetta er hreinn og klár viðbjóður og þeirra sem standa að þessum þáttum mun verða minnst í sögubókum sem helstu stóða fitufordóma hér á landi. Skjárinn, Evert, Gurrý. Hafið alla heimsins skömm fyrir!“

Gurrý, einn af þjálfurunum í þáttunum, svaraði fyrir sig í útvarpsviðtali og vísaði ásökunum á bug.

„Ég held að það séu mjög margir sem sjái að við erum raunverulega að gera mjög góða hluti. Nema Tara ætlar að

vera svolítið sein að fatta það,“ sagði hún og hélt áfram: „Ég myndi segja við hana Töru að það sé kominn tími til að hún og hennar samtök fari að skrifa eitthvað uppbyggilegt. Það eina sem þau gera er að gagnrýna aðra, í staðinn fyrir að skrifa greinar og hvetja fólk til að vera sátt í eigin skinni. Hún gerir það aldrei. Hún sækir bara í athygli við að dissa aðra og dæma hvað hinir eru að gera.“

Tara svaraði Gurrý síðan á Facebook.

„Ætlið þið, sem fagfólk sem ber siðferðislega ábyrgð gagnvart skjólstæðingum ykkar, virkilega að yppta öxlum og láta sem ekkert sé? Ætlið þið að standa frammi fyrir fólki sem þið hafið skaðað, hlusta á það segja við ykkur: „Það sem þið eruð að gera veldur mér líkamlegri og andlegri vanlíðan“ og halda áfram að yppta öxlum? Eða það sem verra er segja þessu fólki að það sé bara að bulla? Afneita upplifunum þeirra og reynslu, ásamt hegðun ykkar? Hvernig samræmist það faglegri skyldu ykkar sem lærðir einkaþjálfarar? Eða einfaldlega siðferðisvitund ykkar sem manneskjur?“ skrifaði hún og bætti við: „Þið eruð ekki að vinna faglegt starf sem er í samræmi við gagnreyndar aðferðir. Og þegar ykkur er bent á það, hvað gerið þið þá? Jú þið farið í útvarpsþátt til að drulla yfir gagnrýnendur ykkar á ómálefnalegan hátt. Og haldið þannig bara sama striki.“



X D(avið)

Ein umfangsmesta ritdeila nútímans er án efa ritdeila Davíðs Oddssonar, ritstjóra Morgunblaðsins, og Sjálfstæðisflokksins. Davíð hefur verið hallur undir boðskap Miðflokksins og Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar og hefur margoft gagnrýnt Sjálfstæðisflokkinn og Bjarna Benediktsson. Hefur vefurinn Eyjan, sem er hluti af DV, fullyrt að Davíð fjalægist flokk sinn með hverjum leiðara og Reykjavíkurbréfi. Sérstaka athygli vöktu skrif Davíðs um níu tíu ára afmæli Sjálfstæðisflokksins fyrr á árinu þar sem hann vandaði flokknum ekki kveðjurnar og sagði það ekkert „endilega harmsefni“ ef honum yrði útrýmt. Halldór Blöndal, fyrrverandi ráðherra Sjálfstæðisflokksins, tók Davíð á beinið vegna skrifanna.

„Brefaskrifir geta verið hættulegar af því þær koma upp um mann, - lýsa því í



hvaða sálarástandi maður er þá stundina. Og auðvitað hefnir það sín, ef illa liggur á manni, - þá miklar maður hlutina fyrir sér og freistast til að fara ekki rétt með. Faðir minn kenndi mér að senda ekki slík bréf frá mér fyrr en að morgni, sem var holl ráðlegging og olli því að þau voru aldrei send,“ skrifaði Halldór.

Annar flokksmaður sem hefur gagnrýnt Davíð er Þorkell Sigurlaugsson, formaður velferðarnefndar Sjálfstæðisflokksins. Velti hann upp í pistil fyrir nokkru hvort Davíð væri fikill.

„Ég setti inn úrklippur af greinum fyrir þá sem eru illa lesnir og merkti með gulu „góða spretti“ úr Reykjavíkurbréfinu, en skrifin geta varla komið frá manni sem er í eðlilegu andlegu jafnvægi. Höfundur Reykja-

víkurbreðsins hefur áhyggjur af dalandi laganámi í landinu, en hann ætti frekar að leita sér aðstoðar við skrif sem eru orðin ávanabindandi fikn og farin að skaða höfundinn eins og svæsnasti e-coli vírus úr ís frá Efstadal II. Það sem er verra, hann er farn að skaða fjölda Íslendinga, því eins og forseti Filippseyja, sérstakur aðdáandi höfundar Reykjavíkurbreðsins sagði, „... þá borða Íslendingar bara ís!“ Ég þvoði mér um hendurnar eftir að lesa Morgunblaðið að þessu sinni. Þetta Reykjavíkurbréf er mikil hrákasmíð. Ég sé mikið eftir þeim trjágróðri sem felldur hefur verið til að prenta það í 12.000 eintökum svo ég vitni til sambærilegrar gagnrýni Davíðs Oddssonar á endurreisnarskýrslu Flokksins sem Vilhjálmur Egilsson, veitti forstöðu árið 2009.“

TUDOR rafgeymar

AGM þurrir rafgeymar
fyrir Start-Stop bíla



Viðurkenndir af öllum
bílaframleiðendum

Er snjósleðinn
tilbúinn fyrir
vetrarkuldann?



Betra start fyrir þig og þína

TUDOR

er hannaður til þess að þola
það álag sem kaldar nætur skapa.
Forðastu óvæntar upptökur.



Veldu
öruggt
start með
TUDOR

Við mælum
rafgeyma og
skiptum um
- Hraðþjónusta

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM



KLÁRIR Í BÁTANA!



Þurrir AGM eða síru rafgeymar fyrir tæki og rúllur



Hleðslutæki



Öflugir start rafgeymar í mörgum stærðum

Er jeppinn rafmagnslaus?



Veldu öruggt **TUDOR** start fyrir jeppann í vetur



Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta

 **SKORRI**

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

TUDOR

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

Hér er um augljósan galla að ræða sem kaupandi hefði átt að sjá við hefðbundna skoðun

Gallamál 101

Hagnýt atriði til umhugsunar ef þú telur fasteign þína gallaða



Erla Dóra
erladora@dv.is



Kjölfar fasteignakaupa komast kaupendur gjarnan að einu eða öðru sem amar að eigninni, sem þeir vissu ekki fyrir kaup. Slík mál eru í daglegu tali kölluð gallamál. Í vissum tilvikum geta meintir gallar orðið tilefni til afsláttar, skaðabóta eða jafnvel grundvöllur riftunar á kaupsamningi, en einnig er algengt að kaupendur verði að sætta sig við aðstæður. Er þá kannski ekki talið að um eiginlegan galla sé að ræða, eða að galli sé of lítilvægur til að skapa grundvöll bóta. Kaupendur og seljendur sem telja sig hafa réttinn sín megin hafa gjarnan margfaldað tjón sitt með kostnaðarsömum málaferlum án þess að málið hafi verið kannað til hlítar.

Eftirfarandi er ágætt að hafa í huga ef þú telur eign þína haldna galla.

Fékkstu rangar eða villandi upplýsingar fyrir kaup?

Á seljendum hvílir lagaleg upplýsingaskylda sem felur í sér að seljandi á að upplýsa kaupendur um öll þau atriði sem gætu skipt sköpum við gerð kaupilboðs og -samnings. Hafi seljandi gefið upplýsingar sem reynast rangar, eða villandi um gæði og eiginleika eignarinnar þá er um galla að ræða.

Var upplýsingum viljandi haldið frá þér?

Það er einnig um galla að ræða ef seljandi hefur vísitandi haldið upplýsingum frá kaupanda um atriði sem kaupandi hefði með réttu mátt búast við að fá upplýsingar um. Til dæmis ef seljandi hefur málað og sparslað í rakaskemmd vegna leka sem ekki er búíð að gera við. Slíkt væri aðeins gert í þeim tilgangi að leyndu galla við fasteignina svo grunnlaus kaupandinn kæmist ekki á snoðir um lekann.

Er þetta leyndur galli?

Leyndur galli er hugtak sem margir kannast við. Ekki jafn margir virðast þó vita hvað felst í því að leyndur galli komi upp í fasteignaviðskiptum. Ef galli er leyndur þá vissi seljandi ekki um hann. Slíkir gallar eru á ábyrgð kaupanda nema í þeim tilvikum þar sem gallinn reynist það mikill að hann rýri virði eignarinnar um tiltekna prósentu kaupverðs. Þessi prósentu er ekki fest í stein, af dómaframkvæmd má sjá að rýri galli virði eignar um meira en 10 prósent kaupverðs þá er gjarnan talið að um leyndan galla sé að ræða. Minniháttar gallar, sem seljandi vissi ekki um við söluna, verða ekki bótagrundvöllur og þurfa kaupendur yfirleitt að sætta sig við slíka galla. Sérstaklega ef fasteign er komin til ára sinna. Ef fasteign er auglýst sem 83 fermetrar en reynist svo 81 fermetri þá er ólíklegt að dómstólar fallist á að um leyndan galla sé að ræða. Hins vegar ef eignin hefði reynst 60 fermetrar þá væri um galla að ræða.

Er þetta nokkuð sem þú hefðir átt að sjá hefðir þú skoðað betur?

Þó svo á seljanda hvíli lagaleg upplýsingaskylda þá hvílir einnig sérstök aðgæsluskylda á kaupendum. Ef galli er eitthvað sem hefði átt að sjást við hefðbundna skoðun, eða ef ástæða var fyrir kaupanda að veita einhverju sérstakan gæm, svo sem merki um raka, móðu í gluggum og þess háttar, þá getur kaupandi misst réttinn til að bera fyrir sig galla. Hins vegar leysir þessi aðgæsluskylda seljanda ekki undan þeirri skyldu að upplýsa um þau atriði sem hann veit af og skipt gætu máli fyrir kaupanda, nema slíkt hafi

Hér hefði verið full ástæða fyrir kaupanda að skoða ástand eignarinnar sérstaklega vel og ólíklegt að hann gæti borið fyrir sig galla eftir afhendingu



bersýnilega verið óþarfi. Dæmi um eitthvað sem væri bersýnilega óþarfi væri að taka fram að parket væri í slæmu ástandi, en slíkt hefði kaupandi geta séð við hefðbundna skoðun.

Varstu fyrir fjártjóni?

Í íslenskum skaðabótarétti er tjónþolum að jafnaði ekki dæmdar bætur umfram það sannanlega fjártjón sem þeir hafa boðið. Því er ekki nóg fyrir kaupendur að geta sýnt fram á galla, heldur þurfa þeir að verðmeta gallann. Hefði þessi galli leitt til þess að þú hefðir boðið lægra í eignina eða jafnvel að þú hefðir ekki boðið í eignina yfirhöfuð? Hvað kostar að gera við gallann? Þarftu að yfirgefa húsið á meðan gert er við gallann? Stundum er auðvelt að finna kröfu tiltekna fjárhæð, í öðrum tilvikum þyrfti að fá fagmann til að meta tjónið. Allt fer það eftir atvikum og umfangi meints galla.

Er eignin ný eða notuð?

Ef um nýbyggingu er að ræða þá er bæði rétt og eðlilegt að kaupendur gangi út frá því að eignin sé að mestu gallalaus. Ef eign er eldri, eða notuð eins og eldri byggingar eru kallaðar í lögunum, þá verða kaupendur að gera ráð fyrir eðlilegu sliti og viðhaldsþörfum. Notaðar eignir eru eðlilega ekki fullkomnar og allar fasteignir krefjast viðhalds á einum eða öðrum tíma. Hins vegar ættu nýbyggingar réttilega að endast einhver ár án þess að krefjast viðhalds.

Hvað er langt liðið frá kaupunum?

Eftir að kaupandi hefur fengið eign afhenta hvílir á honum

skylda til að skoða eignina gaumgæfilega. Verði hann var við galla þá skiptir máli að tilkynna um það sem fyrst. Hins vegar eru sumir gallar þess eðlis að þeir birtast ekki fyrr en einhverju síðar. Til dæmis gæti verið um lekavandamál að ræða sem kemur aðeins fram í stórvíðrum. Það er þó líka slæmt fyrir seljendur að þurfa að eiga á hættu í lengri tíma eftir sölu að kaupendur beri fyrir sig galla. Því hefur lög-gjafinn sett vissan fyrningarfrest á slíkar kröfur, fimm ár. Að þeim árum liðnum getur kaupandi ekki sótt rétt sinn gagnvart seljanda hafi hann ekki sent tilkynningu um að hann telji eign haldna galla, innan frestsins. Hins vegar gildir fresturinn ekki ef seljandi sýndi af sér stórfellt gáleysi eða óheiðarleika.

Er hægt að ná sáttum?

Ef þú telur eign þína hafa galla og vilt bera það upp við seljanda til að fá afslátt eða bætur þá er langbest ef slíkt væri hægt að leysa í sátt. Ef til stendur að höfða dómsmál þá þarf að gera sér grein fyrir því að lögfræðingar rukka að meðaltali um 15–20 þúsund krónur á klukkustund, yfirleitt þarf að fá matsmann til að meta gallann og þar fyrir utan tekur málarekstur gífurlega langan tíma. Fólk hefur brennt sig á því í gegnum tíðina að jafnvel þó dómsmál vinnist þá sitja þeir eftir með mikil útgjöld vegna málaferlanna. Eins ef seljandi hefur neitað sáttum þá gæti hann átt það á hættu að þurfa að veita kaupanda afslátt eða greiða skaðabætur, og umfram það þurft að greiða lögfræðikostnað kaupanda. Ef vafi leikur á um réttmæti kröfu þá gæti borgað sig að reyna til hins ítrasta að ná sáttum áður en gripið er til dómstólaleiðar. ■



STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
KYNNIR:

JÓLA FJÖR



með

Bergrúnu Írisi

1. desember, kl. 17.00
Silfurberg

STJÓRNANDI OG ÚTSETJARI
Haukur Gröndal

GESTASÖNGVARI
Ragnheiður Gröndal





„Það vill greinilega enginn hafa 61 árs kerlingu í vinnu, það er bara málið“

■ Komin yfir fimmtugt eiga erfitt með atvinnuleyfi ■ Upplifa höfnun og fordóma ■ Veita þarf málaflokknum meiri athygli

Erla Dóra
erladora@dv.is



Atvinnulausar konur sem komnar eru yfir fimmtugt eiga erfitt um vik í atvinnuleit. Þetta kemur fram í meistararitgerð Önnu Moniku Arnórsdóttur til MA-gráðu í náms- og starfsráðgjöf. Í ritgerð sinni ræðir hún við sex konur sem allar eru komnar yfir fimmtugt og hafa reynslu af atvinnumissi og atvinnuleit á miðjum aldri. Allar telja þær sig hafa orðið fyrir miklum aldursfordómum í atvinnuleitinni og að reynsla þeirra og þekking hafi mátt síns lítils gegn „handónýtri kennitölu“.

Íslendingar eldast

Í ritgerðinni rekur Anna það að alþjóðlegar samanburðarkannanir hafi sýnt að fólk er meira virkt og lengur á íslenskum vinnumarkaði en annars staðar í Evrópu.

„Á árunum 2014 og 2015 voru tæplega 85% Íslendinga á aldrinum 55 til 64 ára starfandi á viðmiðunartímanum. Á sama tíma voru að meðaltali 52,5% einstaklinga á sama aldursbili starfandi í aðildarlöndum Evrópusam-

bandsins (ESB).“

Hins vegar séu miðaldrar og eldri Íslendingar stærsti hópur þeirra sem glímur við langvarandi atvinnuleysi, þá einkum konur yfir 50 ára að aldri.

Mannfjöldaspár reikna nú með því að meðalaldur Íslendinga muni hækka næstu áratugi. Í ritgerðinni segir Anna: „Þjóðin er að eldast samhliða bættum lífskjörum, einstaklingar lifa lengur og eru almennt við betri heilsu en áður. Að því gefnu er talið að vinnufæru fólki muni fjölga ört á komandi árum, þar sem aukin geta og vilji er til virkrar þátttöku í atvinnulífinu meðal þeirra sem komnir eru á seinni stig starfsferilsins.“

Fórnfýsi kvenna

Konurnar sex sem tóku þátt í rannsókn Önnu greindu allar frá því að hafa með einum eða öðrum hætti fært fórnir á vinnumarkaði til að greiða um fyrir fjölskyldulífi sínu eða frama maka.

„Allar konurnar töluðu um að hafa aðlagð náms- og starfsferil sinn að fjölskylduadstæðum og voru slíkar ákvarðanir ýmist teknar meðvitað eða ómeðvitað. Hér kom fram eitt meginþema, en

konunum bar saman um að fórnfýsi, fjölskylduábyrgð og kvenlæg hlutverk hafa haft áhrif á náms- og starfsferil þeirra.“

Sáu sumar kvennanna eftir þeim fórnunum sem þær höfðu fært, á meðan aðrar voru þakklátar því að hafa fengið tækifæri til að vera heimavinnandi.

Það er bara eins og maður sé dauður

Aðspurðar voru konurnar sex sammála um að atvinnuleit, eftir atvinnumissi á miðjum aldri, hefði gengið illa og upplifðu þær mikla höfnun. Sérstaklega þótti þeim vont að fá seint eða aldrei svör frá atvinnurekendum.

„Þetta lætur manni finnast svolítið eins og maður hafi lagt þetta allt á sig fyrir ekki neitt, fyrst að enginn annar vill viðurkenna það og ég veit innra með mér hvað ég kann. Ég bara neita að láta segja mér að ég kunnist þetta ekki. Það tekur enginn frá mér það sem ég kann [...] ég ætla bara að halda áfram og láta eins og aðstæður séu öðruvísi,“ sagði ein kvennanna. „Það vill greinilega enginn hafa 61 árs kerlingu í vinnu, það er bara málið,“ sagði önnur.

„Alveg sama hvað ég sækjum, það koma engin svör, þetta er aldurrinn, það er ekki spurning. Ég sé þetta fyrir mér, þeir sjá ferilskrána og aldurrinn og hugsa með sér – ha, sextug kerling, hvað eigum við að gera við sextuga kerlingu? [...] Það er bara eins og maður sé dauður þegar maður er kominn á ákveðinn aldur ... ég meina, maður gæti orðið 100 ára og enn í fullu fjöri.“

Séríslenskt fyrirbæri

Tvær kvennanna hafa verið í atvinnuleit erlendis á einum eða öðrum tíma og þar tíðkist ekki að senda mynd og kennitölu með atvinnuumsókn. Telja þær fyrirbærið vera séríslenskt og ýta undir aldursfordóma. Fordómar sem þessir geti jafnframt komið í veg fyrir að fólk sem er komið yfir vissan aldur treysti sér til að skipta um vinnu ef það vill breyta til. „Fólk er bara fast og með hendurnar bundnar og verður þess vegna að vera á sama stað þar til það fer á eftirlaun.“

Ein kvennanna hefur starfað áratugum saman í tæknigeiranum en hún segir þann bransa afar karllægan og æskudýrkun

þar mikil.

„Við konurnar sem erum komnar yfir fimmtugt höfum misjafna reynslu, en margar hafa afrekað mikið og hafa yfirfullan reynslubanka sem gæti nýst í starfi ... en það er bara skellt á og lokað fyrir, við fáum engin tækifæri.“

Ein kvennanna lenti jafnframt í því að starfsmaður Vinnuálagstofnunar tilkynnti henni: „Þú gerir þér grein fyrir því að þú ert með handónýta kennitölu.“

Mögulega þörf á lagasetningu

Anna Monika segir í niðurlagi ritgerðar sinnar að nauðsynlegt sé að veita atvinnumálum eldra fólks meiri athygli.

„Einnig væri gagnlegt að fá samanburð erlendis frá og kanna hvort þörf sé á löggjöf um mismunun vegna aldurs á vinnumarkaði. Auk þess gætu stjórnvöld tekið virkari þátt í stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf og stuðlað að því að þeir, sem komnir eru á seinna stig starfsferils, fái aukin tækifæri til að nýta starfsgetu sína betur en nú er gert.“ ■

BRA

BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNNS

SJÓVÁ



Frí Tjónaskoðun

★ **GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI** ★

Auðbrekku 27, Kópavogi
www.bilasprautun.is

554 2510

Stimplar eru okkar fag það eru skiltin líka

Mikið úrval af hurða- og póstkassaskiltum, barmmerkjum, hlutamerkjum, nafnatölflur í fjölbýlishús og fleira



**Áratuga reynsla
Örugg þjónusta**

LUNÐUR			
ÖLL SALA Í HUSINU BÖNNUÐ			
10	1001	1002	1003
9	901	902	903
8	801	802	803
7	701	702	703
6	601	602	603
5	501	502	503
4	401	402	403





Íslendingur keyrir þvert yfir Bandaríkin og til baka á 80 dögum

Ljósmynd/Durango Herald

■ 14.500 kílómetrar á vespu ■ Takmarkað ráðstöfunarfé
■ „Ég hef þurft að endurforrita hugann“

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Íslenskur fjallaleiðsögumaður, Michael Reid, og ísraelskur félagi hans, Yonatan Belik,

hyggjast slá heimsmet með því að keyra þvert yfir Bandaríkin og til baka á 80 dögum. Fararskjóti þeirra féлага er 50cc Honda vespa.

Bandaríski fréttamiðillinn

Durango Herald ræddi við þá féлага nú á dögnum, en þá voru þeir staddir í Mesa Verde-þjóðgarðinum í Colorado-ríki.

Hinn 3. nóvember síðastliðinn höfðu félagarnir keyrt rúmlega

10 þúsund kílómetra á 50 dögum. Keyrðu þeir þvert yfir norðurhluta Bandaríkjanna og tóku síðan U-beygju í San Francisco og héldu þaðan yfir til suðurrikkjanna. Markmiðið er að keyra alls níu þúsund mílur, rúmlega 14.500 kílómetra á 80 dögum, í gegnum 48 ríki Bandaríkjanna, og slá þannig heimsmet í lengstu ferð sem farin hefur verið á 50cc vespu.

Þurfti að endurforrita hugann

Á ferðalaginu hafa þeir verið að taka viðtöl og mynda fólkið sem verður á vegi þeirra, í von um að ýta undir samkennd og skilning á milli fólks, sem er ekki síst nauðsynlegt nú á tímum, þar sem hraðinn er mikill og samskipti fólks eftir því. Hafa þeir meðal annars hitt listafólk, iðnaðarmenn, fjölskyldur, heimilisláusa auk ótal annarra sem hafa deilt með þeim sögum úr hverdagslífinu, draumum og vonum.

„Markmiðið er að deila sögum fólks, til að mynda á samfélagsmiðlum, og gefa fólki tækifæri á að kynnst samlöndum sínum,“ segir Michael og bætir við að innihaldsrík samtöl við ókunnuga geti hjálpað fólki að sjá í gegnum hinar ýmsu staðalímyndir sem til eru í samfélaginu.

„Við ættum öll að venja okkur á að tengjast fólkinu í kringum okkur á jákvæðan hátt,“ segir hann jafnframt en hann kveðst hafa alist upp við þann hugsunarhátt að hann ætti að



Ljósmynd/Durango Herald

„Markmiðið er að deila sögum fólks“

vara sig á ókunnugum, þeir gætu verið vafasamir. „Ég hef þurft að endurforrita hugann, og við viljum koma þessum skilaboðum áfram.“

Þá segjast þeir yfirleitt hafa fengið bestu viðtökurnar frá fólki á þeim svæðum sem teljast fátæk. Þannig hafa bláókunnugir boðið þeim gistingu, mat og fatnað.

Fram kemur að vinirnir hafi lagt upp í ferðina með afar takmarkað ráðstöfunarfé. Þeir hafa sparað pening með því að gista í tjaldi, meira að segja þegar þeir heimsóttu Klettafjöllin frágu (Rocky Mountains) í snjókomu og nístingsfrostri.

Í lok ferðarinnar hyggjast þeir setja upp sýningu í Washingtonborg með ljósmyndum og viðtölum sem þeir hafa sankað að sér undanfarnar vikur. En þeir láta ekki staðar numið þar, en næst hyggjast þeir reyna að slá heimsmet með því að hjóla rúmlega 1.000 kílómetra á einhjólum yfir Ísrael, og rétt eins og fyrr, hitta og skrásetja kynni sín af heimamönnum.

Intersand.
ODOURLOCK
99,9% rykfrír
Sporast ekki
Gerður úr 100% náttúrulegum leir
Klumpast hratt svo lítið fer til spillis
Inniheldur einkaleyfisskylda tækni til að lyktarbinda

gæludýr.is
Fiskislóð • Bildshöfði • Smáratorg • Helluhraun
www.gaeludyr.is

Íslenskar netverslanir

08. nóvember 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



Crystal Nails er loksins komið til Íslands!

Sylvía kynntist Crystal Nails-vörum á ferðalagi í Búdapest og féll undir eins fyrir þessum frábæru naglavörum. „Ég fann strax að þetta væri gæðamerki og sá fyrir mér að það yrði flott viðbót í naglaflóruna hér heima.“

Vörumerkið varð til fyrir fimmtán árum þegar framleiðslufyrirtæki á naglavörum í Bandaríkjunum og Ungverjalandi sameinuðu krafta sína undir nafninu Crystal Nails. „Crystal Nails-vörur eru afar vinsælar hjá naglasnyrtifræðingum víðs vegar um heim og eru seldar í um þrjátíu löndum. Að auki er er Crystal Nails með yfir 70% markaðshlutdeild á naglavörumarkaðnum í Ungverjalandi,“ segir Sylvía Danielsdóttir, einkaumboðshafi Crystal Nails á Íslandi.

Aukin eftirspurn eftir góðum naglavörum

Það er nú ár síðan Sylvía byrjaði að selja Crystal Nails-vörurnar hér á landi. „Vinsældir Crystal Nails-varanna fara sívaxandi enda eru þetta hágæða vörur á frábæru verði. Auk þess er Crystal Nails löngu búin að festa sig í sessi innan keppnisheimsins, en Crystal Nails-naglafræðingar hafa unnið 200 keppni um heim allan með því að

nota eingöngu Crystal Nails-vörur.

Helstu viðskipavinir mínir eru naglafræðingar sem starfa á hinum ýmsu snyrtistofum landsins. Einnig er töluvert um að fólk sé að kaupa vörur til einkanota enda framleiðir Crystal Nails frábært CrystalLac gellakk í öllum regnbogans litum og áferð sem virkar með gelljósaloþpum. Þetta er hágæða gellakk er sterkbyggt og auðvelt í notkun.“


Stöðug vöruþróun

Úrvalið í vefversluninni kemur skammtilega á óvart. Crystal Nails framleiðir hágæðaefni fyrir hvort tveggja gel- og akrýlneglur. Einnig framleiðir Crystal Nails fjöldann allan af vörum til þess að undirbúa neglur fyrir frekari naglavinnu; tæki og tól eins og pensla, þjalir og ýmiss konar annan búnað fyrir naglasnyrtingu. Þá er frábært vöruúrval af naglaskrauti svo sem skrautsteinum, króm-pigmentum, glimmeri, micro-perlum og mörgu fleiru sem gerir fallegar neglur að algjöru listaverki. „Það koma nýjar vörulínur frá Crystal Nails um það bil þrisvar á ári, en efnafræðingarnir hjá Crystal Nails eru afar duglegir í vöruþróun. Allar nýjar vörur eru þrautprófaðar hjá naglafræðingum sem gefa svo sitt álit áður en þær eru settar á markað.“



Crystal Nails-vörurnar fást í vefversluninni crystalnails.is
Vefpóstur: crystalnails@crystalnails.is

is
Fylgstu með á Facebook:
[Crystal Nails Iceland](https://www.facebook.com/CrystalNailsIceland)



ENGILBERTS HÖNNUN:

Glænýjar og fallegar gjafavörur halda nafni listarinnar á lofti!

Pau Hjörtur og Greta Engilberts hanna gullfallegar gjafavörur, töskur, slæður, kerti, sérvíttur, tækifæriskort og margt fleira undir hönnunarkerkinu Engilberts hönnun. „Greta er dótturdóttir listamannsins Jóns Engilberts og langaði okkur að koma list hans á framfæri við almenning með gjafavörum og fleiru með áprentuðum teikningum og málverkum eftir hann, en Jón er einn ástsælasti listamaður þjóðarinnar. Okkur langaði að halda nafni Jóns á lofti og kynna list hans utan listasafnanna. Með þessum hætti eru verk hans ávallt sýnileg en ekki eingöngu þegar verkin eru í sýningu á listasöfnunum,“ segir Hjörtur Sólrúnarson.

Hver var Jón Engilberts?

Listamaðurinn Jón Engilberts (1908–1972) var og er þekktur fyrir einstaklega djafan en jafnframt fallegan stíl. Í grein Jóns Ózurar Snorrasonar um listamanninn segir að verkin einkennist af sterku og andstæðuríku litrófi í anda figúratífs expressjónisma. Jón var brautryðjandi í grafíklist hér á landi og einn stofnenda Íslenskrar grafíkur árið 1954. Verk hans eru þó unnin í afar fjölbreytta miðla og meðal annars eru til eftir hann vatnslitaverk, dúk- og tréristur, málverk, blýants- og blekteikningar og margt fleira.

Jón hafði fulla trú á grafíklistinni og taldi hana henta betur en önnur listform til árangurs, þar sem hún byggði yfir tjáningarformi

ádeilunnar ásamt því að vera seld á viðráðanlegu verði. En þessi hugmyndafræði Jóns er einmitt það sem Greta og Hjörtur vilja halda á lofti með vörulínu sinni, Engilberts hönnun. „Það er einfaldlega stefna hjá okkur að bjóða íslenska hönnun á þannig verði að sem flestir geti haft efni á henni,“ segja þau Greta og Hjörtur.

Fallegar og menningarlegar jólagjafir

Greta og Hjörtur stofnuðu Engilberts hönnun árið 2015 og nú eftir tveggja ára pásu hafa þau hannað glænýjar vörur og opnað glæsilega netverslun engilberts-hönnun.is/netverslun þar sem gjafavörurnar eru nú fáanlegar. Einnig eiga þau upplag af

grafíkverkum eftir Jón Engilberts og verða verkin seld í gegnum netverslunina. Vörurnar frá Engilberts hönnun eru fullkomnar í jólapakkann enda ákaflega fallegar, menningarlegar og skemmtilega öðruvísi.

Nýjar vörur á markaði netverslana

Engilberts hönnun verður með bás á Pop-up markaði netverslana í Víkingsheimilinu 9.–10. nóvember. „Einnig verðum við með bás á markaði í Laugardalshöll fyrstu helgina í desember. Þeir sem eru spenntir að fylgjast með er bent á Facebook-síðuna okkar, Engilberts-hönnun ehf. Þar má fylgjast með því sem er í gangi hverju sinni hjá Engilberts hönnun.“



Skemmtilegar hugmyndir fyrir aðventukransa.



Keramikbretti með mynd af Íslandi.



Vinnur með Þjóðararfinn og íslenska náttúru í fallegri hönnunarlínu Krums

Krumms er án efa með skemmtilegri hönnunarkerkjum sem finnast á Íslandi í dag. Grafíski hönnuðurinn Hrafnhildur hannar undir Krums-merkinu ýmsar fallegar gersemar með innblæstri úr íslenskri náttúru og þjóðararfinum sem gaman er að skreyta heimilið með og gefa ástvinum í jólagjöf.

„Nafnið Krums er komið af nafninu Hrafnhildur, en ég er skírð eftir ömmu minni, sem var alltaf kölluð Krumma. Sjálf er ég líka stundum kölluð Krumma litla. Krums fannst mér skemmtileg tenging í Krummu-nafnið og virkaði líka á alþjóðavísu. Ég lærði að meta handverkið í gegnum ömmu Krummu en hún var alltaf með eitthvert handverk í vinnslu. Það er mikið til af fallegu handverki eftir hana og eru verk hennar mér mikill innblástur í eigin hönnun. Þá fæ ég líka hugmyndir einfaldlega út frá því hvað mig vantar og hvað mig langar í. Það virðist vera nokkuð góður mælikvarði á það hvað aðrir eru hrifnir af. Ég er með góða aðstöðu til þess að framleiða nýjar vörur og reyni ég alltaf að gera eins mikið frá grunni og ég get. Þá hef ég meðal annars prentað mitt eigið mynstur á efni til þess að sauma handtöskur o.fl.“

Sérpantanir velkomnar

Hrafnhildur tekur að sér að framleiða, prenta og skera út vörur fyrir viðskiptavinum. „Þá sker ég út fallega kökutoppa með skilaboðum og nöfnum fyrir hin ýmsu tilefni. Svo prenta ég líka á tau, keramikplatta, álskilti og mdf-plötur fyrir fólk. Það má endilega hafa samband við mig í gegnum tölvupóst krumshonnun@gmail.com eða í síma 842-1307.“

Hönnunarvara á íslensku fyrir Íslendinga

Vörurnar frá Krums eru fjölbreyttar og eiga það allar sameiginlegt að vera sprottanar úr hugskoti Hrafnhildar. „Ég byrjaði að hanna undir Krums-merkinu fyrir átta árum þegar ég var að klára nám í grafískri hönnun í Danmörku. Mig langaði að nýta íslenska þjóðararfinn og inniheldur merkið því strandlínur Íslands. Þá er allur texti sem prýða vörurnar á íslensku. Það er mikið framboð af vörum sem nýta enska tungu í hönnun sína, en mig langaði að bjóða upp á mótframlag af hönnunarvöru á íslensku og fyrir Íslendinga.“ Hrafnhildur hefur nú búið á Íslandi í fimm ár og heldur ótrauð áfram að hanna nýjar og fallegar vörur undir Krums-merkinu. Þá prentar Hrafnhildur eigin hönnun á fallega dúka, löbera og viskastykki úr hágæða höri frá Litháen.

Drottinn blessi heimilið

Í hönnun sinni setur Hrafnhildur gömlu útsaums- og þrjónamynstrin í nýtt samhengi. „Ég vil gera mynstrin aðgengilegri og nota þau í öðruvísi útgáfum. Þá hef t.d. prentað gömlu mynstrin á boli, púða, löbera og fleira.“ Nýju keramikplattarnir frá Krums með áletruninni „Drottinn blessi heimilið“ er ný hönnun frá Krums og gott dæmi um þetta. „Áletrunina þekkja margir í sjón enda klassískt útsaumsmyndur. Áletrunin er prentuð með nútímataekni á keramikplattann sem er svo hengdur upp á vegg.“

Laserskorið jólasbraut

Hönnunarbækistöðvar Krums er að finna í bílskúrnum heima hjá Hrafnhildi í Grundarfirði á Snæfellsnesi. Þar hannar hún og framleiðir allar sínar vörur og notar til þess forlata stórprentvél og önnur tæki og tól. „Ég er eiginlega búin að sprengja utan af mér húsnæðið enda sífellt meira að gera hjá mér. Nýlega fjárfesti ég í laserskurðartæki og hef verið að hanna jólasbraut úr plexigleri.“

Þá sker ég út hátíðarkransa, servíettuhringi, jólakúlur, litil standjólátré og ýmislegt fleira. Ég er mjög spennt fyrir þessari viðbót í tækjalagerinn enda gefur skurðarvélin mér nýja möguleika og frelsi í notkun á efnivið og fleiru.“

Jólamarkaður í Vikingsheimilinu

Helgina 9.-10. nóvember mun Hrafnhildur selja Krums-vörurnar á Jóla Pop-up markaðinum í Vikingsheimilinu. „Þar ætla ég að vera með nýjustu vörurnar mínar til sölu, svo sem laserskorna jólasbrautið, Drottinn blessi heimilið-keramikplattana, Vikuplan og skipulagsplan með segli fyrir ísskápa, kökutoppa og margt fleira.“ Það er um að gera að kíkja við um helgina og kynna sér betur þessar skemmtilegu hönnunarvörur frá Krums.

Vörurnar frá Krums fást á vefversluninni krumms.is þar sem finna má fullt af skemmtilegum jólagjafa-hugmyndum fyrir heimilið og fleira.

Verkstæði Krums er á Eyrarvegi 20, 350 Grundarfirði.


Sími: 842-1307

Netfang: krumshonnun@gmail.com

Fylgstu með á facebook: Krums



Fallegir hitaplattar með Íslandi.



Myndir: Eypór Árnason

HEILSAN MÍN:

Andleg og líkamleg vellíðan og heilbriggt útlit

Heilsan mín býður upp á fjölbreytt úval af heilsu- og fegrunarmedferðum. Irena Auður Pétursdóttir, eigandi stofunnar, er sérfræðingur í ristilmeðferðum og hefur veitt slíkar meðferðir í sjö ár. Fyrst starfaði hún hjá Heilsuhótelu (Detox) á Ásbrú en nú hefur Irena opnað Heilsan mín í Hafnarfirðinum. „Ég hef orðið vitni að gríðarlegum árangri hjá meðferðaraðilum mínum. Fólk finnur jafnvel ótrúlegan mun á sér eftir fyrsta skiptið í ristilhreinsun. Það talar um aukna orku, léttleika og almennt betra skap.“

Ótrúlegur árangur af ristilmeðferðum

Ristillinn leikur stórt hlutverk í bæði meltingar- og ónæmiskerfinu. Hlutverk örvera í þörmunum er fjölbætt og taka þær þátt í efnaskiptum, ónæmisviðbrögðum og brjóta niður eiturefni í líkamanum. Þessi ferli eru stór hluti af því að húð, lifur og önnur líffæri og líkamskerfi starfi á heilbrigðan hátt. Ristilmeðferðir eru hannaðar til þess að hreinsa út öll eiturefni sem safnast upp í líkamanum og gefa honum nýtt upphaf. „Við erum ekki bara að hreinsa ristilinn heldur hefur meðferðin töluvert viðfeðmari áhrif á líkamann allan. Við ristilmeðferð hreinsast ekki bara ristillinn heldur

líkaminn allur sem og blóðrásin og önnur kerfi líkamans.“

Afrakstur ristilmeðferða er marþættur:

- bætir virkni ónæmiskerfisins, ristilsins og annarra líffæra líkamans
- minnkar kólesterol í hjarta- og æðakerfinu
- gefur húðinni ljóma
- hjálpar til við þyngdartap
- hjálpar til við að vinna gegn orkuleysi og ofþreytu, þunglyndi og fleiru sem getur stafað af illa ræstum líkama

Heilsan mín er eina stofan á landinu sem býður upp á þessar afar áhrifaríku og einstöku ristilmeðferðir.

HIFU Andlitslyfting án skurðaðgerðar

HIFU stendur fyrir „high intensity focused ultrasound“. HIFU er ómbylgjumeðferð þar sem notuð er sérhönnuð vél til að skjóta samþjöppuðum ómbylgjum djúpt niður í húðina sem hefur áhrif á húðlög og andlitsvöðva. HIFU eykur framleiðslu á kollageni og elastíni í húðinni og því afar áhrifarík meðferð í baráttunni gegn hrukkum og fínnum línunum í andliti. Meðferðin er svokölluð andlitslyfting án skurðaðgerðar og í mörgum tilfellum getur hún veitt

fólki allt að 3–5 ára yngra útlit. Andlitið lyftist og andlitsdrættir skerpast, húðin verður sléttari og stinnari, hægt er að vinna á signum augnalokum sem og siginni höku.

Nudd gegn kvíða og stressi

Heilsan mín býður upp á nokkrar gerðir af nuddmeðferðum, en nudd eykur blóðflæði í líkamanum, lagar efnaskipti og gefur aukna orku og ferskleika. Nudd getur hjálpað til við að vinna á stress- og kvíðavandamálum sem hjálpar til gegn svefnvandamálum. Heilsan mín státar af frábærum nuddara, henni Sangwan, sem kemur frá Taílandi. „Hún er sérfræðingur í taílensku og klassísku nuddi. Þeir sem hafa komið til hennar í nudd hafa verið himinlifandi enda veitir hún nuddmeðferð sem er sérsniðin að hverjum og einum. Þá greinir hún hvaða vandamál hrjá hvern og einn og nýtir þekkingu sína sem og taílenskar jurtir og olíur til þess að vinna á þeim í gegnum nuddið.“

Reiki er aldagömul óhefðbundin lækningameðferð sem japanski búddamunkurinn Mikao Usui fann upp og fullkomnaði. Meðferðin byggir á orkuheilun og reikimeistarar notast við tækni sem kallast handaheilun. Þá miðlar heilarinn alheimsorkunni gegnum hendur sér til þeirra staða í líkama meðferðaraðila þar sem

orkunnar er þörf. Í reikispekinni er sársauka og kvillum lýst sem stíflaðri orku eða ójafnvægi. Þá vinna reikimeistarar í því að opna fyrir orkuna, afstífla og koma á jafnvægi til þess að heila meðferðaraðilann.

Innrauð sána fyrir alla

Að stunda innrauð sánaböð hefur heilmikinn heilsufarslegan ávinning. Í innrauðri sánu hitnar líkaminn af völdum innrauðra hitageisla sem hita líkamann upp á þægilegan máta. Bylgjurnar hita ekki upp rýmið í kringum heldur eingöngu líkamann og auka svitamyndun sem hjálpar líkamanum að losa sig við skaðleg eiturefni. Einnig hafa innrauðu geislarnir jákvæð áhrif á blóðþrýsting og getur í sumum tilfellum hjálpað í baráttunni gegn svefnleysi. Geislarnir ná um fjóra sentimetra ofan í húðina, sem er töluvert meiri og dýpri virkni en hefðbundin sána, sem nær eingöngu um fimm millimetra ofan í húðina.

Pantaðu tíma í einhverja af þeim fjölmörgu heilsu- og fegrunarmedferðum sem Heilsan mín býður upp á, á vefsíðunni heilsanmin.com

Bæjarhraun 2, 220 Hafnarfjörður Sími: 852-2777

Fylgstu með á Facebook: Heilsan mín

Gæði

08. nóvember 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



RMK HEILDVERSLUN:

„Plastið brotnar niður í náttúrunni á 30 dögum“

RMK Heildverslun er framsækið umbúðafyrirtæki sem býður upp á gott úrval af umhverfisvænum umbúðalausnum fyrir hvers konar matvælaíðnað. „Við höfum fundið fyrir gríðarlegri aukningu á að fyrirtæki leggi aukna áherslu á að bjóða upp á umhverfisvænni umbúðir. Að sjálfsögðu tökum við þessari þróun fagnandi og leggjum ríka áherslu á að bjóða upp á eins umhverfisvænar umbúðir og hægt er fyrir hvern viðskiptavin.“

Okkar helstu umhverfisvænu valkostir eru ýmiss konar umbúðir úr pappa og pappír, bambus og tréhnífapör, PLA vörur og svo vörur úr bambus/sykurreyr

púlpi,” segir Vignir Jóhannesson, framkvæmdastjóri RMK.

PLA „plast“ sem brotnar niður á 30 dögum

En hvað er PLA? „PLA hefur oft verið nefnt „jurta plast“, en þrátt fyrir plastlíkindin er hér þó ekki um eiginlegt plast að ræða. Í stuttu máli er PLA unnið úr náttúrulegum jurtaefnum svo sem maissterkju eða sykurreyr. Vörur úr PLA eru 100% niðurbrotanlegar og henta í moltugerð. PLA vörur flokkast með lifrænum úrgangi eða almennu sorpi en fara ekki í plasttunnuna. Í náttúrunni brotna þær niður og jarðgerast en það er mismunandi hvað það tekur langan tíma. Við

fullkomnustu aðstæður brotnar PLA niður á 30–40 dögum.

Við bjóðum uppá PLA „boozt“ glös, drykkjarmál, salatbox, rör, hnífapör og margt fleira. Það nýjasta hjá okkur eru kaffimál úr pappa sem eru með PLA-húðun innan í í stað plasthúðunar. Það er líka gaman að segja frá því að í lok október munum við eingöngu vera með PLA húðuðu kaffimálin á lager hjá okkur og að sjálfsögðu PLA lok líka.

Það eru til umhverfisvænir möguleikar fyrir flestar plastvörur, en ekki allar,” segir Vignir. Plastið getur verið gott að því leyti að það þolir hita/kulda betur og getur lengt endingartíma matar. „Það er oft

talað um að það sé umhverfisvænna að pakka mat vel svo að hann endist, frekar en að hann skemmist og fari beint í ruslið. Það er alltaf eitthvað nýtt að koma á markaðinn og er ég viss um að eftir nokkur ár verði búið að leysa allt plast af hólmi.“

RMK er duglegt að fylgjast með nýjungum í umbúðageiranum og er sífellt að bæta við úrvalið til þess að koma æ betur til móts við viðskiptavini sína. Nýjar vörutegundir bætast við í hverri einustu viku og eru helstu nýjungar hjá RMK meðal annars frábærir veislubakkar.

Nánari upplýsingar á rmk.is
Vefpóstur: info@rmk.is
Sími: 554-2888

Sýnum tillitssemi k m m m m m m m m m m



SLÖKKVILID
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

Samgöng



og ökum varlega, neil heim

ustofa





KEY OF MARKETING:

Lærðu að setja upp þína eigin vefsíðu á tvö dögum!

Fyrtækið Key Of Marketing ætlar að bjóða upp á námskeið í vefsíðugerð dagana 20. og 25. nóvember.

Námskeiðið stendur yfir í tvo daga, þrjú tíma í senn. Farið er yfir öll grunnatriði til þess að setja upp flotta og skilvirka vefsíðu. Námskeiðið er verklegt og unnið er í kerfi sem kallast Shopify, en margar stærstu verslanir heims styðjast við Shopify.

Kennarar á námskeiðinu eru þeir Oddur Jarl Haraldsson og Ægir Hreinn Bjarnason en síðastliðin fimm ár hafa þeir unnið fjöldann allan af vefsíðum í Shopify-kerfinu.

Skráning fer fram á vefsíðunni www.keyofmarketing.is

Fyrir hverja hentar námskeiðið?

Námskeiðið hentar öllum sem eru með ágætis tölvukunnáttu og flækjustigið er ekki eins hátt og margir halda. Ef þú vilt byrja strax í dag að prufa þig áfram í Shopify-

kerfinu, smelltu á þennan link og þú færð 14 daga fría prufu.

Af hverju ættir þú að nota Shopify-vefsíðukerfi fyrir þinn rekstur?

Shopify er miklu meira en bara sölusíða

- Hægt er að halda utan um birgðastöðu.
- Beintenging við Facebook Shop, Pixel, Google Analytics o.fl.
- Hægt að vera með posa frá Shopify.

Hver sem er getur lært að setja upp Shopify-vefsíðu

- Þú þarft ekki að kunna neitt í forritun til að nota Shopify.
- Mjög notendavænt fyrir alla starfsmenn.

Ódýr lausn

- Ef vefsíða er keypt af forritara

sem gerir hana frá grunni er kostnaðurinn nánast aldrei undir milljón.

-Grunnkostnaður í kringum Shopify-vefsíðu er venjulega í kringum 0 kr.-50.000 kr. en verðið fer eftir því hversu dýrt útlit þú velur.

-Mánaðarlegur kostnaður er oftast í kringum 10.000 kr. og þá er hýsing innifalin.

Shopify býður upp á ótakmarkað magn af viðaukum

- Ef þú vilt að vefsíðan þín geri eitthvað sérstakt er mjög líklegt að það sé til forrit sem styður það.
- Sem dæmi, ef þú vilt tengja vefsíðuna við CRM-kerfið þitt er það minnsta mál.
- Setja inn up sell og cross sell.

Frábær þjónusta

- Ef þú lendir í vandræðum eða ert með spurningu er alltaf hægt að

ná beinu sambandi við ráðgjafa og venjulega færðu svar á innan við 10 mínútum.

-Ráðgjafarnir sleppa þér ekki fyrr en það er búið að finna út úr vandamálinu.

Gott fyrir SEO (search engine optimization)

- Google quality rate hækkar.
- Líklegra er að vefsíðan birtist ofar á google án þess að borga fyrir auglýsingar.

Öryggi

-Shopify passar upp á öryggi þitt og viðskiptavina.

-T.d. ef Shopify telur að líklegt sé verið að tala um kortasvindlara ert þú látinn vita.

Margar stærstu netverslanir heims nota Shopify Af hverju ættir þú ekki að gera það?



Íslendingar velja endurnýttar jólagjafir fyrir umhverfið!

Barnaloppa er heldur betur kærkomin bylting á íslenskum markaði en hjónin Guðriði Gunnlaugsdóttir og Andra Jónsson dreymdi um að fara í rekstur sem hjálpaði umhverfinu. „Það er ótrúlegt hvað fólk hefur tekið vel á móti okkur. Að opna Barnaloppuna er örugglega ein besta og skemmtilegasta ákvörðun sem við höfum tekið,“ segir Andri.

Endurnýtt jóla fyrir móður jörð!
Íslendingar verða sífellt meðvitaðri um umhverfið og sýna það í verki með því að flokka flöskur, plast, málm og pappa, vera með moltu og jafnvel kjúklinga í garðinum. „Við verðum líka sífellt betri í því að endurnýta. Desember í fyrra kom okkur til dæmis skemmtilega á óvart en þá kom fólk hingað inn í stórum stíl til að kaupa jólafatnað á börnin sín og jólagjafir handa börnunum í kringum sig. Í ár vonumst við til þess að það verði enn meira um að fólk gefi hvert öðru endurnýttar jólagjafir og ætlum við að bjóða upp á innþökkunarborð í verslun Barnaloppunnar þar sem má pakka gjöfum í umhverfisvænar gjafaumbúðir. Til þess að gera lífið einfaldara munum við einnig bjóða fólki að kaupa gjafir hjá okkur til þess að setja undir jólatréð í Smáralind. Þá kaupir fólk gjafir hjá okkur og við förum með þær upp í Smáralind og setjum þær undir tréð. Það er svo falleg hugmynd að gefa þeim börnum, sem minna mega sín, jólagjafir og enn fallegra er að gjafirnar séu umhverfisvænar.“

Börnin elska Barnaloppuna.
Með þessu vonumst við til þess að

ýta enn frekar undir að fólk kaupir notaðar jólagjafir. Ef við, foreldrarinn, gefum notaðar gjafir þá munu börnin okkar alast upp við að þetta sé hinn eðlilegasti hlutur. Það eitt og sér er þróun í rétta átt. Gott fyrir budduna og enn betra fyrir umhverfið og móður jörð.“

Hugmyndin kviknaði í DK
Fjölskyldan bjó um tíma í Danmörku og nýtti sér mjög mikið flóamarkaði þar. Það var síðan mánuði áður en þau fluttu aftur heim til Íslands að hugmyndin að Barnaloppunni kviknaði. „Við prófuðum sjálf að selja fatnað og fleira af stelpunum okkar á sams konar loppumarkaði í Danmörku. Þessi tegund af markaði er að finnskrifirmynd og því ekki á hverju strái á Norðurlöndunum og okkur fannst þetta algerlega vanta á Íslandi.“

En snilldin við Loppuna er að við sjáum alfarið um sölu og snum viðskiptavinum verslunarinnar eftir að leigjendur hafa sett básana sína upp. Svo má fylgjast með sölu í rauntíma í gegnum símann eða tölvuna. Okkur varð strax ljóst að það var mikil þörf á svona verslun og við erum afar þakklát fyrir frábærar móttökur. Það

er líka virkilega gaman að sjá hvað Íslendingar eru orðnir meðvitaðir um umhverfispáttinn og finnst gaman að taka þátt með því að hugsa vel um litlu „búðina sína“ hjá okkur. Við viljum líka trúna því að við höfum átt smá þátt í að breyta kúltúr og kauphegðun Íslendinga, bæði með því að bjóða upp á auðveldari leið til að endurnýta og losa sig við varning, sem og kaupa „second hand“ vörur á frábæru verði.“

Spöruðu 140.000 kr.
Það er ótrúlegt hversu miklar fjárhæðir má spara með því að kaupa notað í stað þess að fjárfesta í öllu nýju. Þegar um nýbakaða foreldra er að ræða þá getur listinn yfir allt sem þarf farið upp úr öllu valdi. Það vantar samfellur, barnavagn, bílstól, föt, leikföng, vögg og svo margt fleira. „Það er gaman að að segja frá því að það kom til okkar þar fyrir stuttu sem átti von á sínu fyrsta barni. Þau höfðu útbúið

langan lista af hlutum sem átti að kaupa fyrir barnið á meðan faðirinn, sem var flugmaður væri í 200.000 krónur miðað við verðlagið úti. Þau kíktu í Barnaloppuna af raelni til að athuga hvort þau fyndu eitthvað af listanum. Eftir að hafa verið hér í tvo

tíma komu þau að kassanum og sögðu okkur að þau hefðu náð að strika allt út af listanum fyrir 60.000 krónur! Þau spöruðu sér þarna 140.000 krónur, og það miðað við verðið í

Bandaríkjunum. Algjörlega frábært.“

Nánari upplýsingar á www.barnaloppa.is
Fylgstu með okkur á Facebook og Instagram: Barnaloppa – Barnaloppa
Barnaloppa, Skeifan 11d, 108 Reykjavík
Sími: 620-2080
Vefpóstur: info@barnaloppa.is



SAKAMÁL



FRANSKKT ELDHÚS

■ Rosso og félagar hans voru iðnir við bankarán ■ Koddahjal kærustunnar hafði

Frakkarnir Michel Renard og Philippe Rosso voru góðir vinir. Svo góðir að haft var á orði að ekki kæmist hnífurinn á milli þeirra. Þeir voru krúnurakaðir, hávaxnir og hvorugur þeirra var maður margra orða. Þónokkur ár skildu þessa nánu vini; Renard var 42 ára en Rosso 29 þegar þessi saga átti sér stað árið 1998.

Pólítík og bankarán

Þannig var mál með vexti að kumpánarnir voru meðlimir í Front Nationale-stjórnsmálaflokknum franska og báðir af heilum hug og gott betur.

Renard var heimavanari í flokknum, vann í höfuðstöðvum hans, það er þegar hann var ekki önnur kafinn við bankarán eða viðlíka iðju. Rosso var nýliði, nýlega laus úr hernum, og hafði gengið í flokkinn í einhverju bríari eftir að kærastan hafði sagt skilið við hann.

Þriðji félaginn

Leiðir þeirra félaga höfðu legið saman og svo vel vildi til að Renard var þá á höttunum eftir félagi í glæpina. Skömmu síðar kynnti Rosso gamlan vin sinn, Luc Onfray, fyrir Renard.

Onfray var af öðru sauðahúsi en hinir tveir. Hann var vel gefinn, kunni að meta klassíska tónlist og var lögfræðimenntaður. Onfray var reyndar einnig álíka vel að sér í meðferð skotvopna og innviða lögfræðinnar og því gekk þremmenningunum ákaflega vel í þeirri iðju að ræna banka í suðurhluta Frakklands, að stærstum hluta í grennd við Marseille.

Rosso og Alexandra

Hvað sem vinskapað Renard og Rosso leið, þá var ljóst að stundum var grunnt á því góða hjá þeim.

Nú verður kynnt til sögunnar Alexandra Martyn, ung, falleg kona með ljósa hárið bundið í tagl. Rosso hittir Martyn í fyrsta skipti í höfuðstöðvum Front Nationale. Með þeim tókust ástir, en það flækti málin þónokkuð að Alexandra Martyn var stjúpdóttir Renard, því í stað þess að verja kvöldum í höfuðstöðvum flokksins voru Rosso og Martyn í rekkjubrögðum á heimili Rosso í Nice.

„Ég hefði þó kosið að hann hefði verið drepinn með kúlu í höfuðið“

Koddahjal veldur vinslitum

Kvöld eitt þegar Rosso og Martyn köstuðu mæðinni eftir ástaleik breyttist koddahjalið hjá Martyn. Hún hafði ýmislegt að segja Rosso um stjúpföður sinn og af orðum hennar mátti skilja að ekki væri allt með felldu í þeirra samskiptum.

„Hann hefur beitt mig kynferðislegu ofbeldi svo árum skiptir. Ég get ekki sagt þér allt sem hann hefur gert mér,“ sagði Martyn við Rosso.

Eftir smá koddahjal í viðbót upplýsti Martyn þó Rosso um ýmislegt og þegar upp var staðið sauð á Rosso í garð þessa félaga síns.

Daginn eftir spurði Rosso Martyn hreint út: „Viltu að ég sjái um hann?“ og svar Martyn var skýrt og skorinort: „Já.“

Rosso leitar til Onfray

Rosso beið ekki boðanna og setti saman áætlun. Hann sá þó í hendi sér að hann þyrfti aðstoð og hafði því samband við gamla vin sinn, Onfray.

Onfray var meira en til í tuskid þegar Rosso sagðist vilja kenna Renard, stjúpföður kærustu sinnar, lexíu.

Eftir á að hyggja var þetta kannski misráðið af Rosso því Onfray var ekki þekktur fyrir neitt hálfkák og hafði nýlega gumað sig af því að hafa myrt sinn eigin föður, vott Jehova sem hafði neytt hann til að lesa Biblíuna og bannað honum að eignast vini.

Dularfullt hvarf föður

Onfray sagðist hafa skorid höfuðið af föður sínum: „Síðan los-



Kærastan Alexandra bar stjúpföður sínum ekki góða söguna.

aði ég mig við líkið með því að skera það í bita og hakka allt saman í matvinnsluvélinni.“

Hvort þetta var satt og rétt gat Rosso ekki giskað á en fyrir lá að faðir Onfray hafði horfið á dularfullan hátt árið 1995.

Rosso ákvað sem sagt að leita liðsinnis Onfray til að tukta Renard örlítið til – eða þannig.

Hamar í höfuðið

Þann 14. nóvember, 1998, var Renard boðaður á fund heim til Rosso, undir því yfirskeyni að ræða þyrfti næsta rán þeirra félaga.

Þar laumaði Onfray svefnlyfjum í drykk Renard og þegar það fór að hafa áhrif barði hann

Renard í höfuðið með hamri. Þar sem Renard lá meðvitundarlaus á gólfinu sagði Rosso að hann ætlaði út í búð að kaupa bakkelsi.

Þegar Rosso kom til baka að vörmspori var Renard liðið lík í stofunni heima hjá honum. „Þú áttir bara að kenna honum lexíu, ekki drepa hann,“ sagði Rosso við Onfray. „Hvað eigum við nú að taka til bragðs?“

Blóðbað í baðkari

Onfray sagði Rosso að slaka á; hann myndi sjá um þetta allt saman. Síðan bar Onfray lík Renard inn á baðherbergi, afklæddi það og setti í baðkarið. Að því loknu hófst hann handa við

að búta líkið niður á afar kerfisbundinn hátt og setti bitana í matvinnsluvélina í eldhúsinu sem breytti öllu saman í bleika kássu.

Það reyndist Rosso ofviða að fylgjast með handbragði vinar síns og því sagði hann: „Ég læt þig um þetta. Ég ætla út að kaupa jónur.“

Á heimleið úr þeirri för kom hann við heima hjá Alexöndru og sagði henni að hún þyrfti ekki að hafa áhyggjur af stjúpföður sínum þaðan í frá. Alexandra dreif sig á næstu lögreglustöð og sagði að stjúpfaðir hennar væri týndur. Í framhjálaupi hafði hún á orði að hann hefði niðst á henni kynferðislega – lengi og mikið.




S MEÐ SNÚNINGI

Þi morð í för með sér ■ Sektarkenndin náði yfirhöndinni að lokum



Philippe Rosso
Ákvað að gera kær-
ustu sinni greiða.



Í dómsal Lengi vel virtist sem Rosso og Onfray kæmst upp með morð.

„Síðan losaði ég mig við líkið með því að skera það í bita og hakka allt saman í matvinnsluvélinni

Stíflað klósett

Í íbúð sinni við Rue Dubray var Rosso með böggum hildar. Það sem við honum blasti var blóð uppi um alla vegg, nánast, og í einu horni var haugur af plastpokum. Innihald þeirra var það sem eftir var af Renard – beinin.

Luc Onfray sat makindalega í sófa í stofunni og reykti jónu. „Ég losa okkur við þá,“ sagði hann og kinkaði kalli í átt að pokunum.

Ekki hafði þó allt gengið sem skyldi hjá Onfray því hann hafði hent bleika maukinu í klósettið en „það var svo mikið af því að það virðist hafa stíflað það.“

Nú, það var seinni tíma vandamál og tvímenningarnir tóku á sig náðir.

Íbúðin þrífur hátt og lágt

Daginn eftir tóku þeir til við að þrifa íbúðina og að því loknu

hefði aðeins verið á færi rannsóknardeildar lögreglunnar að finna vegsummerki þess vöðaverks sem þar hafði verið framið.

Onfray og Rosso voru svo ákafir í að losa sig við líkamsleifar Renard að þeir steinglymdu að sjónir lögreglunnar beindust að þeim – ekki fyrir morð, heldur bankarán.

Liðu nú þrír mánuðir og virtist sem félagarnir hefðu komist upp með hinn fullkomna glæp. Þá hljóp snurða á þráðinn því í febrúar 1999 voru Onfray og Rosso handteknir og lögreglan vildi einnig hafa hendur í hári Renard, en hann var hvergi að finna.

Dæmdir fyrir bankarán

Það liðu þrjú ár áður en réttað var yfir Onfray og Rosso vegna bankarána. Onfray fékk 12 ára dóm, Rosso 16, og Renard – eðli málsins fjarverandi – fékk 20 ár.

Alexandra Martyn var aldrei

nefnd til sögunnar og vann þegar þarna var komið sögu á dagheimili og sennilega búin að sveipa skuggalega fortíð sína þykkri hulu.

Onfray og Rosso voru aftur á móti á bak við lás og slá, dagarnir voru langir og tíminn mjakaðist áfram með hraða snigils. Fátt var til dundurs og þeim mun meira hugsað.

Sektarkenndin sigrar

Í október, 2004, bugaði sektarkenndin Rosso og hann skrifaði orðsendingu til saksóknarans í Nice og leysti frá skjóðunni um afdrif Michels Renard. Rosso var mjög ítarlegur í frásögn sinni og dró ekkert undan.

Áhugi lögreglunnar var vakinn og hún heimsótti Onfray í fangelsið en hann neitaði allri aðild eða vitneskju um málið.

Íbúðin í Rue Dubray var rannsökuð hátt og lágt og það sem í

henni fannst tók af allan vafa um að þar hefði verið framið morð.

Alexandra Martyn var handtekin og ákærð fyrir aðild að morðinu og Rosso og Onfray voru kærðir fyrir morð. Í janúar, 2012, voru þeir aftur mættir í dómsal en ákærurnar ívið alvarlegri en bankarán.

Málalok

Alexandra Martyn viðurkenndi sinn þátt í morðinu sem hún sagði hafa einskorðast við að útvega svefnlyfið sem Renard var byrjað. „Ég hefði þó kosið að hann hefði verið drepinn með kúlu í höfuðið,“ bætti hún við.

Luc Onfray fullyrta að hann hefði bara slegið Renard í höfuðið með hamri; Rosso hefði síðan kyrkt hann.

Alexandra Martyn fékk fimm ára skilorðsbundinn dóm, Luc Onfray fékk 30 ára dóm og Philippe Rosso fékk 28 ár. ■

Nokkrar af undarlegustu samsæris

■ Leynibjónustan bjó til AIDS ■ Eðluelítan og dauðdagi Pauls McCartney

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dvis




Það hefur löngum vakið undrun margra af hverju lítill hluti fólks kys að trú á einhverju sem ítarleg og margvísleg gögn sýna að ekki er rétt. Það virðist einfaldlega sem þetta fólki hafi engan áhuga á staðreyndum eða sönnunum, enda stendur það fast við sitt. Þetta á við um marga þá sem aðhyllast samsæriskenningar af einhverju tagi, þeir virðast hafa bitið í sig að ekkert annað geti verið rétt og skipta þá staðreyndir og jafnvel vísindaleg gögn engu máli. En samsæriskenningar af ýmsu tagi lifa góðu lífi og ekkert virðist bita á trú margra á þeim. Hér ætlum við að nefna til sögunnar nokkrar af undarlegustu samsæriskenningum síðari tíma en samantektin er auðvitað engan veginn tæmandi því af nógu er að taka.

Paul McCartney er dáinn

Þessi kenning snýst um að Paul McCartney hafi í raun látist 1966 en andlátí hans hafi verið haldið leyndu því þá voru Bítlarnir á háttindi frægðarinnar og máttu ekki við því að missa McCartney. Þeir eru því sagðir hafa ráðið tvífara hans til að taka stöðu hans og svo heppilega vildi til að tvífarinn gat einnig sungið svo hann passaði fullkomlega í hlutverkið. Þessu til sönnunar er bent á að hljómplötur frá síðari tíma Bítlanna vísi til þessa. Þar hefur til dæmis verið nefnt að The Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band-hljómplatan fjalli um dauða McCartney, að minnsta kosti að hluta. Í laginu A Day in the Life segir til dæmis á einum stað: „He blew his mind out in a car“. Einnig megi heyra sagt: „Paul is dead, miss him, miss him“ sem er þó aðeins hægt að heyra ef lagið er leikið afturábak. Lennon umlar einnig „I buried Paul“ í lok „Strawberry Fields Forever“, en hann neitadi því síðar að einhver dulin meining væri í þessu og sagði að það sem hann hafi sungið væri: „cranberry sauce“. Einnig hefur myndin á umslagi Abbey Road-plötunnar verið nefnd þessari kenningu til stuðnings. Það er sú fræga mynd þar sem John Lennon, hvítklæddur, er í fararbroddi fyrir „líkfylgd“ sem er að fara yfir götu. Ringo Starr kemur næstur og er hann svartklæddur eins og sá sem syrgir en George Harrison, sem er síðastur, er í gallabuxum er hann sagður tákna þann sem tók gröf McCartney. Á undan honum er McCartney sem gengur ekki í takt við hina og er berfættur sem er að mati sönnun sumra fyrir að þarna sé um staðgengil hans að ræða þar sem hinn raunverulegi McCartney hafi verið látinn og skóleysið sanni það því látnir þurfi enga skó þegar þeir komi á áfangastað sinn.

Elvis er enn á lífi

Konungur rokksins, Elvis Presley, lést 16. ágúst 1977, eða hvað? Ef samsæriskenningar eru réttar þá



Langlíf samsæriskenning
Margir halda því fram að Elvis lifi.

dó hann ekki þá. Hann er sagður hafa sviðsett eigin dauða og hann starfi nú sem verkamaður í Graceland. Til að styðja þessa kenningu hefur meðal annars verið birt óskýrt myndband á YouTube af einstaklingi sem nefnir sig „The Shadow“. Í myndbandinu sést skeggaður maður sem „The Shadow“ segir að sé Elvis 81 árs að aldri. Ekki eru allir sáttir við kenningar um að Elvis sé á lífi og vilja að hann fái „að hvíla í friði“ en samt sem áður er ósennilegt að trú á samsæriskenningar um að hann sé enn á lífi lognist út af á næstunni. En Elvis er orðinn 84 ára ef svo ólíklega vill til að hann sé enn á lífi.

CIA og AIDS

Allt frá því að fyrst var staðfest að veira, sem var nefnd HIV og orsakaði AIDS, væri til í Bandaríkjunum 1981 hafa verið uppi samsæriskenningar um uppruna hennar og ástæður fyrir því að hún varð til. Ein þeirra ótrúlegustu, sem nýtur mikillar hylli, gengur út á að bandaríska leynibjónustan CIA hafi búið hana til samkvæmt fyrirmælum Richards Nixon Bandaríkjaforseta. Tilgangurinn með veirunni hafi verið að eyða samkynhneigðum og svörtu fólki af yfirborði jarðarinnar. Þekkt fólk hefur látið hafa eftir sér að það telji þessa kenningu rétta. Þar má til dæmis nefna Thabo Mbeki, fyrrverandi forseta Suður-Afríku, sem hampaði kenningunni eitt sinn og sagði hana „draga í efa vísindalegar staðhæfingar um að veiran væri upprunnin í Afríku“. Hann sakaði Bandaríkjastjórn um að hafa búið hana til í tilraunastofum hersins. Vistfræðingurinn og Nóbelsverðlaunahafinn Wangari Maathahai studdi einnig þessa kenningu. Gögn liggja fyrir um að þessi tenging CIA við veiruna hafi verið runnin undan rifjum sovésku leynibjónustunnar KGB og hafi verið hluti af áætlun um að draga úr trúverðugleika Bandaríkjanna

Karl Bretaprins Hvar eru vampírutennurnar?



á alþjóðavettvangi. Aðgerð KGB gekk undir heitinu „Aðgerð sýking“. Allan níunda áratuginn birtu Sovétmenn bréf frá „nafnlausum bandarískum heimildarmönnum“ sem staðhæfðu að veiran væri afleiðing tilraunar á vegum CIA sem hefði farið úrskeiðis. Þessi kenning náði góðri fótfestu og lifir góðu lífi enn þann dag í

dag þrátt fyrir að flestir vísindamenn og læknar séu sammála um að veiran hafi borist í menn úr öpum í Kongó á fjórða áratug síðustu aldar.

Lyfjafyrirtækin leyna því að lækning sé til við krabbameini

Langlíf samsæriskenning gengur út á að læknar og vísinda-

menn með stór lyfjafyrirtæki í fararbroddi hafi fyrir löngu fundið lækningu við krabbameini en hafi haldi henni leyndri fyrir almenningi. Rökin á bak við þessa kenningu eru að svo miklir peningar séu í spiliinu í tengslum við krabbameinsmeðferðir um allan heim að fyrirtækin vilji ekki fórna þeim. Ef lækningin væri kynnt til

Kenningum síðari tíma – fyrri hluti



Paul McCartney Sprellifandi eins og sést.



Getur þetta staðist? Geimverurnar hefðu getað sagt okkur mikið meira en bara hvernig ætti að raða upp grjóti.

sögunnar myndi það draga mjög úr tekjum þeirra og þess utan myndu margir lækningar og vísindamenn standa uppi verkefnalausir. Það er auðvitað ljóst að stóru lyfja-fyrirtækin eiga ekki upp á pallborðið hjá mörgum en engin gögn hafa komið fram sem styðja þessa samsæriskenningu og ólíklegt verður að teljast að hægt væri að halda tímamótauppgötvun sem þessari leyndri því þúsundir ef ekki milljónir manna yrðu að taka þátt í að leyna henni. Þá má einnig

hugleiða að það er eiginlega meira vit í því að selja lækninguna við krabbameini en leyna henni því það myndi eflaust gefa meira í aðra hönd en það sem fæst með núverandi meðferð við krabbameini. Í umfjöllun Forbes um málið er einnig bent á þá athyglisverðu staðreynd að vísindamenn séu manneskjur og að manneskjur geti ekki þagað yfir leyndarmálum og því væri ekki hægt að leyna uppgötvun á borð við þessa, ekki einu sinni í einn mánuð.

Geimverur í Stonehenge

Steinarnir í Stonehenge og upp-röðun þeirra hefur löngum heillað fólk og valdið heilabrotum. Þeir hafa að vonum verið gjöf-ull uppspretta samsæriskenninga. Ein áleitnasta spurningin í tengslum við þá er hvernig þeir, sumir allt að 50 tonn, voru fluttir til Stonehenge og raðað upp á þann hátt sem þeir standa enn þann dag í dag. Hjólið var ekki fundið upp fyrir en um fimm öldum eftir að talið er að Stonehenge hafi verið komið upp og því eru engin augljós svör við hvernig þessir stóru og þungu steinar voru fluttir. Margt af því sem vísindamenn vita um Stonehenge er byggt á upplýstum ágiskunum og rannsóknum sem eru sífellt í þróun. Niðurstöður einnar þeirrar nýjustu eru að steinarnir hafi alltaf, að meira eða minna leyti, verið þar sem þeir eru í dag. En ef vísindamenn lesa bækur á borð við „Chariots of the Gods?“ eftir Erich von Däniken þá komast

þeir í kynni við kenningar um að margar fornar minjar á borð við Stonehenge, höfuðin á Páskeyju og pýramíðana í Egyptalandi hafi verið byggðar með tækni og kunnáttu sem geimverur, sem líktust guðum, létu mannkyninu í té. En af hverju geimverurnar létu mannkyninu í té upplýsingar um hvernig átti að reisa steinana í Stonehenge en ekki upplýsingar um hjólið og gagnsemi þess er hins vegar stóra spurningin sem enn hefur ekki verið svarað af samsæriskenn-ingasmiðum.

Eðluellítan

„Eðluellítan“ gengur út á að eðlur, sem eru í mannlíki, lifi meðal okkar og hafi það að markmiði að hneppa okkur í ánaud og gera okkur að þrælum. Því hefur verið haldið fram að bandaríski skemmtikrafturinn Bob Hope, breska konungsfjölskyldan og George W. Bush og Bill Clinton, fyrrverandi Banda-

ríkjaforsetar, tilheyri eðlufólkinu. Það er sagt vera af ættflokki Anunnaki sem hafi komið til jarðarinnar í leit að verðmætum.

Karl Bretaprins er vampíra

Til eru samsæriskenningar sem ganga út á að Karl Bretaprins sé vampíra. Ekki kemur fram hvernig það fer saman við að tilheyra eðlufólkinu sem hann hlýtur að gera ef samsæriskenningin, sem var nefnd til sögunnar hér á undan, á við rök að styðjast. En hvað um það. Kenningin um vampírutengsl Karls á að vissu leyti sögulegar rætur og byggir á smávegis staðreyndum. Talið er að Karl sé afkomandi Vlads staksetjara sem var fyrirmynd Drakúla í sögu Brams Stoker. Prinsinn getur rakið ættir sínar til Vlads staksetjara í gegnum langalangömmu sína.

Í næstu viku höldum við áfram umfjöllun okkar um undarlegar samsæriskenningar. ■





Intersand.
ODOURLOCK


99,9% rykfrír
Sporast ekki

Gerður úr **100% náttúrulegum** leir
Klumpast hratt svo lítið fer til spillis
Inniheldur einkaleyfisskylda tækni til að lyktarbinda

gæludýr.is

Fiskislóð • Bildshöfði • Smáratorg • Helluhraun
www.gaeludyr.is

Tímarvélín



**Gamla
auglýsingin**
10. júlí 1987

Kona sem hirðir ekki um sig er sek gagnvart þjóðfélaginu

■ Gamla kvennabækur innihalda skrautleg ráð ■ Ofuráhersla á útlitið

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



A fyrri hluta seinustu aldar voru nokkrar bækur gefnar út á Íslandi sem áttu það sameiginlegt að höfða til ungra stúlkna og kvenna og innihalda ýmis ráð varðandi fegurð, snyrtingu og framkomu. Ein elsta bókin sem blaðamaður DV komst yfir er Fegrin og snyrting frá árinu 1939, eftir norska lækinn Alf Lorentz Örbeck í þýðingu frú Kristínar Ólafsdóttur.

Óhætt er að fullyrða að sum af þeim ráðum sem gefin voru kvenþjóðinni á árum áður myndu vekja hörð viðbrögð ef bækurnar væru endurútgefnar í dag.

Aðlaðandi er konan ánægð

Aðlaðandi er konan ánægð eftir bandarísku leikkonuna Joan Bennet kom út í íslensku þýðingu árið 1945. Bókin seldist upp á stuttum tíma og var endurútgefin rúmlega ári síðar.

„Handbók um allar nýjungar, sem lúta að fegrin, snyrtingu og klæðnaði kvenna. Allar konur og ungar stúlkur, sem vilja vera

Ekki of ung fyrir andlitsnyrtingu

Það er ótrúlegt hve mikið rétt — og þó hófleg — andlitsnyrting getur gert fyrir andlit sem annars er hversdagslegt. Hver einstaka stúlka hefur einhverja góða andlitshluta, alveg eins og hún hefur aðra, sem ef til vill er þörf á að dylja. Það er mikilvægt að maður geri sér sjálfur ljóst raunverulegt gildi snyrtingarinnar. Hún er ekki til þess ætluð að hylja ljóta húð, heldur til að leiða í ljós hina eðlilegu fegurð, og snyrting sem framkvæmd er á réttan hátt, getur gert sitt til þess að skapa ímynd fegurðar.

Hreinsið aldrei hörundið með hreinsunarkremi áður en snyrting er framkvæmd, því að við það verður húðin feit, jafnvel þótt sterkt andlitsvatn sé borið á hana á eftir. Þvíð alltaf hörundið úr vatni og sápu og vætið hörundið í andlitsvatni, um leið og búið er að berra það. Ef húð.



snyrtilega búnað og nota fegurðar-meðul af smekkvísi og kunnáttu, ættu að kaupa þessa bók strax í dag, því að á morgun verður hún kanski uppseld.“ segir í auglýsingu Tímans frá því í september árið 1946.

Í inngangi bókarinnar ritar Joan Bennet að á síðustu þremur áratugum hafi flestar af þeim dygðum og síðvenjum sem kallaðar voru kvenlegar farið veg allrar veraldar. Rekja megi að til heimsstyrjaldarinnar, þegar konur voru kallaðar til starfa burt frá heimilinu.

„Áður fyrr fannst sumum það dyggð hjá konunni ef hún var ljót. Nú á dögum er það játað af þeim sem vinna að velferð líkama og sálar að það sé vart heilbrigð kona sem hefur ekki rænu á að hugsa um útlit sitt, reynir ekki að vera aðlaðandi. Ef konan er aðlaðandi er henni veitt eftirtekt, og það er einmitt hollt sálarheill hennar.“

Á öðrum stað stendur:

„Kona sem nú á tímum vanrækir það að stuðla að vellíðan sinni og heilbrigði er sek gagn-



Að koma inn

Smeygið þér yður inn úr dyragottinu með augun á hurðinni eða handfanginu, og þú nærst á gólfinu eða loftinu?

Eða, komið þér ef til vill aðandi inn með fyrirgangi og látið hurðina sveiflast stjórnlásum?

Eða ef til vill byrjið þér að tala eins og handræð manns án þess að taka tillit til þess hvort séu þér talið til er: (a) að tala við einhverja annan, (b) að tala í símanum, eða (c) ónæm kufna við að leggja saman tölur á blaði?

Leyndardómurinn við fagaða inngöngu er í því tilgátt, að koma hávaðalaust inn og loka dyrnum með báðum höndum að baki yður, þannig að þér horfið inn í herbergið. Myndin er jafnvel ennþá skemmtilegri ef þér færist yður í miðjar dyrnar, sem þú „innramma“ yður. Lítið á þann eða þá, sem inn er, með bros á vör (og bjóðið „góðan daginn“ o. s. frv., ef tilefni er til).

Að ganga út

Leðist þér að dyrnum og innest út um gættina eins og feimil barn?

Eða, sveiflið þér ef til vill hurðinni frekjust og kærrið yður kollótta þótt hún skelli harkalega að stöfnu?

Þegar þér réttið út hendina til að taka um handfangið, skjótið þér yður þá í keng og rekið síðan andan aftur?

Leyndardómurinn við að ganga dómlega út, er að ganga rólega til dyranna, standa bein og rétt um leið og þér opnið. Og um leið og þér gangið út, líti þér um áxl með „kveðju“-brosi, eða jafnvel snú höfðinu aðeins svoltið til hliðar, þér megið ekkert óleika þetta. Lekið dyrnum án háks og umframt allt hljólega.

vart þjóðfélaginu. Hún er því jafn hættuleg og skemmdarvargur, vörður, sem sefur þegar hann á að vaka, eða liðhlaupi og hún verðskuldar þá refsingu, sem verður hennar hlutskipti, að vera ein og yfirgefin. En það hlutskipti er ekki öfundsvært.“

Í fyrstu málsgrein kaflans Að geðjast karlmönnum tekur Bennett fram að karlmanninum sé launung á því að konan vill geðjast honum og honum „geðjist meira að segja að því“.

„Hitt gremst honum, að við vanmetum hann, er við reynum að veiða hann í net okkar með kænskubrögðum sem ekki byggjast á tryggri undirstöðu.“

Á öðrum stað segir Bennett karlmenn frekar hrífast af glæðlegu andliti en mjög fríðu. Hún gefur eftirfarandi ráð:

„Reisið upp brettar brúnirnar, lyftið munnavikum upp, rekið deyfðina úr augunum. Látið sírenurnar „filmunnar“ um ólundarsvipinn. Ánægja, sem karlmenn hafa af því að horfa á óundarleg andlit er aðeins fólgin í vitneskjunni um það, að þeir þurfti ekki að hafa þau fyrir augunum alla daga.“

Þá segir Bennett að karlmenn kjósi heldur konu sem er kvenleg, en hina sem er „áberandi fegurð og nýttizkuleg“.

„Þegar maður sem lítur á yður hefur virt fyrir sér andlit yðar og klæðaburð veitir hann athygli

svipbrögðum yðar. Vitandi eða óafvitandi athugar hann hvort þér eruð „lifandi“ vera, röskleg á að líta. Þau áhrif sem hann verður fyrir næst allra fyrstu sýn eru undir fjöri yðar og röskleika kominn. Með fjöri á ég ekki við ungmeyjaleg latalæti og fliss, heldur lífsfjör, blátt áfram, frjálsmannlega framkomu, sem ber vott um lífsþrótt, lifandi áhuga og greind.“

Ung og aðlaðandi

Ung og aðlaðandi - handbók fyrir ungar stúlkur um líkamsrækt og snyrtingu kom út á Íslandi árið 1957 en höfundur er hin danska Olga Golbæk. Í bókinni má finna ýmis fegurðar- og heilsuráð fyrir unglingsstúlkur en mörg þeirra hljóta að teljast úrelt.

Í kafla sem snýr að umhirðu húðarinnar er stúlkum til að mynda ráðlagt að auka fegurð húðarinnar með „seyði af perlugrjónum til næringar, seyði af altæa (læknastokkrósum) til að mýkja, seyði af salathöfði til að auka teygjandleik og seyði af ylli til að hressa.“



Þá er einnig mælt með stúlkum smyrji á sig borðediki þegar þær stundi sólböð þar sem það auki brúna litinn.

Á öðrum stað í kaflanum má finna uppskrift að sérstöku fegrunarkremi sem inniheldur meðal annars rjóma, hunang og natron, og einnig má sjá uppskrift að svitameðali sem fæst með því að

REYKJAVIK RAINCOATS



REYKJAVIK RAINCOATS
LAUGAVEGUR 62, 101 RVK
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177



blanda saman aluminúmklóryð, bórsýru og eimuðu vatni. Fram kemur að efsta lagið af mjólk eða rjóma, einnig þegar það er súrt, hafi „einkum góð áhrif gegn byrjandi hrukkum við augum, og græði jafnframt sprungnar varir.“

Í kafla sem snýr að umhirðu hárs er fullyrt að hægt sé að fá fallegt, sterkt og gljáandi hár með því að drekka blöðruþangste, þar sem það sé ríkt af jöði. Í kaflanum Falleg, skær og frískleg augu stendur að „ekki sé hægt að neita því að falleg, ljómandi augu, með föstum, frjálsum svip séu meira virði en dýrustu gimsteinar“ og er stúlkum ráðlagt að baða augun á sama tíma og tennur eru burstaðar.

„Einn sinni í viku má setja einn dropa af appelsínu eða sítrónusafa í hvorn augnkrók, það sviður andartak, en þetta hefur fegurandi og hressandi áhrif á augun. Vegna þess hve sjór inniheldur mikið magn af jöði og málmsöltum hefur hann einnig afar góð áhrif á augun, og á sumrin ættu því allar stúlkur sem stunda sjóhöfð að synda í kafi með opin augu eða setja saltvatn í lófana og baða augun úr því.“

Í kafla sem snýr að limaburði segir meðal annars:

„Reynið að taka eftir fótleggjum dansmeyja. Þeir eru næstum alltaf fallegir, þótt kálfarnir séu stundum fullkraftalegir, en öklarnir eru ævinlega grannir. Það væri því góð hugmynd að nota nokkrar af æfingum þeirra: Gangið mikið á tánum og gangið alltaf á tánum upp stiga. Það er að minnsta kosti æfing sem hægt er að gera daglega, án þess að mikill tími fari í það.“

Í kaflanum Vatn er bezta fegurunarlyf ungra stúlkna segir að vatn hreinsi og hressi allan líkamann og þá hafi rigningavatn

undursamleg áhrif á hörundið: það verði mjúkt og slétt og hárið létt og gljáandi. „Áður fyrr voru salathöfuð soðin í rigningavatni og seyðið notað til þvo hörund og hár. Þetta ráð er enn í sínu gildi. Það gefur bæði hörundi og hári silkislikju.“

Í kaflanum Fegurunarlyf náttúrunnar mælir höfundur með því að smjör sé notað sem hörundsmyrsl.

„Vegna fitu og vítamín innihaldsins er smjör afbrags meðal til að hreinsa og næra hörundið, alveg eins og það vinnur gegn smáhrökkum.“

Bókinni lýkur á kaflanum Ögn um háttvísi þar sem finna má lista yfir 14 reglur varðandi hegðun, atferli og framkomu.

Meðal annars segir að karlmaður eigi alltaf að ganga á undan inn í veitingahús til að finna borð. Þá sé „bæði dónalegt og tillitslaust að nota síma vinnu sinni á tíma og ótíma. Þá sé það „jafnmikil ókurteisi að benda á fólk eins og að snúa sér eftir því á götunni.“

Tízku-bókin

Tízku-bókin eftir Mary Young kom út hér á landi snemma á sjöunda áratugnum. Í auglýsingu Tímans frá í október 1963 er bókinni lýst sem „ýtarlegri handbók um fegurun og snyrtingu, mannsiði, framkomu, klæðnað, persónuleika og margt fleira gagnlegt.“

Í fyrsta kafla bókarinnar er ungum stúlkum kenndar reglur um svipmót og fas og bendir höfundur meðal annars á að óþægileg hugsun, leiði og hatur eða gremjuorð geri þær ekki aðlaðandi, og að áhyggjusvipur, gretta eða sjálfsvorkunn tæri fegurð þeirra og bæti árum við aldurinn.



„Aftur á móti bregða blíða, góðvild og alúð töfraspota á svipmót okkar til fegurunar.“

Í upphafi kaflans Framkoma, þar sem kvenþjóðinni er kennt að sitja, standa og ganga á við-eigandi hátt, bendir höfundur á að „yður er gefin einkunn að verulegu leyti í samræmi við það hvernig þér gangið, sitjið, standið og berið yður í tröppum, eftir háttvísi yðar og umgengi yðar yfirleitt.“

Þannig ráðleggur Young til að mynda stúlkum að setjast inn í bíl:

„Klöngrist þér með annan fótinn á undan klaufaleg í hreyfingum og teygid og togid pilsid? Skynsamar stúlkur fara aftur á bak inn í bílinn. Grípid höndum aftur fyrir yður á meðan þér tyllið yður á brún sætisins og síðan með kné og fætur saman, ýtið þér yður aftur í sætinu um leið og

„Mætið sjálf einni eða tveim mínútum of seint (alls ekki fimm mínútum of seint) því að skemmtilegast er að kavaleringinn sé mættur á undan og bíði yðar

þér dragið fætturna að yður, beygið yður þá fram á við um leið og þér lyftið fótunum inn í bílinn.“

Í kaflanum Rómur og hlátur er stíklað á stóru hvað varðar hegðun í samkvæmum. Að flissa er sagt vera „mjög óskemmtilegt, bæði fyrir yður sjálfa og aðra. Í rauninni telja margir það ókurteisi. Þér vitið það af reynslu að því oftast sem þér leyfið yður það, því meiri tókum virðast það hafa á yður.“

Sama gildir um það að hvísla sem er að sögn höfundar „ósmekklegt hvernig sem á það er litið. Þér eigið á hættu að vera talin ókurteis, leiðinleg eða jafnvel illgjörn.“

Konum er ráðlagt frá því að tala of mikið, sem sé oft talið mjög kvenlegur löstur, og sömuleiðis að tala of hátt, sem geti verið ókvenlegt, uppskafningslegt og ónægðislegt. Þá segir höfundur ekki síður ókvenlegt, og afar ógeðfellt að nota „skrílmál“ og bölvu. Þá eigi konur í sambúð meðal annars að forðast tuldrandi rödd, skræk-an róm, tilbreytingarlausu rödd og óbein svör við spurningum.

Í kaflanum Hefðarhættir og hegðun er kennt hvernig best er að haga sér í návist karlmanns á stefnumóti. Fram kemur að hentugast sé að klæðast „litla svarta kjóln-

um“ og hafa meðferðis litla netta handtösku með allra nauðsynlegustu snyrtivörum og peningum. Forðast skal að hafa meðferðis innkaupatösku, böggla eða bréfpoka.

„Burtséð frá því að þetta spillir útliti yðar (en þér eigið að sjálf-sögðu að vera leiftrandi, laus og liðug) gæti svo farið að kavaleringinn liti á yður rétt í svip og styndi í hljóði, þegar hann sæi að hans hlutverk yrði það sama og burðarjálksins,“ ritar höfundur.

Á öðrum stað í kaflanum segir höfundur það æskilegast að „kavaleringinn sæki yður heim til yðar“ en forðast skuli að mæta honum á götuhorni eða umferðarmiðstöð. „Mætið sjálf einni eða tveim mínútum of seint (alls ekki fimm mínútum of seint) því að skemmtilegast er að kavaleringinn sé mættur á undan og bíði yðar, og hann verður gjarnan sár sjálfum sér ef að þér eruð farin að bíða hans.“

Á öðrum stað í kaflanum er lögð áhersla á mikilvægi þess að sitja fallega við borð enda sé „ekkert er eins sárgættilegt og að sjá stúlkuna gegnt sér við borð, alla í einum keng yfir diski sínum og borða eins og hún hefði ekki sé matarbita í heila viku.“ ■

Allir um borð

■ Svíar velja frekar lest en flug og það er Gretu að þakka
■ Gott lestakerfi og rík aðlögunarhæfni lykillinn

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Greta Thunberg er nafn sem flest mannsbörn þekkja. Hún hefur vakið athygli undanfarna mánuði fyrir baráttu sína fyrir jörðina. Meðal þess sem Greta hefur einsett sér að gera er að stíga aldrei fæti aftur upp í flugvél. Í staðinn hefur hún lagt á sig langferðir, til dæmis að sigla til New York á umhverfisvænni skútu í ágúst, ferð sem tók hana tvær vikur. Greta hætti að fljúga þegar hún var tólf ára gömul, eða fyrir fjórum árum. Það er vitað mál að loftslagsverkföll Gretu hafa fangað athygli heimsins og margir hafa fetað í fótspor hennar. Nú hafa samlandar hennar einnig byrjað að snúast til fluglauss lífsstíls.

Tagskryt og flygskam

Alls búa um tíu milljónir í Svíþjóð og hafa 14.500 íbúar skráð sig í herferð á vegum óhagnaðar-drifnu samtakanna Vi håller oss på jorden, eða Við höldum okkur á jörðinni, sem felst í því að fljúga ekkert árið 2019. Samtökin áætla að þessi fjöldi fari upp í hundrad þúsund Svía á næsta ári, eða eitt prósent af íbúum í landinu. Það sem af er ári hefur farþega fjöldi í innanlandsflugi minnkað um átta



Hefur áhrif Hin sextán ára gamla Greta Thunberg lætur ráðamenn heyra það.

prósent og í alþjóðlegu flugi um þrjú prósent samkvæmt tókum frá Swedavia, sem rekur stærstu flugvelli landsins. Hins vegar er aukning í sölu á lestar miðum það sem af er ári og gaf lestarfyrirtækið SJ það til að mynda út að sala hefði aukist um fimmtán prósent á milli júlí og september miðað við sama tímabil á síðasta ári.

Einnig er hægt er að skynja þessar breytingar á samfélagsmiðlum, þótt þeir miðli ekki alltaf raunveruleikanum. Þannig hefur Facebook-hópurinn Tågsmester farið úr að vera með fjögur þúsund meðlimi árið 2018 yfir í rúmlega hundrad þúsund í dag. Í

hópnum skiptast meðlimir á ráðum um hvernig eiga að komast leiðar sinnar í lest og hvernig eigi að næla sér í besta verðið á lestar miðum. Þá hafa Svíar einnig fundið upp á nýyrðum til að fanga þessa lífsstílsbreytingu sem virðist vera að gerast hjá stórum hluta þjóðarinnar. Orðið „tagskryt“ þýðir til dæmis lestartmont, „smygflyga“ þýðir leyniflug og svo er það frásinn sem Íslendingar þekkja vel; „flygskam“, eða flugviskubit.

Góð aðlögunarhæfni

Þótt Svíar glími vissulega við sömu vandamál og restin af heiminum



Sýnileg aukning Sala á lestar miðum hefur aukist á þessu ári.



þegar kemur að loftslagsmálum þá búa þeir vel þegar kemur að því að skipta yfir í umhverfisvænni ferðamáta. Landið er ekki mjög stórt og lestakerfið er afar skilvirkt og vel skipulagt. Hefur raunar verið það í áratugi. Því getur þessi breyting á ferðavenjum Svía átt sér stað tiltölulega hraðar en í löndum á borð við Bandaríkin. Þá er Svíþjóð vel tengd við meginland Evrópu í gegnum Eyrarsundsbrúna, sem tengir Suður-Svíþjóð við höfuðstað Danmerkur, Kaupmannahöfn. Þaðan er síðan leikur einn fyrir Svía að ferðast með lest vítt og breitt um Evrópu. Greger Henriksson, sérfræðingur hjá konunglegu tæknistofnuninni í Stokkhólmi, segir að þessi öra breyting á venjum Svía gerist einnig að miklu leyti hjá fólkinu sjálfu.

„Svíar eiga auðvelt með að aðlaga sig aðstæðum,“ segir hann í samtali við Huffington Post. „Þegar við hrífumst af tískubylgju erum við fljót að tileinka okkur hana, hvort sem það er að kaupa lestarticket eða gera tuttugu sekúndna æfingu á dag á steinaldar-kúrnum.“

Inn í þetta spilar að Svíar eiga rík réttindi þegar kemur að frídögum frá vinnu, líkt og við Íslendingar. Meðal-Svíinn á vinnu markaði á rétt á fimm vikum í launað frí á ári. Þá ríkja þar rýmri reglur um töku fæðingarorlofs en til að mynda á Íslandi og fólk getur klippt orlofið og skorið til að til dæmis lengja sumarfríið. Því

er auðveldara fyrir Svía að fara í langar lestarferðir í sumarfríinu.

Metnaðarfull áform

Það er hins vegar óljóst hvort þessi þróun í Svíþjóð geti orðið svo hröð annars staðar í heiminum. Nýleg rannsókn alþjóðabankans UBS leiðir í ljós að 24 prósent Bandaríkjamanna og sextán prósent Breita segjast vera að fækka flugferðum sínum vegna loftslagsbreytinga. Það eru þó óáreiðanlegar tölur því vilji fólks til að gera eitthvað endurspeglar ekki alltaf hvað það svo á endanum ákveður. Í Svíþjóð stefnir allt í að þessi þróun hraði enn á sér á næsta ári, til dæmis vegna þess að lestarfyrirtækið SJ mun breyta áætlunum í desember og mun bjóða upp á fleiri möguleika í næturlestarferðum og tengilestarferðum. Þannig gætu til að mynda íbúar í Stokkhólmi hoppaði í lest til Kaupmannahafnar og náð í tengiferð til Þýskalands og borðað hádegismat í Hamborg. Sænsk yfirvöld hafa einnig sett af stað stýrihóp í samvinnu við stóru lestarfyrirtækin til að koma á metnaðarfullu lestarakerfi sem teygir sig um allt meginland Evrópu.

Sem stendur er lítil sem enginn verðmunur á því að ferðast um Evrópu með lest eða að fljúga með lággjaldaflugfélagi. Hvort það breytist með þessum stórtæku áformum yfirvalda er enn óljóst. ■

HAGBLIKK



Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



Eftirréttir sem þarf ekki að baka

■ Hendum baksturskvíðanum út um gluggann ■ Sleppum því að kveikja á ofninum

Sumir einfaldlega hræðast bakaraofninn og fyllast kvíða þegar kemur að bakstri. Hér eru þrjú eftirréttir sem þarf ekki að baka og eru auk þess ofureinfaldir.

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Nammi Haframjöl, súkkulaði og hnetusmjör.



Hafra- og hnetusmjörsbitar

Botn

- 3/4 bolli smjör
- 1/2 bolli ljós púðursykur
- 1/2 tsk. sjávarsalt
- 1 tsk. vanilludropar
- 3 bollar haframjöl

Aðferð:

Takið til kassalaga form, sirka 20 sentímetra stórt. Klæðið það með smjörpappír og látið hann ná aðeins upp fyrir hliðarnar.

Bræðið smjórið yfir meðalhitu. Hrærið púðursykrinum og saltinu saman við og hrærið vel þar til sykurn er uppleystur. Bætið vanilludropum saman við og hrærið vel.

Lækkið hitann og bætið haframjölinu út í. Leyfið þessu að malla í um tvær mínútur, eða þar til allt er vel blandað saman.

Prýstið helmingnum af blöndunni í formið og hellið því næst næstum því öllum toppinum yfir. Myljið hinn helminginn af blöndunni ofan á og drissið síðan restinni af toppinum yfir það. Kælið í sirka klukkutíma og finnið dásemdina í hverjum bita.

Toppur

- 1 bolli dökkt súkkulaði
- 1 bolli hnetusmjör

Aðferð:

Setjið hráefnin í skál sem þolir örbylgjuofn og bræðið saman í þrjátíu sekúndur í senn þar til allt er bráðnað. Kíkið svo hér að framan fyrir frekari leiðbeiningar.

Maltesers-gott Elskar þú Maltesers?



Ávanabindandi Maltesers-gott

Hráefni:

- 250 g hafrakex
- 220 g mjólkursúkkulaði
- 220 g hvítt súkkulaði
- 180 g smjör
- 4 tsk. síróp
- 310 g Maltesers

Aðferð:

Takið til kassalaga form sem er 20x20 sentímetra stórt. Klæðið það með smjörpappír og látið hann ná aðeins upp hliðarnar.

Myljið kexið í spað. Setjið smjör, súkkulaðið og síróp í skál sem þolir örbylgjuofn og hitið í 30 sekúndur í senn þar til allt er bráðnað. Hrærið vel saman.

Hrærið hafrakexinu saman við smjörblönduna með sleif eða sleikju. Takið um 20 Maltesers-kúlur frá og blandið restinni saman við smjörblönduna með sleif eða sleikju.

Hellið blöndunni í formið og þrýstið niður með skeið. Þrýstið síðan Maltesers-kúlunum sem þið tókuð frá ofan í kökuna. Leyfið kökunni að jafna sig í ísskáp í um 4 klukkustundir. Þessi er svakaleg!

Ótrúlegt lasajna Þetta klikkar ekki.



Laglegt lasajna

Hráefni:

- 2 pakkar instant-súkkulaðibúðingur
- 4 bollar nýmjólk
- 1 dós marshmallow-fluff
- 1 peli rjómi
- 200 g litlir sykurpúðar
- 400 g hafrakex
- Súkkulaðiíssósa

Aðferð:

Blandið mjólkinni saman við búðingsduftið og hrærið vel í um 2 mínútur. Setjið til hliðar.

Í annari skál hrærið þið marshmallow-fluff, sem er nokkurs konar sykurpúðarkrem, saman við rjómann. Hrærið næstum því öllum sykurpúðunum saman við rjóma-blönduna og geymið nokkra til að skreyta með.

Takið til ílangt form, 33-35 sentímetra langt. Raðið 1/3 af hafrakexi á botninn, smyrjið helmingnum af rjóma-blöndunni ofan á hafrakexið og smyrjið síðan helmingnum af búðingnum ofan á rjóma-blönduna. Endurtakið.

Myljið nokkur hafrakex ofan á blönduna og dreifið nokkrum sykurpúðum yfir. Sprautið súkkulaðisósu yfir herlegheitin. Setjið réttinn í ísskáp í um klukkustund eða þar til á að bera hann fram. Þetta er hættulega gott!

GERÐU HÚSGÖGNIN „NÝ” Á UMHVERFISVÆNAN HÁTT

BORÐSTOFUSTÓLAR - HÆGINDASTÓLAR - DÝRAHÚSGÖGN - SÓFARÚM
- GARDÍNUR - LEÐURHÚSGÖGN - SESSUR - GARÐHÚSGÖGN -TEPPI



Hreinsun húsgagna er umhverfisvænn kostur og styður við minnkandi sóun. Umhverfismál eru í brennidepli og við bjóðum við upp á frábæra lausn inn í þá umræðu. Við hreinsum húsgögnin þín og afhendum þér vöruna eins og nýja. Frábær leið til að endurnýta húsgögn og gefa þeim lengri líftíma

FYRIR

EFTIR



LAGLEG Í LJÓSB

■ Framúrskarandi Íslendingar í klámiðnaðinum ■ Þekkir þú til Latexdrottning

Hvað eiga Latexdrottning, Víkingaprinsessa og framleiðandi frá Rúmeníu sameiginlegt? Jú, þetta eru stjórnur Íslands í hinum víða bransa skemmtiefna handa fullorðnum, betur þekkt

sem iðnaður klámheimsins. Þetta eru Íslendingarnir sem hafa fínar tekjur af því að fækka fötum eða stunda samræði á skjánum eða aðra lostaleiki á opinberum vettvangi.



KALLI OG KROPPURINN

Stefán Octavian Gheorghe Bjarnason varð landsfrægur á dögnum þegar hann fann fjölskyldu sína í þættinum Leitin að uppruninum á Stöð 2 en hann var ættleiddur frá Rúmeníu sem barn. Stefán kom til landsins árið 2000 en hann er fæddur árið 1997. Hann bjó fyrstu sjö ár lífsins á Ísafirði en flutti því næst í höfuðborgina. Stefán starfar við framleiðslu á klámi og gengur undir sviðslistanafninu Charlie Keller.

Stefán er með opinn Snapchat-reikning þar sem hann leyfir fylgjendum sínum að fylgjast með öllu sem við kemur starfinu. Fyrsta verkefni sem hann tók

að sér var á Spáni, sem hermt er að hafi verið vandræðaleg og erfið reynsla en fljótt fór Stefán að þróa sig áfram og hefur haft prýðilegar tekjur af klámiðnaðinum.

Með tímanum fór hann þó að minnka það að spóka sig á skjánum á Adams-klæðunum og fór hann þá að vinna fyrir fyrirtækið Staxus, en þar er hans aðalstarf fólgið í því að finna fyrir sætur fyrir verkefni.



VÍKINGAPRINSESSAN

Tindra Frost hefur eflaust ekki farið framhjá neinum sem hefur fylgst með Vikunni á Instagram á DV.is. Tindra heitir í raun Tinna Gunnarsdóttir. Hún er 28 ára, á mörg þúsund fylgjendur á samfélagsmiðlum og hefur unnið til verðlauna fyrir leik í klámmyndum.

Hún hefur búið í Bretlandi um árabíl en árið 2012 kallaði erótíski heimurinn á hana og hún hlýddi því kalli.

Í sjö ár hefur Tinna leikið í fjölmörgum kvikmyndum, komið fram í sjónvarpi og setið fyrir á síðum svokallaðra fullorðinsblaða. Tinna kallar sig Víkingaprinsessuna í klámheiminum og er hennar aðalstarf að leika í klámmyndum og sitja fyrir, sem og að bera sig á Snapchat fyrir fylgjendur sem greiða fé fyrir að sjá hana striplast.

Pá tekur hún upp á ýmsu klámtengdu á samfélagsmiðlum og leikur við vefmyndavél fyrir áhugasama. Einnig er hægt að senda henni tölvu-



póst og sérpanta myndir eða myndbönd. Þykir Tinna skara fram úr í sínu fagi og fær meðal annars 87 stig af 100 möguleg-

um á svokölluðum bombumæli, eða „babe rating“, á bombusíðunni FreeOnes.

LÁA GEIRANUM

arinnar og Víkingaprinsessunnar?

LATEXDROTTNINGIN

Hin ónefnda Latexdrottning svokallaða er fyrir-sæta, leikkona og stundar ýmis konar leiki fyrir fram-an vefmyndavél og hefur gert í nokkur ár. „The Latex Queen“, eins og hún kys að kalla sig, er dugleg að halda nafnleynd en gengur víða undir nafninu Alissa Bathory. Hún er Íslendingur, með búsetu hér á landi en ættuð frá Rússlandi. Alissa er fædd árið 1987, hún er 168 á hæð og sér-hæfir sig í BDSM-geiranum, ekki síst þá refsingum í ýmiss konar myndum.

Alissa er virk á samfélagsmiðlum og er allt um reglur hennar og gildi að finna á vefsíðu Latexdrottningarinnar. Stafrænar samverustundir með þessari drottningu eru annars vegar ekki í ódýrari kantinum, en lægsta gjald hennar er 400 krónur mínútan. Hún hefur svo sannarlega sinn staðal en leðurdíflissan sem Alissa spókar sig í er sjálf-sagt ekki ódýr í rekstri heldur.



STÓRGRÆÐIR Á NEKTARMYNDUM



Þrátt fyrir að vera ekki beinlínis kennd við klám-iðnaðinn er vert að nefna Playboy-fyrirsætuna og athafnakonuna Örnú Báru Karlsdóttur, sem hefur gert garðinn frægan með því að selja fáklæddar myndir af sjálfri sér. Arna hóf fyrst ferilinn fyrir Playboy árið 2006 og hefur góðar tekjur af þessu viðskiptamódeli. Arna er mikill unnandi mannslíkamans og stundar það sem hún kallar „nude-art“ af engri feimni.



BRÁÐIN OG LEYNDARDÓMARNIR

Upp úr aldamótunum varð gífurlegt ris í ljósbláu efni á íslenskum sjónvarpsstöðvum og almennri útbreiðslu í þeim efnum, þökk sé netinuog ekki síst háhraðatengingum. Lítið hefur þó bólað á dreifingu og fjármögnun slíks efnis í gegnum árin en þó voru engu að síður tvö verkefni sem vöktu umræðu á sínum tíma. Fyrst er það sjónvarpsþáttaröðin Leyndardómar Skýrslumálastofnunar, en það voru séra Davíð Þór Jónsson og tónlistarmaðurinn Barði Jóhannsson í Bang Gang sem áttu heiðurinn af myndinni að frumkvæði Skjás 1. Með aðalhlutverk-ið fór enginn annar en Charles Róbert Onken en

hann þekktu margir undir nafninu Bad Boy Charlie. Skemmst er að segja frá því að í kjölfar útgáfu þessara þátta fór Charlie að verða gríðarlega eftirsóttur, þá sérstaklega á meðal kvenpeningsins.

Síðan ber að nefna erótísku stuttmyndina Bráðin, sem sjónvarpsstöðin Sýn frumsýndi með látum árið 2001. Myndinni var leikstýrt af Böðvari Bjarka Péturssyni og fjallaði um ástarþríhyrning á vinnustað í Reykjavík. Myndin var um 20 mínútur að lengd og skartaði sjóðheitri ástarsenu í lyftu þar sem enginn afsláttur var veittur. Með helstu hlutverk fóru Halldóra Jónsdóttir og Karl Magnús Grönvold, betur þekktur af mörgum sem Brasillufanginn.



Húsfélagapjónusta

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ Húsfélagafundir
- ✓ MÍNAR SÍÐUR
- ✓ Þjónustusaga húss
- ✓ Önnur þjónusta



Leiðandi í hagkvæmni og rekstri húsfélaga

• EIGNAumsjón www.eignauumsjon.is
Suðurlandsbraut 30 • Sími 585 4800

Hryllingurinn sem varð að heimsfyrirbæri

■ Fimmtán ár frá frumsýningu Saw ■ Enginn bjóst við velgengni hrollvekjunnar



Fimmtán ár eru síðan bíógestir horfðu upp á tvo karlmenn ranka við sér í baðherbergi í niðurníðslu og hlustuðu á hræðilegt plan sem goðsagnakenndi raðmorðinginn Jigsaw hafði sett saman. Við erum að sjálfsgöðu að tala um hrollvekjuna Saw sem var frumsýnd í lok október árið 2004. Myndin fór eins og stormsveipur um heiminn og halaði inn rúmar hundrað milljónir dollara í miðasölu. Þótti þetta magnað afrek í ljósi þess að heildarkostnaður við myndina var aðeins um ein milljón dollara.

Framhaldið er þekkt. Í kjölfarið komu sex framhaldsmyndir, sú síðasta Saw 3D árið 2010. Árið 2017 var Jigsaw síðan frumsýnd og í maí á næsta ári eiga kvikmyndahúsagestir von á kvikmyndinni The Organ Donor í Saw-seríunni. Tekjur af Saw-myndunum eru farnar að nálgast milljarð dollara og því fannst DV tilvalið að fara yfir fimmtán staðreyndir um myndirnar sem jafnvel gallhörðustu aðdáendur þekkja ekki.

1. Fastir í lyftu

Þó að fyrsta myndin hafi gerst inni á baðherbergi var upprunalega hugmyndin að láta karlmennina tvo vera fasta í lyftu. Átti myndin að vera tekin upp frá sjónarhorni öryggismyndavéla til að gera framleiðsluna sem ódýrasta.

2. Tilviljanakennt nafn

James Wan og Leigh Wannell áttu hugmyndina að fyrstu Saw-myndinni, en nafnið á myndinni kom Leigh algjörlega óvart. „Ég gleymi aldrei þessum degi,“ sagði Leigh í samtali við Bloody-Disgusting er hann minnstist samtals hans og James um söguþráð myndarinnar. „Ég man að ég skellti á og fór yfir þetta í hausnum. Án þess að hugsa mig mikið um eða þæla þá opnaði ég dagbókina mína og skrifaði orðið SAW. Þetta var ein af þessum stundum sem sýndi mér að stundum eiga hlutir bara að fara á vissan hátt.“



Raunveruleikinn kveikti neista Hvað ef þú ættir bara stutt eftir ólifað, eins og Jigsaw?

3. Mígrenisköstin lykillinn að Jigsaw

Það var í raun Leigh sem átti hugmynd að raðmorðingjanum Jigsaw eftir að hann fór til læknis vegna síendurtekinnna mígreniskasta. Leigh hafði áhyggjur af því að hann væri með heilaæxli og var sendur í heilamyndatöku. „Ég hugsaði: Hvað ef ég fengi að vita um æxli og að ég ætti stutt eftir? Hvernig myndi maður bregðast við? Þannig að ég ímyndaði mér karakter sem fengi þennan tímaramma, sem væri sagt að hann ætti eitt, tvö ár eftir ólifað og að sjúkdómurinn myndi drepa hann hægt og bitandi,“ sagði Leigh við The A.V. Club árið 2010. „Síðan tengdi ég þá hugmynd við mann sem léti fólk ganga í gegnum bókstaflega útgáfu af sjúkdómnum.“

4. Stuttmyndin breytti öllu

Þótt leiknonan Shawnee Smith hafi leikið Amöndu Young í alls sjö Saw-myndum þá er Shawnee ekki aðdáandi hrollvekjna og hafnaði hlutverkinu í fyrstu þar sem handritið var „hryllilegt.“ Það var ekki fyrr en hún horfði á stutt-

myndina Saw, einnig þekkt sem Saw 0.5, fyrirrennara Saw-myndanna, að hún þáði hlutverkið.

5. Reddingar

Fyrsta myndin var tekin á átján dögum og hafði tökulíðið aðeins úr tæpri milljón dollara að móða. Svo lítill var peningurinn að það mátt ekki taka hverja senu upp of oft. Þegar kom að eftirvinnslnunni sá leikstjórinn James Wan fljótt að hann hafði ekki nógu margar tækur að vinna með. Því reyndi á sköpunargáfu hans og klipparans Kevins Greutert. Notuðu þeir til að mynda ljósmyndir til að fylla upp í eyður og bjuggu til nýjar tækur úr öryggismyndavél. „Við gerðum mikið til að fylla í eyðurnar í gegnum myndina. Þegar klippt er í blaðaúrklippur, öryggismyndavélar eða stillur í myndinni, sem fólk segir núna: Vá, þetta er svo svalur stíll í kvikmyndagerð, þá var þetta gert af nauðsyn einni til að koma í staðinn fyrir það sem við náðum ekki að gera á tökustað,“ sagði James í viðtali við The A.V. Club.



Hrollvekjandi Brúðan Billy var ekki dýr í gerð.

6. Heimatilbúin brúða

Billy, brúðan sem einkennir seríuna, var búin til af James. Um er að ræða andlit úr leir, pappamassa og svörtum borðtennisboltum. Þetta föndur kostaði nánast ekki neitt. Þegar að Saw II var í framleiðslu fékk Billy smá andlitslyftingu og var til dæmis hægt að fjarstýra honum.

7. Mikið á sig lagt

Þegar Saw sló í gegn í kvikmyndahúsum var gefið grænt ljós á Saw II. Hvorki James Wan né Leigh Whannell voru lausir til að vinna við myndina þannig að framleiðendur báðu Darren Lynn Bousman að breyta handriti sínu að myndinni The Desperate í Saw II. Darren tók að sér leikstjórn og fann Leigh tíma til að endurskrifa handritið.



Martröð Nálaatriðið fræga.

8. 120.000 nálar

Eitt af frægustu atriðunum í Saw II gerist í svokölluðu „nálaherbergi“. Þá er Amanda Young sett í pytt sem er fullur af sprautunálum og þarf að finna lykil. Áður en atriðið var tekið upp þurftu fjórar manneskjur að eyða fjórum dögum í að taka nálar úr 120 þúsund sprautum og setja glæra trefjahausa í sprauturnar í staðinn. Nálararnar sem virtust stinga Amöndu voru sprautur sem voru festar við fóður innan á fötum hennar. Þá var gervihandleggur notaður í sumum af skotunum.

9. Óvænt andlát

Upprunalega vildu hvorki James Wan, Leigh Whannell né Darren Lynn Bousman koma nálægt þriðju Saw-myndinni. En þegar framleiðandinn Gregg Hoffman, sem hafði unnið ótulllega að því að koma Saw-myndunum á hvíta tjaldið, lést aðeins 42 ára, nokkrum vikum eftir frumsýningu Saw II, ákvað tríóið að slá til honum til heiðurs. „Við sátum saman og sögðum: Heyriði mig nú, þeir ætla að gera Saw III með eða án okkar, þannig að gerum hana fyrir Greg,“ sagði Darren í viðtali við ComingSoon.net árið 2006.

10. Hver hlær nú?

Framleiðendur Saw III þurftu að fá lánað lánað baðherbergi sem hafði verið búið til fyrir Scary Movie 4, en það baðherbergi hafði verið búið til til að líkjast baðherberginu í fyrstu myndinni til að gera grín að Saw-myndunum.



Of hræðileg Mikið var deilt um Saw VI.

11. Á pari við klám

Það gerðist oft að bandaríska kvikmyndasambandið (MPAA) hótaði að banna Saw-myndirnar innan 17 ára. Hins vegar voru nokkrar breytingar gerðar svo myndirnar gætu náð til breiðari áhorfendahóps. Á Spáni var hins vegar Saw VI dæmd svo ofbeldisfull að hún fékk aðvör-unina X, sem er aðallega notuð fyrir klámmyndir á Spáni. Myndin var aðeins sýnd í átta kvikmyndahúsum á Spáni og loks frumsýnd ári eftir heimsfrumsýningu. Þá var hún bönnuð innan 18 ára eftir að framleiðendur klipptu ofbeldisfyllstu senurnar út.

12. Allt í uppnámi

Saw VI gekk hræðilega illa í kvikmyndahúsum og því þurfti að endurhugsa sjöundu og áttundu myndina sem voru á teiknborðinu. Úr varð að hætt var við áttundu myndina og sumar hugmyndir teknar úr henni og bætt í sjöundu myndina og úr varð Saw 3D. Sú mynd stóð sig helmingi betur en Saw VI.



Erfitt verkefni Chester þurfti að undirbúa sig vel fyrir Saw 3D.

13. Erfitt að vera nýnasisti

Linkin Park-söngvarinn heitni, Chester Bennington, lék í Saw 3D og þurfti að skella sér í hlutverk nýnasista. Chester þurfti hjálp leiklistarkennara til að skilja hlutverkið. „Þetta var í raun mun erfiðara en ég bjóst við, því ég þurfti að leggja mikið á mig til að leika þennan gaur og komast að því hvað hann vildi í gegnum myndina,“ sagði hann við ArtistDirect.com árið 2010.

14. Meira blóð

Þegar Saw 3D var í tókum var framtíðin óráðin og engan grunaði að Saw-myndirnar myndu ganga í endurnýjun lífdaga árið 2017 með myndinni Jigsaw. Því ákváðu framleiðendur Saw 3D að ljúka þessum kafla með hveli og notuðu tæplega hundrað lítra af gerviblóði við tækur myndarinnar. Það er næstum því þrisvar sinnum meira blóð en var notað við gerð Saw II.

15. Ekki bara hryllingur

Allt frá frumsýningu fyrstu myndarinnar og þar til Saw VI var frumsýnd árið 2009 var árleg herferð Rauða krossins, Give Til It Hurts, haldin samhliða frumsýningum Saw-myndanna. Í herferðinni voru Bandaríkjamenn hvattir til að gefa blóð og þeir sem gáfu blóð í tengslum við herferðina fengu ókeypis miða á þá Saw-mynd sem var í sýningu. Á þessu tímabili voru tæplega sextíu þúsund lítrar af blóði gefnir sem þýðir að um 360 þúsund lífum var bjargað. ■



KUBBALJÓS

Íslensk framleiðsla – gæði í gegn
margir litir – margar gerðir



Veggjós



Loftljós



Útiljós

15% afsláttur af ljósum í nóvember



„Ég fékk frið fyrir hausnum á mér og gat einbeitt mér í fyrsta skiptið á ævinni.“

MYNDIR: EYÞÓR ÁRNASON

Samdi lag í yfirgefnu húsi

Beittur ofbeldi og niðurlægður í Foldaskóla – Leiddist út í óreglu og svaf í yfirgefnu húsi – Andleg iðkun og hugleiðsla gerðu kraftaverk

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Eyþór Bjarni Sigurðsson er einn þriggja meðlima hljómsveitarinnar Above The Lights, en sveitin sendi nýlega frá sér sína fyrstu plötu. Löggin er afar persónuleg enda er platan persónulegt uppgjör Eyþórs við fortíðina. Above The Lights samanstendur af Eyþóri, eiginkonu hans, Kolbrúnu Þorsteinsdóttur, og Kristófer Nökkva Sigurðssyni.

Eyþór ólst upp á Egilsstöðum fram að 11 ára aldri en þá flutti fjölskyldan til Reykjavíkur. „Ég man hvað það voru rosalega mikil viðbrigði. Í mörg ár kom ég ekki nálægt tónlist, það var ekki fyrr en ég var orðinn 18 ára að ég byrjaði að fíkta við að spila á gít-

arinn og semja lög. Frá því að ég var lítill hef ég alltaf haft löngun til að skapa tónlist, pabbi minn er trommuleikari og hef ég alltaf litið mikið upp til hans. Ég man eftir mér sem krakki á hljómsveitaræfingum hjá honum og þar var minn stærsti draumur að geta spilað á hljóðfæri og sungið. Ég hef alltaf haft þessa löngun til að tjá mig í listrænu formi hvort sem það er í gegnum myndlist, texta, ljóð eða lagasmíði.“

Hann var einungis 10 ára gamall þegar hann stofnaði sína fyrstu hljómsveit. „Það er svolítið fyndið að segja frá því. Ég eiginlega þvingaði nokkra nágrannastráka til að vera með mér í hljómsveit, þeir voru ekkert neitt rosalega spenntir fyrir því. Þar sem við kunnum nákvæmlega ekkert á hljóðfæri ákváðum við að þetta

skyldi vera pönkhljómsveit. Þeir voru látnir lemja á tómar Machintosh-dollur og potta á meðan ég barði á gítarinn og öskraði gjörsamlega úr mér lungun í kjallaranum hjá vini mínum, sem svo óheppilega vildi til bjó á móti öldrunarheimilinu á Egilsstöðum. Mamma vinar míns sem starfaði á öldrunarheimilinu kom hlaupandi yfir til að stöðva þessi óhljóð. Hún skammaði okkur fyrir að hræða gamla fólk á heimilinu,“ rifjar hann upp. „Þetta var okkar eina og síðasta æfing.“

Eyþór var snemma greindur með mikinn athyglisbrest og ofvirkni. „Ég átti rosalega erfitt með að einbeita mér við nám og átti mjög erfitt með sjálfan mig. Ég var að glíma við mikinn kvíða og vanlíðan á þessum aldri. Það er ekkert grín að vera barn með

ADHD og einhver ætlast til þess að maður sitji kyrr í 80 mínútur við að læra, en verður svo reiður ef það mistekst. Þetta er fáránleg nálgun.“

Eyþór telur að í skólakerfinu megi bæta ýmislegt þegar kemur að þjónustu við nemendur með ADHD. „Það er svo margt hægt að gera fyrir börn með ADHD. Í fyrsta lagi þarf að finna hvar þeirra strykleikar liggja og vinna með það.“

Niðurlægjandi reynsla í Foldaskóla

Árið 2017 ritaði Eyþór opið bréf til stjórnar Foldaskóla, og birtust þau skrif í Stundinni. Í bréfinu gagnrýndi hann harðlega sinn gamla grunnskóla og sagðist hafa verið beittur andlegu ofbeldi af hálfu kennara skólans.

Nokkrum árum áður hafði Eyþór beðist afsökunar á slæmri hegðun sinni í skólanum en í bréfinu dró hann þá afsökunarbeiðni til baka þar sem hann taldi að ábyrgðin lægi ekki hjá honum sjálfum.

„Í Foldaskóla var ég beittur andlegu ofbeldi af hálfu kennara. Hann ítrekað sendi mig út í sjoppu til að athuga hvað klukkan væri einungis til að losna við mig og hlaut mikinn hlátur nemenda við það, hann lét mig sitja heilu skólastundirnar við hliðina á sér við kennaraborðið þar sem ég þurfti að horfa framan í samnemendur mína sem glottu, einnig lamdi hann í borðið reglulega með priki og var mjög ógnandi. Hann gerði lítið úr mér ítrekað og fékk bekkinn til að hlæja að mér,“ ritaði Eyþór meðal annars.

„Það er ekkert grín að vera barn með ADHD“

Þá sagði hann skólastjórnendur hafa brugðist honum.

„Þetta var mjög niðurlægjandi reynsla. Ég upplifði mig sem vandamál allra í kringum mig, vandamál sem ég átti sjálfur að leysa. En auðvitað gat ég það ekki, þar sem ég hafði hvorki næga innsýn, vitsmunalega getu eða andlegan þroska vegna aldurs. Ég þurfti á hjálp að halda og þið brugðust mér. Kennarar og skólastjórn.“

Þá tók Eyþór fram í bréfinu að í Foldaskóla hafi hann enga viðeigandi aðstoð fengið við ástandi hans eða rétt umhverfi til að geta sinnt náminu.

„Kennarar sýndu mér engan skilning og með sinni óþolinmæði létu þeir mér líða eins og ég væri heimskur og gjörsamlega vonlaus að geta ekki fylgst með eða verið rólegur í tímum,“ ritaði hann jafnframt og bætti við í lokin að hann vonaði að ástandið í skólanum væri skárri á dag.

Mismunandi þarfir

Eyþór segist hafa fengið gríðarleg viðbrögð við bréfinu á sínum tíma. „Það sem ég hef helst gagnrýnt í minni sögu eru viðbrögð fullorðinna einstaklinga sem áttu að vera stuðningur og leiðbeinendur og hvernig skólakerfið hefur brugðist börnum eins og ég var. Ég er svo sannarlega ekki einn um þetta og eftir að ég skrifaði greinina í Stundinni þá fékk ég fjöldann allan af pósti frá fólki sem hafði lent í svipaðri reynslu eða átti einhvern nákominn sem hafði lent í því að vera brotinn niður af skólakerfi sem á að byggja þau upp. Mér finnst bara mikilvægt að það viti það allir að það eru ekki börnin sem eru vandamálið, það er umhverfið sem býður ekki upp á viðeigandi aðstæður til að börn með hinar ýmsu greiningar fái að blómstra. Við höfum öll mismunandi þarfir

ir og skólakerfi sem gerir ekki ráð fyrir því að börn séu alls konar, með mismunandi styrkleika og þarfir, er bara skólakerfi sem er ekki að virka.

Ég hef stundum hugsað til þess enn þann dag í dag, ef að kennararnir hefðu haft trú á mér og hvatt mig áfram, hvað það hefði skipt mig miklu máli á sínum tíma og hvað það hefði gert mikið fyrir mig. Að vísu var einn kennari sem sýndi mér skilning og ég er ennþá sambandi við hann í dag. Ég á henni mikið að þakka fyrir að hafa komið mér í gegnum 10. bekkinn.“

Öðlaðist frið

Eyþór leiddist út í óreglu snemma á unglingsárunum og segir að á sínum tíma hafi það verið lausn.

„Ég fékk frið fyrir hausnum á mér og gat einbeitt mér í fyrsta skiptið á ævinni. Einhvern veginn fóru næstu árin í það að eltast við þennan frið sem ég fékk í upphafi, en vandinn er sá að það þarf alltaf meira og meira. Fljótlega fór ég að missa tölkin á lífi mínu og fór að fara í meðferðir til að ná einhverri stjórn. Það er rosalegt hvernig maður getur misst tölkin og maður finnur það innst með sjálfum sér að það er ekki maður sjálfur sem stjórnar ferðinni, heldur fíknin.“

Eitt af lögnum á plötunni ber heitið By The Tower en textinn varð til á erfiðum tíma í lífi Eyþórs. „Um 21 árs aldur samdi ég lagið By The Tower í yfirgefnu húsi sem stóð efst á Frakkastíg, rétt fyrir neðan Hallgrímskirkju, Þetta var einbýlishús sem augljóslega hafði ekki verið búið í í mörg ár. Veggirnir voru þaktir veggjakroti og íbúðin tóm. Ég hafði útskrifast úr meðferð nokkrum mánuðum áður en var dottinn í það enn eina ferðina og átti engan samastað.“

Ég leitaði oft í þetta hús ef mig

vantaði skjól, lagið kom til mín eina nóttina, ég fékk þessa sterku löngun til að fá aðra til að upplifa það sama og ég var að upplifa, einmanaleikann og hvernig ég var lamaður af kvíða og búinn að missa trúna á sjálfum mér. Það hefur tekið mig mörg ár að byggja upp sjálfstraust. Þegar ég hugsa til baka, ætli ég hafi ekki bara þráð skilning eða samhug á þessum tíma, ég þurfti svo sannarlega hjálp. En ég bý að þessari reynslu og hún gerir mig að þeim sem ég er í dag. Það er allavega gott að vera búinn að koma laginu frá sér,“ segir hann og bætir við að umrætt hús sé ekki lengur til staðar.

„Það er búið að rífa húsið núna enda var það í mikilli niðurníðslu, síðast þegar ég kom þangað var búið að gróðursetja tré og setja upp bekki, svo er seldur matur úr einhverjum vagni.“

Úr ótta í kærleika

Andleg iðkun og hugleiðsla er það sem bjargaði Eyþóri á sínum tíma.

„Í gegnum andlega iðkun og hugleiðslu náði ég betur tökum á hugsunum mínum og tilfinningum, ég náði loksins tökum á óttanum sem hefur fylgt mér alla ævi, en það tók rosalega á og ég þurfti að aga mig lengi, bara til að ná að sitja í fimm mínútna hugleiðslu. En með tímanum fann ég hvað hugleiðsla og ýmiss konar andleg iðkun eins og jóga, að kyrja möntrur, syngja möntrur, dansa, biðja og svo framvegis hafði rosalega góð áhrif á mig. Ég fann hvernig óttinn breyttist í kærleika og allt í einu var ég komin með drifkraft í líf mitt sem var ekki lengur ótti og kvíði, heldur ást og umhyggja. En ég þarf að viðhalda þessu með því að iðka á hverjum degi og gefa það áfram. Ég eignaðist líf og það er skylda mín að gefa það áfram til annarra sem þurfa á hjálp að halda, hvort sem um er að ræða fíkla eða einstaklinga með ADHD eða bara hvern sem er. Ég er tilbúinn að hjálpa hverjum sem er að öðlast það sem ég hef öðlast. Ég held utan um hugleiðsluhelgar sem kallast Andvari og margir óvirkir fíklar sem eru leitandi, koma til okkar en auðvitað eru allir velkomnir. Það er mín innsta von að fólk fái að upplifa það hvað hugleiðsla getur gert magnaða hluti í lífi fólks.“



Eyþór var snemma greindur með mikinn athyglisbrest og ofvirkni en mætti engum skilningi í skólakerfinu.




Platan Above The Lights er persónulegt uppgjör Eyþórs við fortíðina. „Það eru svo margar tilfinningar sem eru búnar að vera að brjótast um í mér þessi ár sem ég hef fengið að vera edrú, mörg þessara laga eru samin í upphafi edrúmennskunar þar sem ég er einhvern veginn að fara yfir fortíðina, samskipti mín við aðra, gömul sár, söknuð og svo framvegis. Eins og til dæmis lagið Over the horizon samdi ég ásamt vini mínum Jóni Hafdal og sömdu við lagið til að heiðra minningu æskuvinar sem svipti sig lífi. Þetta er ótrúlega sorglegt lag en á sama tíma fullt af hlýju og ást til hans og von um að við hittumst aftur í næsta lífi. Safe Inside, sem er sungið af Kolbrúnu, fjallar um einstakling sem þráir ekkert heitar en að hlúa að þeim sem er veikur á geði en gengur á sjálfan sig í leiðinni. Quiet and peaceful er bréf til minna nánustu og einhvers konar staðfesting á því að ég sé komin á betri stað.“

Þetta er svo rosalega þung plata, en ég bara varð að koma þessu frá mér og ég er rosalega


þakklátur þeim sem nenna að hlusta,“ segir Eyþór jafnframt en hann stefnir að útgáfu plötu númer tvö árið með Above The Lights árið 2020. „En ég er eiginlega að lofa því hér og nú að næsta plata, sem við erum að vinna í, verður talsvert léttari, samt ekkert gleðipopp. Bara ör-lítið léttari.“

Og hann er þakklátur fyrir lífið sem hann á í dag. Hjónin eiga fimm ára brúðkaupsafmæli nú ár en þau eiga saman fjögurra ára dóttur. Fyrir á Eyþór sex ára dóttur og þá á hann fjórtán ára stjúpdóttur og níu ára stjúpson.


„Í öll þessi ár sem ég hef verið edrú hef ég fengið allt sem mig hefur dreymt um, en hef samt þurft að leggja rosalega mikið á mig til ná því, en sumt hefur einhvern veginn bara komið af sjálfu sér. Ég stundum trúi því ekki hvað líf mitt er orðið fallett og gleymi að vera þakklátur fyrir það á hvaða stað ég er kominn. Ég yndislegustu konu í heimi, fallett heimili og dásamleg börn. Ég stunda nám og starfa við það sem mig langar til.“ ■

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra



www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is

Spáð í stjörnunum

Lesið í tarot Guðlaugs Þórs:

Úr pólitík í einkageirann

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra hefur verið mikið á milli tannanna á fólki eftir umdeild ummæli sem hann lét falla í eyru háskólanemanda. DV ákvað því að lesa í tarotspil Guðlaugs og sjá hvað framtíðin ber í skauti sér, en lesendum DV er bent á að þeir geta sjálfir dregið sér tarotspil á vef DV.

Sterk fjölskylda

Fyrsta spilið sem kemur upp hjá Guðlaugi er 10 mynt. Þar kemur fjölskyldan hans og vinir sterkt fram og táknar að Guðlaugur og fjölskylda hans búa við fjár-

hagslegt öryggi. Fjölskyldan styður ríkulega á bak Guðlaugs þegar á móti blæs og einkennist heimilislífið af miklu trausti og ást, en ekki síst skilningi. Guðlaugur hefur ákveðnum skyldum að gegna gagnvart fjölskyldu sinni og vinum og á milli þeirra ríkir gagnkvæm ást og virðing. Uppeldi hans hefur vissulega mótað hann sem manneskju í atferli og háttum á jákvæðan hátt. Þessi góði bakgrunnur eflir sjálfstraust Guðlaugs og er hann ávallt viss um hvaða mann hann hefur að geyma.

Fastur

Annað spilið er Stríðsvagninn. Guðlaugur veit hvert hann ætlar sér í lífinu og hvernig hann á að ná markmiðum sínum. Hann veit líka hvar tækifærin liggja og því getur hann varið kröftum sínum öllum á réttum

stöðunum. Það sem hefur komið honum langt er metnaður og drifkraftur sem sést sjaldan. Þá er hann einnig viljugur til að feta nýjar slóðir. Hins vegar virðist Guðlaugur ekki vera að nýta hæfileika þína rétt akkúrat núna og þarf hann að horfast í augu við þann vanda og leysa hann. Ef honum finnst hann fastur í lífinu þá þarf hann að bíða eftir að rétta tækifærið komi til hans. Á sama tíma þarf hann að nálgast öll ný tækifæri með varkárni og ekki hoppa á vagninn nema af fullri sannfæringu. Það virðist því á öllu að hann muni ekki gefa kost á sér í pólitíkinni í næstu kosningum og að hann vilji fremur starfa í einkageiranum.

Ekki elta skýjaborgir

Loks eru það 10 sverð. Þessi stóra ákvörðun um að segja skilið við pólitíkina umlykur Guðlaug og hann þarf að leyfa hjarta sínu, innri visku og innsæi að hafa úrslitavaldið. Hann skal einnig varast nýfundinn félagsskap sem reynir að heilla hann með gylliboðum. Hann má ekki tapa því sem gerir hann drifandi, en það er að geta horft á hlutina á hagnýtan hátt en ekki elta innihaldslausa drauma. Guðlaugur má ekki taka tækifæri sem honum finnst ekki vera rétt. Hann hefur alltaf úrslitavaldið og sú ábyrgð verður aldrei tekin frá honum. Þegar hann hins vegar nær að skilja hismið frá kjarnanum er leiðin greið, erfiðir tíma á bak og burt og framtíðin björt. ■



Edda og Vilhjálmur eiga von á erfingja – Svona eiga þau saman

Þróttafréttakonan Edda Sif Pálsdóttir og framleiðandinn Vilhjálmur Siggeirsson opinberuðu í vikunni að þau ættu von á sínu fyrsta barni saman, en Edda og Vilhjálmur hafa verið saman um nokkurt skeið. DV ákvað því að lesa í stjörnumerki parsins á þessum tímamótum og athuga hvernig það á saman.

Vilhjálmur er naut og Edda Sif er krabbi – bæði afar viljasterkir og þrjúskir einstaklingar. Þegar að þessi tvö merki koma saman á rómantískan hátt er yfirleitt um mjög farsælt samband að ræða. Þessi tvö merki eru afar lík að mörgu leyti og ná að skilja hvort annað á djúpan hátt. Bæði nautið og krabbin vilja öryggi í ástarsamböndum ofar öllu og elska bæði að hugsa vel um maka sinn.

Þau eru heimakær og elska fátt meira en að verja tíma sínum á heimilinu í faðmi fjölskyldunnar.

Ást þessara tveggja merkja er sterk og traust. Aðrir jafnvel líta upp til einstaklinga í þessum merkjum því þeir meta fjölskyldu sína svo mikils og ná að mynda djúpa tengingu við fjölskyldumeðlimi og vinna ötullega að því að hlúa að þeirri tengingu.

Einu vandamálin sem gætu komið upp í sambandinu eru ef nautið æðir áfram gegn vilja krabbans.

Þá grípur krabbin í að fara í fýlu og loka sig af tilfinningalega. Því þurfa báðir að tileinka sér hreinskilni í samskiptum. Nautið getur hjálpað krabbanum að tjá sig og koma böndum á tilfinningarússibanann innra með sér. ■



Edda Sif
Fædd 20. júlí 1988
Krabbi
■ hugmyndarik
■ þrautseig
■ traust
■ tilfinningarik
■ svartstýrn
■ óörugg

Vilhjálmur
Fæddur: 4. maí 1991
Naut
■ þolinmóður
■ áreiðanlegur
■ hagsýnn
■ ábyrgur
■ þrjúskur
■ ekki góður í málamiðlunum

Afmælisbörn vikunnar

- **10. nóvember** Magnús Scheving frumkvöðull, 55 ára
- **11. nóvember** Greta Salóme tónlistarkona, 33 ára
- **12. nóvember** Þorsteinn Davíðsson lögfræðingur, 48 ára
- **13. nóvember** Sverrir Bergmann tónlistarmaður, 39 ára
- **14. nóvember** Magnea Björg Jónsdóttir áhrifavaldur, 25 ára
- **15. nóvember** Hjálmar Árnason stjörnmálamaður, 69 ára
- **16. nóvember** Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir knattspyrnkona, 37 ára

Stjörnuspá vikunnar

Gildir 10. – 16. nóvember



Hrútur - 21. mars–19. apríl

Ef þú ert í stjórnunarstöðu í fyrirtæki þarftu bráðlega að fara að huga að mannabreytingum. Það er aldrei einfalt. Þú þarft að vinsa úr illgresið og ráða nýja í staðinn. Þú þarft að standa á þínu og við þínar ákvarðanir. Það reynist þér erfiðara að ráða nýtt fólk og þá tekur valkvíðinn öll völd. Þá verður gott fyrir þig að fá aðstoð. Betur sjá augu en auga.



Vog - 23. sept.–22. október

Þú ert skýr í hugsun þessa dagana og sérd heiminn í öðru ljósi. Þú sérd hvað skiptir þig máli. Ef þig langar í eitthvað meira frá fólkinu í kringum þig, hvort sem það er yfirmaður, vinnufélagi, vinur eða elskhugi, þá skaltu opna þig um það. Þú stendur á tímamótum og framundan eru bjartari tímar.



Naut - 20. apríl–20. maí

Langvinn deila á milli þín og vinnufélaga eða kunningja fær loks farsælan endi vegna þess að báðir aðilar staldra við og hlusta. Það er stundum þinn Akkílesarhæll – þú nærð ekki alveg að hlusta og miðla málum. Þetta mál verður því mikilvægur lærdómur fyrir þig og kennir þér að það er engin skömm af því að grafa stríðsöxina.



Sporðdreki -

23. október–21. nóvember

Við höldum oft í minningar í veraldlegum hlutum. Bók sem minnr okkur á ákveðið tímabil, blaðárklippur um sérstaka viðburði og svo framvegis. Þú bindur minningar þínar of oft í þessa hluti án þess að treysta á minnið sjálft. Nú er kominn sá tími að þú þarft að fara yfir allt sem þú hefur sankað að þér og losa þig við það sem er best geymt í huganum.



Tvíburi - 21. maí–21. júní

Þú þarft að temja þér það að hugsa áður en þú talar eða grípur til aðgerða. Þú hefur margoft skotið þig í fótinn og oft er nefnilega erfitt að biðjast afsökunar þegar skaðinn er skeður. Þú þarft að læra að hafa betri stjórn á skapi þínu og best væri ef þú leitaðir þér sálfræðihjálpar til að læra að takast á við skapsveiflurnar.



Bogmaður -

22. nóvember–21. desember

Það hafa allir ofboðslega mikið að gera alltaf hreint. Hins vegar ef þú finnr fyrir því að sérstök manneskja í þínu lífi hafi aldrei tíma fyrir þig, en þú alltaf boðin/n og búin/n fyrir hana, þá skaltu ihuga að draga úr vinskápnem og jafnvel slíta honum. Þú þarft að fara í aðra átt – átt sem lætur þér líða vel með þig sjálfa/n.



Krabbi - 22. júní–22. júlí

Þú ætlar svo sannarlega að endurstilla ástálfífið þitt. Lofaðir krabbar gera nánast allt til að krydda lífið í svefnherberginu og það ber ríkulegan ávöxt. Þú fyllist sjálfstrausti og það smitar út í allt þitt líf. Einhleypir krabbar eru á höttunum eftir skyndikynnum og eru meðvitadír um að þeir þurfi að velja rekkjunautana vel.



Steingeit -

22. desember–19. janúar

Er verið að borga þér nóg fyrir vinnuna? Þessari spurningu þarftu að fá svar við og til að fá það þarftu að meta þig sjálfa/n og þitt vinnuframlag. Fyrir utan leiðindaspurningar eins og þær sem tengjast launum er mikið stuð og mikil gleði framundan. Þú nýtur lífsins og um leið og peningamálin komast á hreint eru þér allir vegir færir.



Ljón - 23. júlí–22. ágúst

Þú færð fréttir sem koma þér úr jafnvægi. Þessar fréttir eru alls ekki slæmar en þú tekur þeim á annan veg en flestir. Þú fyllist vanmætti og efast um eiginleika þinn til að tengjast fólki – eiginleika sem þú hefur alltaf verið mjög stolt/ur af. Getur verið að þú hafir misst sjónar á því sem er raunverulega mikilvægt í lífinu?



Vatnsberi -

20. janúar–18. febrúar

Vatnsberi þrífst illa þegar lífið snýst bara um vinnu, vinnu, vinnu og ekkert gaman. Þess vegna þarftu að finna tíma til að lyfta þér upp, þótt það sé ekki nema með því að fara í sund í hálf tíma á hverjum degi eða taka þér tíma til að fara í hádegismat með góðum vini. Það á eftir að gefa þér mikið.



Meyja - 23. ágúst–22. sept.

Nú er tími fyrir þig að endurskoða venjur þínar. Þú ert meðvitadír/áður um að sumar þessara venja gera þér ekkert gott og að þú þurfir að breyta þeim áður en stressið nær yfirhöndinni. Byrjaðu á því að breyta litlu hlutumum. Sparaðu smá pening í hverri viku, borðuðu tvo ávexti á dag. Búðu til markmiðalista og farðu eftir honum.



Fiskur - 19. febrúar–20. mars

Þú færð símtal í vikunni sem kemur þér í opna skjöldu. Gamall kunningi hringir í þig og þarf eitthvað frá þér. Þessi kunningi er mikil orkusuga og þú þarft að passa þitt og þína mjög vel svo þú endir ekki á að segja já við einhverri bólvadri vitleysu. Hafðu augu í hnakkanum og ekki láta tala þig út í eitthvert bull.

HAGBLIKK

Álpakrennur og niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt,
silvurgrátt og dökkrautt




Þakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegur 4C • 202 Kópavogur • Sími 587 2202 • hagblikk@hagblikk.is • hagblikk.is

Helgarkrossgátan



						ljá	líkamshluti	snakk	til
					7				
					hretinu				
					flennan				
							2 eins viðmið		
					bras				sleikir
						náð	6	klædda	
					urða				
					vænar				
							klína spilið		
Teikning: CM eftirprentun bómmúð	krossgátugerð: Bjarni sími: 845.2510	fugl	matast	brask	smáar				
								áttund	dá
						rösk	siðar múlarnir		
vermir									
innan		töfrar	3	krók elska				spilið	
rakann							skelin	borðhald	
		áhald	4	næstum 2 eins					púkana
kosin						brambolt subbu		snös strita	
súrefni					betlar farfi	5			
		svellið		kusk			nuddaða		
							kvendýr	fuglinn	afsvor
strý	1			hljómföllin slabb					
	börkur	8	kvað mataðist		klukka kona			51	pen
beta							lengd elska		
hníf					nef				möndull
utan		búsáhald						veisla	
kroppi					passa			2	

1	2	3	4	5	6	7	8
---	---	---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld

9		2	4					6
				9	6		4	
4		6			5		9	1
	9	4	8		1		7	
	8			2		1		9
6			7			8		
	6		9	4	8		3	5
	2	9					6	
8				6			1	

Erfið

		4		3	2			
	5		7			1	9	
			1		5			4
2								
	7	6					3	
		1	5			9		
	8					2		
9		3	6					
			4					8

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



FORLAGIÐ

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Edda Bergros Pálsdóttir

Köttlufell 5

111 Reykjavík

Lausnarorðið var **BOLABÁS**

Edda hlýtur að launum bókinna Meðleigjandinn



Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókin **Gamlinginn** sem hugsaði með sér að hann væri farinn að hugsa of mikið

Gamlinginn sem hugsaði með sér að hann væri farinn að hugsa of mikið er sjálfstætt framhald af hinni geysivinsælu bók Gamlinginn sem skreiddi út um gluggann og hvarf.

Allan Karlsson dvelur á Balí með Julíusi vini sínum sem býður honum í skemmtiferð í loftbelg á hundráð og eins árs afmælisdaginn. Sú ferð á bara að taka dagsstund en fyrr en varir er gamli maðurinn orðinn heimsþekktur kjarnorkuvopnasérfræðingur í þjónustu Kims Jong-un, leiðtoga Norður-Kóreu.

Og það er bara byrjunin, áður en yfir lýkur hefur hann haldið fundi bæði með Donald Trump og Angelu Merkel og austur í Rússlandi fylgist Vladimir Pútín agndofa með afrekum hans!

Höfundar: Jonas Jonasson, Nanna B. Þórsdóttir þýddi



Vnr. 42 06 9p
Diklofenak Apofri 11,6 mg/g

Diklofenakdíetylamín

Vid smárta í múskli og leður, vid íx-sportskáðir

60 g gel

Diklofenak Apofri 11,6 mg/g

Diklofenakdíetylamín

Vid smárta í múskli og leður, vid íx-sportskáðir

För användning på huden


1 gram gel innehåller 11,6 mg diklofenakdíetylamín, propylenglykol, isopropylalkohol, diklofenakdíetylamín, flytandi paraffín, metylparabensyre, karbómex, kokoylkaprýla, kviksilur, saflym og vaxtín.

Er meðal stórn eyni- og óhættuátt fyrir börn.

BÓLGUEYÐANDI OG DREGUR ÚR VERK

DIKLOFENAK APOFRI HLAUP

DIKLOFENAK APOFRI hlaup inniheldur *diclofenac tvíetylamín*, 11,6 mg/g, og er lyfið notað til meðferðar á staðbundnum verk í tengslum við meiðsli í vöðva eða lið. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.





ÖRYGGISHNAPPUR SECURITAS

ÖRYGGI ÖLLUM STUNDUM

Með öryggishnapp Securitas um úlnið eða háls eykur þú öryggi þitt ef eitthvað kemur upp á. Þú býrð við meira öryggi á heimilinu og aðstandendum líður betur að vita af þér í öruggum höndum.

Þú ýtir á hnappinn, boðin berast samstundis til stjórnstöðvar Securitas þar sem þú færð samband við sérþjálfað starfsfólk. Öryggisverðir Securitas með EMR þjálfun eru alltaf á vakt og bregðast hratt og örugglega við.

Hafðu samband við öryggisráðgjafa Securitas í síma 580 7000 og kynntu þér kosti öryggishnappsins og hvaða annan öryggisbúnað hægt er að hafa með honum.



 **SECURITAS**

Sími 580 7000 | www.securitas.is

Beraði bossann á 45 fjalls-tindum

Jón Eypór keppir í Allir geta dansað í annað sinn – Bossamyndirna

Íris Hauksdóttir
iris@dv.is



Jón Eypór Gottskálksson skaut hratt upp á stjörnuhimininn með þátttöku sinni í sjónvarpsþáttunum Allir geta dansað á síðasta ári. Nú stígur hann aftur á svið og segir þetta skemmtilegasta verkefni sem hann hefur tekið þátt í. Af nægu er að taka þegar dansferill Jóns Eypórs er rifjaður upp en hann byrjaði í samkvæmisdönsum tíu ára.

„Ég hef verið viðloðandi dansheiminn núna í tuttugu ár og náð góðum árangri sem keppnisdansari á mínum ferli en ég er margfaldur Íslands- og bikarmeistari í samkvæmisdönsum. Ég hef jafnframt keppt fyrir Íslands hönd bæði á heims- og Evrópumeistaramótum. Eftir að dansferlinum lauk flutti ég til Connecticut í Bandaríkjunum til að kenna dans í stúdíói í eitt og hálf ár. Ég var dansarinn hans Páls Óskars í fjórtán ár, svo það eru nánast allar líkur á því að þú hafir séð mig í glimmerpallfettugalla uppi á sviði eða á Gay pride-vagninum með honum. Ég

hef unnið með gríðarlegum fjölda af tónlistarfólki á Íslandi í áráraðir og var því mjög spenntur að taka þátt í fyrstu seríunni af Allir geta dansað. Það var eitt skemmtilegasta verkefni sem ég hef tekið þátt í,“ segir Jón, sem hikaði ekki þegar hann fékk símtalið um þátttöku í nýrri seríu af dansþáttunum.

„Þegar ég fékk símtalið um að það yrði önnur sería og ég í beinu framhaldi spurður hvort ég vildi taka þátt var ég strax mjög spenntur og auðvitað klár í slaginn. Í kjölfarið vorum við dansararnir boðaðir á fund og þar tilkynnt með hverjum við yrðum í þættinum. Þetta var í byrjun ágúst og þegar mér var tilkynnt að Manuela yrði dansdaman mín var ég vitanlega mjög spenntur. Hún er kraftmikil og áberandi kona, sem ég vissi að gæti í það minnsta gengið á hælum, því ekki vann hún Ungfrú Ísland í sandöllum.“

Hún verður hvorki mér né sjálfri sér til skammar

Sjálfur þekkti Jón Eypór Manuelu ekki áður en æfingar hófust og vissi að eigin sögn lítið um

hana annað en það að hún hefði verið fegurðardrottning einhvern tímann og væri í dag samfélagsmiðlastjarna.

„Mamma er búin að þekkja hana síðan hún var krýnd Ungfrú Ísland árið 2002. Mæður okkar þekkjast síðan í barnaskóla en á þessum tíma átti mamma fata- og skartgripabúðina Flex á Laugaveginum og Manuela fékk bæði kjól og skart frá henni til að taka með sér í Miss Universe-keppnina hérna um árið.“

Spurður hvernig æfingar gangi segist Jón Eypór hafa mikla trú á að samstarfið verði farsælt.

„Við náðum strax mjög vel saman. Í upphafi ferlisins var hún á fullu að undirbúa Miss Universe Iceland-keppnina svo edlilega fór mikill tími í það. Í beinu framhaldi hélt hún til Bandaríkjanna og var þar í tæpan mánuð að sinna keppninni. Ég byrjaði svo kennsluna nú nýverið þar sem ég fór yfir grunnatriðin í öllum dönsum til að undirbúa hana sem best fyrir þáttinn. Ef ég á að vera alveg hreinskilinn kom mér afskaplega á óvart hvað hún er

tilbúin að leggja mikið á sig og hefur mikinn metnað fyrir þessu verkefni. Hún er að leggja sig alla fram í þetta. Ég hef mikla trú á henni og miðað við þetta litla sem við erum búin að gera, þá eiginlega leyfi ég mér að fullvissa þjóðina um það að hún verður hvorki mér né sjálfri sér til skammar.“




Beraði bossann í einhverju gríni

Fyrir í sumar ákvað Jón Eypór að koma sér í besta form lífs síns. Fyrsta áskorunin var fjallganga.

„Mig langaði að koma mér í form úti í náttúrunni. Ég hafði ekki stundað neina útvist að ráði en aðeins verið að „dangla“ mér í ræktinni. Þetta var svo gaman og frískandi að ég ákvað að setja mér markmið. Ég ræðst auðvitað ekki á garðinn þar sem hann er lægstur og úr því varð til átakið „45 botnar á toppa á 90 dögum“. Ég beraði á mér bossann í einhverju djóki því að ég hafði gert það með frænda fyrir á árinu á toppi austurrísku Alpanna þegar við vorum staddir þar í skíðaferð. Eftir það varð ekki aftur snúið. Það var helvíti strembið að fara í

fjallgöngu annan hvern dag í þrjá mánuði en fyrst ég asnaðist til að pósta þessu þá gat ég ekki hætt í miðju átaki. Það kom tími í miðju áttunni þar sem mig langaði að gefast upp, en ég var mjög feginn að klára þetta. Það var heilmikill fjöldi fólks sem var mjög hrifið af þessu og það var sífellt verið að spyrja mig þegar ég rakst á vini og kunningja hvenær næsta bossamynd kæmi. Ég tók svo reyndar eftir því að það fækkaði eitthvað fylgjendum í kjölfarið. En mér var nú eiginlega alveg sama um það því ég var að gera þetta fyrir sjálfan mig, ekki fylgjendur.

Yfirmaður samfélagsmiðla, nýja dansdaman mín hún Manuela, var sko ekki þar sátt við þetta hjá mér svo ég hætti að pósta þessu annan hvern dag til að halda drottningunni góðri,“ segir Jón Eypór og viðurkennir að hálfgerð sprenging hafi orðið á samfélagsmiðli hans eftir að í ljós kom við hvern hann dansaði. „Já, þegar Manuela tilkynnti að hún væri að taka þátt í þáttunum og að ég væri danspartnerinn hennar þá kom smá sprengja í fjölgun



Komin í gírinn Manuela og Jón í dansgöllum. Mynd: Úr einkasafni

ar slógu í gegn

fylgjenda, því hún er með fleiri þúsundir fylgjenda.“

Ástríðufullur tangó

Þegar talið berst að eftirlætis-

dansi vefst svarið aðeins fyrir Jóni Eypóri.

„Ég keppti sjálfur í tíu dönsum á mínum ferli, sem eru fimm latín-dansar og fimm ballroom-dansar. Það er erfitt fyrir mig að gera upp á milli þeirra, en ef ég þyrfti að velja einhvern dans sem er skemmtilegastur þá finnst mér

mjög gaman að dansa tangó. Tangó er svo kraftmikill dans og þegar ég dansa hann brjótast út miklar tilfinningar. Nú fyrst er undirbúningurinn kominn á fullt en í byrjun nóvember fáum við að vita hvaða dans er fyrstur hjá okkur. Vonandi verður fyrsti dansinn okkar einhver kraftmik-

ill dans sem leggur línurnar fyrir komandi þætti. Ég lofaði Manuelu strax í upphafi að hún væri í góðum höndum og ég myndi ekki gera neitt sem léti hana líta illa út. Eftir að hafa áunnið mér traust hennar hefur allt gengið eins og í sögu en það er nú samt þannig

með svona verkefni að maður kemst ekki upp með neitt hálfkák. Þá er eins gott að ná vel saman og hafa gaman af þessu. Það skilar sér svo út í dansinn. Við munum vonandi vinna saman fram að seinasta þætti ef þjóðin leyfir.“ ■

TAKTU KRÓK Á LEIÐARENDA

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun thónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bíla eða flytja þar þá á verkstæði

Krokur.net / Suðurhraun 3 / 210 Garðarbær



HRINGDU Í SÍMA 522 4600

KRÓKUR Á ÞINNI LEIÐ

YFIRHEYRSLAN

Mín mesta áhætta er örugglega að taka íbúðalán

Hlynur Þorsteinsson útskrifaðist nýverið sem leikari frá Listaháskóla Íslands en hann fagnaði á dögum eins árs afmæli frumburðar síns og segir því síðasta ár hafa verið bæði magnað og spennandi. Hlynur hlustar mikið á Dr. Football og viðurkennir að hann sé í grunninn fótboltaþulla þrátt fyrir langa afneitun.

Hvar líður þér best?

Þegar ég er að keyra. Ég næ alltaf góðum fókusi og að hreinsa hugann. Geri mikið af minni vinnu á rúntinum. Er oft að æfa texta á ferðinni. Svoltíó pinlegt á löngu rauðu ljósi þegar ég gleymi mér aðeins.

Hvað óttastu mest?

Eftir að ég eignaðist strákinn minn áttaði ég mig á því hversu stutt er á milli lífs og dauða. Hef aldrei hugsað jafn mikið út í andardráttinn og mikilvægi hans eftir að ég varð pabbi.

Hvert er þitt mesta afrek?

Ég hef í raun og veru ekki afrekað eitthvað eitt sem er ótrúlega merkilegt. Ég lít frekar svo á að ég hafi átt mjög marga litla sigra í gegnum ævina sem saman mynda eitt risaafrek.

Furðulegasta starf sem þú hefur tekið að þér?

Það var að leika draug á Árbæjarsafni. Mjög einmanalegt starf sem gekk út á það að hræða börn. Skrýtið að manni sé að ganga vel þegar börnin eru byrjuð að gráta.

Hver væri titillinn á ævisögu þinni?

Komið, sjáið, upplifið og farið. Líf eins manns án kaflaskila.

Hvernig væri bjórinn Hlynur?

Hann væri alveg ótrúlega góður.

Besta ráð sem þú hefur fengið?

Að nota neföndun þegar ég er að lesa upphátt texta sem ég hef aldrei lesið áður.

Hvert er leiðinlegasta húsverkið?

Ég þoli ekki að vaska upp og er sparireikningurinn núna notaður með það að markmiði að safna fyrir uppþvottavél.

Besta bíómynd allra tíma?

Ég held mikið upp á Steve Martin og ég get ekki valið á milli Lonely Guy eða The Jerk.

Hvaða hæfileika myndir þú vilja búa yfir?

Ég væri til í að vera rosalega góður í stærðfræði. Það tengist aðallega áhugasviði mínu en stærðfræði er eitthvað sem ég vildi alltaf vera miklu betri í þegar ég var yngri.

Hver er mesta áhætta sem þú hefur tekið?

Mín mesta áhætta er örugglega að taka íbúðalán hjá Landsbankanum. Maður veit aldrei hvað framtíðin ber í skauti sér þegar maður er með eitt svoleiðis á bakinu.

Hvaða frasi eða orð fer mest í taugarnar á þér?

Það fer rosalega í taugarnar á mér þegar fólk er að reyna að útskýra eitthvað og það notar „skilurðu“ á eftir útskýringunni. Endar oftast á því að það segir „skilurðu“ eftir hverja einustu setningu og ég hætti að hlusta og hætti því að skilja.

Hvað geturðu sjaldnast staðist eða ert góður í að réttlæta að veita þér?

Það hlýtur að vera brúnkakan hennar ömmu. Hún notar svo mikið smjör í kremið að það er alveg fáránlegt.

Hvað er á döfinni hjá þér?

Ég er sem stendur í Íslensku óperunni, Brúðkaupi Figarós, en annars er ég í tókum á Netflix-mynd sem kemur vonandi út á næsta ári.

Íris Hauksdóttir
iris@dv.is



Hlynur Þorsteinsson

26 ára **hress** maður

vill **kynnast góðri konu,**

30-55 ára, sem er til

í gott spjall og jafnvel

eitthvað meira.

Skyndikynni koma

ekki til greina.

nánar

á einkamál.is



Sagði nei við Mömmu klikk!

Leikritið Mamma klikk! hefur vakið mikla lukku í Gaflaraleikhúsinu og uppskorið lof gagnrýnenda. Leikritið er byggt á samnefndri bók eftir Gunnar Helgason, en hann ljóstrar því upp á Facebook að upphaflega hafi átt að sýna leikritið í Þjóðleikhúsinu að beiðni Ara Matthíassonar. Gunnar skrifaði leikgerðina sem var ekki nógu góð og því var hætt við allt saman. Þá tók Björk Jakobsdóttir, leikkona og eiginkona Gunnars, málin í sínar hendur, sótti um styrk, skrifaði leikgerðina og leikstýrði loks verkinu. Nú er það komið á fjalir Gaflaranna og Þjóðleikhúsið varð af góðum bita.



Barnið kom í draumi

Áhrifavaldurinn Jóhanna Helga Jensdóttir, sem er með rúmlega tólf þúsund fylgjendur á Instagram, á von á sínu fyrsta barni með sínum heittelskaða, Geir Ulrich Skaftasyni. Jóhanna er sett þann 22. mars og er von á stúlkubarni. Jóhanna er nú þegar farin að safna í möppu á Instagram þar sem allt tengt óléttunni fer, til að mynda hvernig hún uppgötvaði að hún væri ólétt. Henni var búið að vera flökurt á morgnana en datt ekki í hug að hún bæri barn undir belt. Einn daginn dró stjúpmamma hennar hana í apótek að kaupa óléttupróf „af því hana dreymdi nýfætt barn nóttina áður, ég var alveg viss um að hún væri bara að rugla en svo hafði hún bara rétt fyrir sér“.



Lærir af matarref sem metinn er á milljarða

Veitingamaðurinn Sigmar Vilhjálmsson undirbýr nú opnun veitingastaðarins Barion Bar í Mosfellsbæ, en hann dvelur um þessar mundir í Singapúr eins og hann hefur sýnt fylgjendum sínum á samfélagsmiðlum.

Meðal þess sem Sigmar hefur gert sér til dundurs hinum megin á hnettinum er að borða góðan mat og sitja fyrirlestra á ráðstefnunni Global Restaurant Leadership þar sem allt það nýjasta í veitingabransanum er rætt. Sótti Sigmar til að mynda fyrirlestur hjá engum öðrum en Kanadamanninum Jack Corwin. Þótt hann sé nafn sem fáir á Íslandi þekkja þá er hann risastórt nafn í matarheiminum.

Jack á sérleyfi fyrir skyndibitakeðjuna Burger King í

Ástralíu, sem heitir Hungry Jack's þar í landi, en staðirnir eru orðnir yfir fjögur hundruð. Jack skapaði sér nafn þegar hann flutti frá Kanada til Ástralíu árið 1969 og keypti sérleyfið til að opna tíu KFC-staði í Vestur-Ástralíu. Græddi hann á tá og fingri og er í dag metinn á tæplega tvo milljarða dollara.

Ljóst er að Jack hefur mikla þekkingu á að festa sérleyfi að veitingastöðum, sem og aðrir sem halda tölu á ráðstefnunni í Singapúr. Því liggur beinast við að velja fyrir sér hvort Sigmar hafi í hyggju að færa Íslendingum einhverja heimsþekkt veitingastaðakeðjur í nánustu framtíð?



Kjarvalsstóllinn

HÖNNUN: SVEINN KJARVAL
Hannaður 1962

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / www.epal.is

